Kom í veg fyrir bruna og stórtjón

Ófeigur gullsmiður vaknaði fyrir tilviljun og sá að kveikt hafði verið í við hús hans á Skólavörðustíg

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. júlí 2008 — 195. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR

VEÐRIÐ Í DAG

BJARTVIÐRI Í dag verða norðvestan 3-10 m/s hvassast með ströndum. Léttir til eystra smám saman annars yfirleitt bjartviðri á landinu. Hiti 10-20 stig, hlýjast til landsins syðra.

VEÐUR 4

Ráðuneyti tefur rannsóknir

Einungis hefur tekist að finna gufu fyrir um 75 megavött af þeim 400 sem þarf fyrir væntanlegt álver á Bakka. Iðnaðarráðuneytið eykur á óvissu með seinagangi. Alcoa vill nú stærra álver en áður var áformað.

STÓRIÐJA Áhættan við undirbúningsvinnu vegna fyrirhugaðs álvers á Bakka hefur aukist vegna seinagangs hins opinbera að svara Landsvirkjun um hvort borun á rannsóknarholu í Gjástykki væri matsskyld. Þetta segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar.

Landsvirkjun sendi erindið í mars en iðnaðarráðuneytið sendi umsögn sína til Skipulagsstofnunar 8. þessa mánaðar. Stofnunin upplýsti í fyrradag að borunin yrði að fara í umhverfismat. Í lögum er gert ráð fyrir að erindum sem þessu sé svarað innan mánaðar. Vitað var að rannsóknirnar yrðu að fara fram í júlí eða ágúst svo að þær yllu sem minnstu náttúruraski. Nú er ljóst að þær verða ekki gerðar í ár.

Í lok næsta árs þarf Landsvirkjun að segja Alcoa til um hvort nægjanleg orka sé fáanleg fyrir álver með 250 þúsund tonna framleiðslugetu. „Hættan núna er sú að Kröflusvæðið gefi ekki eins mikið og við vorum að vona og að við verðum ekki búnir að rannsaka Gjástykki nægilega til að geta sagt hvað það svæði gefur," segir Friðrik. „Og þá gætum við setið uppi með það í lok næsta árs að geta ekki svarað þessu með nægjanlegri vissu. Þannig að það að geta ekki byrjað að rannsaka Gjástykki eykur á óvissuna og áhættuna í verkefninu."

Friðrik telur þó ekki að verið sé að bregða fæti fyrir þá sem að verkefninu standa. „En svona almennt séð vil ég þó segja það að ef við Íslendingar ætlum áfram að vera fremstir í því að vinna jarðvarma og hjálpa öðrum þjóðum í þeim efnum þá verðum við á heimamarkaðnum að geta unnið þannig að við séum skrefinu framar en aðrir. Það er æskilegt að alls staðar sé fullur skilningur á þessu."

Landsvirkjun hefur lagt tæpa fjóra milljarða króna í rannsóknirnar. Tekist hefur að finna gufu fyrir um 75 megavött (MW) á svæðunum fjórum þar sem vinna á orkuna. Gert er ráð fyrir að gangsetja síðari áfanga álversins árið 2015 en þá á það að framleiða 250 þúsund tonn en til þess þarf 400 MW.

Í gær gaf Alcoa út yfirlýsingu þess efnis að til stæði að framleiðslugeta álversins að Bakka yrði allt að 346 þúsund tonn, eða 94 þúsund tonnum meira en gert er ráð fyrir í samkomulaginu við Landsvirkjun. Kristján Þ. Halldórsson, starfsmaður Alcoa, segir of snemmt að segja hvaðan sú orka myndi koma en Alcoa hefði aldrei lagt til að virkjað yrði í Skjálfandafljóti eða Jökulsám austari og vestari í Skagafirði.

- jse

FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

VINKONUR Dorrit Moussaieff og Martha Stewart brostu breitt eftir málsverð á Fjöruborðinu á Stokkseyri í gærkvöldi.

Lífsstílsfrömuður á Íslandi:

Martha Stewart snæddi með forsetahjónunum

FÓLK Bandarískri lífsstílsfrömuðurinn, Martha Stewart, er stödd hér á landi.

Hún snæddi humar með forsetahjónunum, Ólafi Ragnari Grímssyni og Dorrit Moussaieff, á veitingastaðnum Fjöruborðinu á Stokkseyri í gærkvöldi, ásamt fleira fólki. Martha og Dorrit eru gamlar vinkonur.

Martha hefur grætt milljarða á sjónvarpsþáttum, tímaritum og bókum sem gefa góð ráð um allt milli himins og jarðar er lýtur að húsum og hýbýlum, allt frá brauðbakstri til bútasaums.

Martha er hér í ferð á vegum Ævintýraferða, sem skipuleggja óvissuferðir fyrir þá ríku og frægu. Fréttablaðið hefur ekki upplýsingar um hve lengi hún hyggst dvelja á Íslandi.

Árið 2004 var Martha Stewart dæmd í fimm mánaða fangelsi fyrir ólögmæt viðskipti með hlutabréf. Þá þurfti hún að greiða háar fjárhæðir í sektir.

- kóp

Fólk um allan heim fylgist grannt með úrslitum í íslenskum knattspyrnuleikjum:

Veðjað á íslensku 1. deildina

ÍÞRÓTTIR Tugir manna hafa að hlutastarfi að lýsa íslenskum knattspyrnuleikjum beint í gegnum síma fyrir erlend veðmálafyrirtæki. Lýsingarnar eru settar á netsíður veðmálafyrirtækjanna og í gegnum þær veðjar fólk um allan heim á ýmislegt er varðar leikina. Má nefna hvort liðanna skorar næsta mark, hve mörg mörk verða skoruð og um lokaúrslit.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins lýsa útsendararnir reglulega frá leikjum í Landsbankadeildinni, 1. deildinni og Visa-bikar karla.

Fjölmörg erlend veðmálafyrirtæki bjóða viðskiptavinum sínum að veðja um íslenska knattspyrnu. Veita þau jafnframt allgóðar upplýsingar um kosti og galla íslensku liðanna.

Upplýsingum um gang leikja er hlaðið inn í tölvuforrit sem býr til líkindastuðla líkt og þekkist hérlendis á Lengjunni, sem Íslensk getspá hefur starfrækt síðan 1995.

Heimildir Fréttablaðsins herma að þeim sem taka að sér að lýsa íslenskum fótboltaleikjum í gegnum síma sé greitt allt að 10.000 krónum fyrir hvern leik.

Leiða má að því líkur að talsverður fjöldi fólks veðji á íslenska fótboltann, fyrst slík starfsemi stendur undir sér.

- kg

SPURNING DAGSINS

Herbert, er Charlie búinn að hringja?

„Ekki enn þá, en ég bíð spenntur. He can´t walk away!"

Charlie Watts, trommari Rolling Stones, trommaði óafvitandi í stórsmelli Herberts Guðmundssonar, Can´t walk away, frá árinu 1985.

BJÖRK Fréttastofa kínverska ríkisins telur hana komna á svartan lista. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kínastjórn bregst við Björk:

Ver fullveldi sitt gegn listafólki

KÍNA, AP Kínversk stjórnvöld hafa ákveðið að hleypa ekki inn í landið erlendum skemmtikröftum, sem áður hafa haft í frammi athæfi sem ógnað gæti fullveldi kínverska ríkisins.

Kínverska fréttastofan Xinhua skýrði frá þessu í gær, en tilkynning um þetta birtist á vefsíðu kínverska menningarmálaráðuneytisins á fimmtudag.

Ekkert er upplýst um nöfn skemmtikrafta, sem hugsanlega gætu þegar verið komnir á svartan lista. Þó segir kínverska fréttastofan ljóst að íslenska söngkonan Björk Guðmundsdóttir verði ein þeirra, sem ekki fá að koma til landsins. Hún hafi fyrirgert rétti sínum til þess með því að hrópa „Tíbet!" í lok flutnings síns á laginu Declare Independence þegar hún hélt tónleika í Kína í mars síðastliðnum. - gb

LÖGREGLUMÁL

Maður féll af hestbaki

Hestamaður féll af baki við Eldborg á Mýrum um kvöldmatarleytið í gær. Lögregla og sjúkralið sóttu manninn, en hann reyndist fótbrotinn. Hlúð var að honum á Heilsugæslustöðinni í Borgarnesi.

Reyndi að brjótast inn í FB

Maður reyndi að brjótast inn í Fjölbrautaskólann í Breiðholti aðfaranótt föstudags. Við innbrotið fór öryggiskerfi í gang og maðurinn lagði á flótta. Öryggisverðir hlupu hann uppi og lögregla handtók hann í framhaldinu.

Nelson Mandela hélt upp á níræðisafmælið í heimaþorpi sínu:

Hvetur auðmenn til dáða

SUÐUR-AFRÍKA, AP Á afmælisdegi sínum í gær hvatti Nelson Mandela ríkt fólk í Suður-Afríku til þess að deila auði sínum með fátækum.

Víða í landinu var efnt til hátíðarhalda af smærra og stærra taginu í tilefni af níræðisafmæli mannsins, sem haft hefur meiri áhrif á þjóðlíf þar en nokkur annar síðustu áratugina.

Mandela sjálfur fagnaði þó þessum tímamótum sínum í faðmi fjölskyldu sinnar í litla þorpinu Kúnú, þar sem hann ólst upp við minnihlutastjórn hvítra manna, sem sýndu svörtum íbúum landsins litla virðingu.

MANDELA NÍRÆÐUR Fyrrverandi forseti Suður-Afríku fagnaði afmæli sínu í faðmi barnabarna og annarra ættingja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mandela sat nærri þrjá áratugi í fangelsi fyrir baráttu sína gegn aðskilnaðarstefnu hvíta minnihlutans, en varð síðar forseti landsins og sannkölluð þjóðhetja.

Hann segist vissulega hafa kosið að geta varið meiri tíma hjá fjölskyldunni, en sér þó ekki eftir neinu.

Efst í huga hans voru skilaboð til auðmanna landsins: „Það eru svo margir í Suður-Afríku sem eru ríkir og geta deilt auði sínum með hinum sem ekki hafa orðið svo gæfusamir að sigrast á fátæktinni," sagði hann. „Ef maður er fátækur, er ekki líklegt að maður lifi lengi." - gb

Fundur Björns og Ólafs:

Samstarf um hverfagæslu

LÖGREGLUMÁL Borgarstjóri og dómsmálaráðherra hafa sammælst um að hugað verði að skipulagðri hverfagæslu í Reykjavík.

Ólafur F. Magnússon og Björn Bjarnason ræddust við um löggæslumál í borginni á sérstökum fundi í gær. Óskaði Ólafur eftir að fundurinn færi fram.

Í tilkynningu frá þeim segir að sameiginleg niðurstaða þeirra sé að öflug löggæsla sé mikilvæg.

Í tilkynningu segir jafnframt að ráðherrann fagni því framtaki Reykjavíkurborgar að ráða menn sérstaklega til að auka öryggisgæslu í miðborginni. - kg

Drengur brann illa eftir leik í risahvönn

Tíu ára drengur brann illa eftir að hafa leikið sér í risahvönn í sólskini. Hann liggur nú þjáður á Barnaspítalanum. Móðir hans vill vara fólk við hættunni.

SLYS „Það er full ástæða til að vara fólk við þessu," segir Margrét Baldursdóttir, hjúkrunarfræðingur á Barnaspítala Hringsins, en undanfarna daga hefur hún verið ein þeirra sem annast tíu ára dreng sem þakinn er annars stigs brunasárum eftir að hafa leikið sér í risahvönn.

Sunna Finnbogadóttir, móðir drengsins, segir hann hafa farið í sumarbústað ásamt ömmu sinni og afa á þriðjudaginn í síðustu viku. Á fimmtudegi hafi hann virst ögn sólbrunninn en ekki svo að af því hefði þurft að hafa áhyggjur. Á föstudegi byrjaði líðan hans hins vegar að versna mjög mikið og hljóp húð hans öll upp í blöðrum og bjúg. „Ástandið hélt svo áfram að versna fram á sunnudag en á mánudag tókst þeim að tengja áhrifin við risahvönnina," segir Sunna en fyrst var talið að um einhvers konar ofnæmi væri að ræða.

Drengurinn hafði verið að leik í risahvönn í blíðviðri og fengið plöntusafa yfir sig allan. Eitrunaráhrif risahvannarinnar eru fáum kunn en árið 1996 birti Magnús Jóhannsson læknir grein um málið á heimasíðu sinni þar sem hann minnti á hættuna sem af henni getur stafað ef safi úr blöðum og stönglum berst á húð. „Við minnstu birtu fær viðkomandi annars stigs bruna með vessandi blöðrum og sárum sem oft eru í rákum eða skellum þar sem plöntusafinn straukst eða draup," segir í greininni. Sonur Sunnu er svo viðkvæmur fyrir sólarbirtu nú að hann fær ekki einu sinni að vera við glugga þar sem hann dvelur í einangrun á Barnaspítalanum en mikil sýkingarhætta steðjar að þeim sem hafa jafn mikil brunasár og hann.

EITURÁHRIF RISAHVANNAR OG SÓLAR Útbrotin koma oftast 5 til 18 klukkustundum eftir sólbað. Húðin er viðkvæm í nokkrar vikur og eina ráðið er að verja viðkomandi húðsvæði fyrir ljósi. Þegar brunasárin hafa gróið skilja þau oftast eftir brúna bletti sem geta verið mörg ár að hverfa. MYND/SUNNA FINNBOGADÓTTIR



ÆTIHVÖNNIN ER HÆTTULAUS Risahvönn er lík íslensku ætihvönninni í útliti nema auðvitað mun stærri eða allt að þriggja metra há. Elín Gunnarsdóttir grasafræðingur segir fólk ekki þurfa að óttast að ætihvönn hafi sömu áhrif og þau sem risahvönnin getur haft.

Sunna segir drenginn hafa verið afar þjáðan og þurft á mjög sterkum verkjalyfjum að halda. Þá hafi svæfingalæknir þurft að vera tilbúinn þegar það átti að baða hann svo bregðast mætti skjótt við ef sársaukinn yrði of mikill. Hann sé þó æðrulaus og telji að komið sé fram við sig eins og konung þar sem hann er bæði mataður og baðaður um þessar mundir.

Margrét minnir þó á að safi fleiri jurta geti haft eitrunaráhrif ásamt sól. Til að mynda hafi kona eitt sinn brunnið illa eftir að hún hafði pakkað selleríi og farið á eftir í ljósatíma. Full ástæða sé til að vara við því að börn leiki sér í risahvönn og minna fólk á að vera með hanska þegar það snyrtir plöntuna.

Ekki þarf þó að óttast þessi eituráhrif úr ætihvönn, sem víða vex villt um landið, að sögn Elínar Gunnarsdóttur grasafræðings.

karen@frettabladid.is

Breyttur viðskiptahópur Vöku

Innflytjendur í meirihluta

VIÐSKIPTI Innflytjendur sækjast í auknum mæli eftir notuðum bílavarahlutum hjá Vöku ehf. en íslenskum viðskiptavinum hefur fækkað.

„Erlendir viðskiptavinir okkar eru mun duglegri en heimamenn að bjarga sér og rífa sjálfir þá varahluti úr bílum sem þeir þurfa," segir Steinar Már Gunnsteinsson, verkefnastjóri Vöku.

Viðmælendur Fréttablaðsins voru sammála um að mikið framboð á notuðum bílum hefði þau áhrif að fólk kysi heldur að fá sér nýjan notaðan bíl en að gera við ógangfæra bíla.

- tg / sjá Allt síðu 2

Svindlarar á ferð:

Beita sjónhverfingum við að svíkja út fé

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Egilsstöðum fékk í gær tilkynningu um að tveir erlendir svindlarar hefðu náð að gabba tugi þúsunda króna út úr starfsfólki Bónuss á staðnum. Lögreglunni á Selfossi var einnig kunnugt um að svindlarar hefðu heimsótt verslun Bónuss í þeirra umdæmi.

Samkvæmt lögreglunni á Egilsstöðum þykir liggja ljóst fyrir að mennirnir noti einhvers konar sjónhverfingar til að villa um fyrir starfsfólki verslananna. Mennirnir taki upp seðlabúnt og segist vilja skipta yfir í tvö þúsund og fimm þúsund króna seðla. Þeir segist síðan vera hættir við skiptin, en nái á einhvern hátt að halda fénu eftir án þess að nokkur verði þess var fyrr en eftir á. Lögregla hyggst fara yfir öryggismyndbönd sem gætu varpað ljósi á málið. Ekki hefur verið lögð fram kæra. - kg

Tryggvi Þór Herbertsson hagfræðingur ráðinn til forsætisráðuneytisins um tíma:

Forsætisráðherra fær ráðgjafa

VIÐSKIPTI Tryggvi Þór Herbertsson, hagfræðingur og forstjóri Aska Capital, hefur verið ráðinn til forsætisráðuneytisins í sex mánuði til að sinna ráðgjöf í efnahagsmálum, einkum á sviði peninga- og fjármálamarkaðar. Hann hefur störf í ráðuneytinu um næstu mánaðamót.

Tryggvi segir stjórn Aska munu taka ákvörðun um hvort ráðinn verði tímabundið annar forstjóri, en á ekkert frekar von á því, enda geri stjórnskipulag fyrirtækisins ráð fyrir því að forstjóri geti verið tímabundið frá vinnu. Áður var Tryggvi forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Tryggvi segir að starfið verði mótað frekar á næstu dögum en honum var boðinn starfinn fyrr í þessari viku. Tryggvi segir hlutverk hans bæði vera að aðstoða við stefnumótun og samræmingu aðgerða auk þess að aðstoða við þau verkefni hagstjórnarinnar sem þegar er unnið að. Í þeim efnum er verðbólgan fyrirferðarmikil. „Í þarnæstu viku hitti ég menn og heyri ofan í þá með hugmyndir og annað slíkt," segir hann, en kveður ekki hafa verið rætt sérstaklega um aðkomu hans að lántökumálum ríkisins. „Seðlabankinn hefur það formlega hlutverk að afla lána fyrir ríkið erlendis og það verður mér vitanlega engin breyting á því." - óká

TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON Tryggvi, sem er forstjóri fjármálafyrirtækisins Aska Capital, fær leyfi til að sinna efnahagsráðgjöf fyrir forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Útsölulok!

50% afsláttur af öllum vörum

BOSS HUGO BOSS

strellson

HUGO HUGO BOSS

CANALI

RALPH LAUREN

bugatti

LLOYD

SAND

eterna

TINO COSMA

gardeur

FINUCCI collezione

MABRUN

PAL ZILERI

herra GARÐURINN -klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND

568 9234 544 2410

B&S KONUR

B&S Kringlunni | 553 4141

HUGO BOSS

HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242

GENGIÐ 18.07.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	79	79,38
Sterlingspund	157,69	158,45
Evra	125,22	125,92
Dönsk króna	16,79	16,888
Norsk króna	15,545	15,637
Sænsk króna	13,218	13,296
Japanskt jen	0,7408	0,7452
SDR	129,1	129,86

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
16,4258

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

BORGARLEIKUR Spilandi stjórnar orkumálum borgar.

The Economist hannar leik:

Stjórnaðu borg

ORKUMÁL Fátt þykir meira til marks um viðsnúning í umræðunni um loftslagsmál en að jafnvel olíufyrirtæki eru farin að auglýsa hve umhverfisvæn þau séu.

Bandarískir olíurisinn Chevron hefur nú opnað vefsíðu um umhverfis- og orkumál, willyoujoinus.com. Á síðunni má spila leik sem hannaður er af The Economist Group, móðurfyrirtæki tímaritsins The Economist. Spilandi stjórnar borg og þarf að mæta orkuþörfum hennar á umhverfisvænan hátt. Leikjakerfið byggist á raunverulegum gögnum og spám The Economist Group um þróun orkumála í heiminum. - gh

Vísindamenn við HR:

Heimsmeistarar í gervigreind

TÆKNI Vísindamenn frá Háskólanum í Reykjavík urðu heimsmeistarar í gervigreind á fimmtudag. Þetta er annað árið í röð sem Háskólinn í Reykjavík vinnur keppnina.

Keppnin sem um ræðir fór fram á stærstu gervigreindarráðstefnu heims og snýst um að búa til hugbúnað sem lærir af reynslu. Það voru þeir doktor Yngvi Björnsson, Hilmar Finnsson og Gylfi Þór Guðmundsson sem hönnuðu sigurbúnaðinn og unnu Háskólann í Kaliforníu í úrslitunum - þeb

Björgólfur og Páll Bragi í minningargrein um Ragnar Kjartansson:

Segja Hafskipsmálið óuppgert

DÓMSMÁL Þeir Björgólfur Guðmundsson og Páll Bragi Kristjónsson segja að Hafskipsmálið sé ekki uppgert af þeirra hálfu. Gaumgæfileg athugun hafi farið fram á málinu sem sé ekki lokið. Þetta segja þeir í minningargrein um Ragnar Kjartansson, fyrrverandi stjórnarformann Hafskips, en hann lést síðastliðinn laugardag.

Fréttablaðið greindi frá því í október síðastliðnum, að fjöldi lög- og sagnfræðinga rannsakaði málið að undirlagi þeirra Björgólfs, Páls og Ragnars. Ekki er endilega stefnt að endurupptöku dómsmálsins, heldur er öll umgjörð málsins til rannsóknar.



RANNSAKA HAFSKIP Þeir Björgólfur Guðmundsson og Páll Bragi Kristjónsson hófu rannsókn á Hafskipsmálinu ásamt Ragnar Kjartanssyni heitnum.

Árið 1985 var Hafskip tekið til gjaldþrotaskipta. Gefnar voru út ákærur á hendur sautján mönnum og voru fjórir þeirra dæmdir til refsingar í Hæstarétti í júní 1991. Þyngsta dóminn hlaut Björgólfur Guðmundsson sem verið hafði forstjóri Hafskips. Hann fékk tólf mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm. Þeir Björgólfur og Páll segja í minningargreininni að Ragnar hafi verið drifkraftur í baráttunni fyrir endurupptöku Hafskipsmálsins. „Hann tók málalyktirnar ákaflega nærri sér og eyddi mörgum árum í málsvörn og röksemdafærslu fyrir hinum raunverulegu staðreyndum sem lítt sáust í því moldviðri sem þyrlað var upp[,]“ segir í minningargreininni, sem birtist í Morgunblaðinu. - kóp

Með 26 barnaklámmyndir:

Skilorð fyrir barnaklám

DÓMSMÁL 45 ára gamall maður var í gær dæmdur fyrir vörslu barnakláms í Héraðsdómi Vestfjarða. Þótti hæfileg refsing 30 daga skilorðsbundið fangelsi.

Alls 26 hreyfimyndir sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt voru í vörslu mannsins. Í dómnum kemur fram að litið hafi verið til þess að sumt af myndefninu hafi verið mjög gróft. Maðurinn játaði brot sín skýlaust fyrir dómi.

Auk 30 daga skilorðsbundins fangelsis var maðurinn dæmdur til að greiða allan sakarkostnað. Þá var hald lagt á myndefnið og tölvubúnað. - þeb

Breyta þarf varnarmálalögum

Varaformaður fjárlaganefndar telur að breyta þurfi nýlegum varnarmálalögum. Ákvæði um NATO-mannvirki stangist á við fjárreiðulög. Hann segir umsýslu mannvirkjanna vera með miklum ólíkindum.

STJÓNRSÝSLA Kristján Þór Júlíusson, varaformaður fjárlaganefndar Alþingis, segir með miklum ólíkindum að utanríkisráðuneytið skuli auglýsa svokölluð NATO-mannvirki sem eign Atlantshafsbandalagsins (NATO), þegar fyrir liggur að þau séu í eigu íslenska ríkisins. Breyta þurfi varnarmálalögum, sem kveða á um að varnarmálastofnun geti haft sértekjur af útleigu mannvirkjanna.

„Það er alveg rétt að þegar við yfirtókum þessi mannvirki á sínum tíma þá tókum við yfir ákveðnar skyldur, það er um viðhald og þennan svokallaða afnotarétt. Hins vegar getum við ekki litið svo á að Varnarmálastofnun eða utanríkisráðuneytið hafi bara fullar og óskoraðar heimildir til að auglýsa þessar eignir, sem ríkissjóður hefur óumdeilanlega eignarrétt yfir, þar á meðal alþjóðaflugvöll Íslendinga, sem eign NATO. Hvaða bull er þetta?“ Þar vísar Kristján meðal annars til tveggja aðalflugbrauta Keflavíkurflugvallar, sem eru á eignalista (e. asset inventory) NATO.

KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

JÓN BJARNASON

Hann telur að utanríkisráðuneytið og undirstofnanir þess séu með þessu að reyna að búa sér til sjálfstæði þvert á þær reglur sem gilda um fjárreiður ríkisins.

Grétar Már Sigurðsson,ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, sagði í Fréttablaðinu í gær að mannvirkin væru í eigu íslenska ríkisins, en NATO færi með óbeinan eignarrétt á þeim í formi afnotaréttar. Tveir ljósleiðaraþræðir hafa þegar verið boðnir út á grundvelli varnarmálalaganna.

„Ef rétt reynist sem ég hef heyrt, að þeir geri síðan ráð fyrir að leigja flugvallarfélaginu og öðrum aðilum aðstöðu á svæðinu, þá eru þeir að skapa sér þar tekjur með óeðlilegum hætti,“ segir Kristján. Þannig víki stofnunin sér undan almennum reglum um opinberar fjárreiður.

„Minn skilningur er sá að varnarmálalög geti alls ekki tekið yfir ákvæði fjárreiðulaga. Ef þau stangast á þá ber að breyta varnarmálalögunum. Það verður að vera óumdeilt að fjárreiðulögin hafa gildi og taka fjármálalegri umsýslu einstakra ráðuneyta eða stofnana fram,“ segir Kristján.

Jón Bjarnason, fulltrúi Vinstri grænna í fjárlaganefnd, er sammála því að óeðlilega hafi verið að málinu staðið. „Mér finnst að varnarmálastofnun geti ekki sjálfkrafa innheimt tekjur af eignum sem eru svona tilkomnar,“ segir Jón. „Þó að þetta standi í lögum þá verður samt að skilgreina þetta sem tekjustofn. Óskilgreindur tekjustofn sem þessi gengur ekki upp að mínu viti, stjórnsýslulega séð.“

Jón segir ekkert hafa verið fjallað um þessa þætti málsins við afgreiðslu laganna. Óþolandi sé að ábyrgð og ráðstöfunarvald og þá gjöld og tekjur sem af því kunna að leiða, séu í lausu lofti.

„Mín skoðun er sú að bæði utanríkisnefnd og fjárlaganefnd eigi að kalla eftir mjög tæmandi gögnum um þetta og það er spurning hvort tilefni sé til að Ríkisendurskoðun taki þetta til sérstakrar skoðunar þegar hún fer yfir reikningshald ríkisins,“ segir Jón.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG og fulltrúi flokksins í utanríkismálanefnd, hefur óskað eftir að nefndin verði kölluð til fundar til að ræða misvísandi upplýsingar um eignarhald á mannvirkjum á og við Keflavíkurflugvöll. Vill hann að nefndin verði upplýst um raunverulega stöðu mála.

stigur@frettabladid.is

MIÐNESHEIÐI Á annað hundrað mannvirkja á gamla varnarsvæðinu og víðar eru í eigu Íslendinga þótt NATO hafi afnotarétt af þeim. Varnarmálastofnun má hafa tekjur af útleigu mannvirkjanna samkvæmt vanarmálalögum. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

FRÁBÆRAR HELGARHORFUR

Þó víða sé nokkur vindur á landinu verður ekki sagt annað en að veðurhorfurnar séu hreint frábærar. Bjartviðrisspá er fyrir meginhluta landsins síst þó reyndar fyrir austan en þar léttir þó til smám saman í dag. Á morgun verður svo víða bjart en þykknar upp síðdegis á landinu sunnan og vestanverðu. Hitinn 10-20 stig, hlýjast til landsins.



Á MORGUN Hæg suðlæg átt.

MÁNUDAGUR Suðaustan 8-13 m/s sunnan til síðdegis.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	21°
Billund	17°
Ósló	18°
Stokkhólmur	20°
Gautaborg	19°
Helsinki	25°
Eindhofen	19°
Amsterdam	19°
London	19°
Berlín	24°
Frankfurt	21°
Friedrichshafen	26°
París	20°
Basel	26°
Barcelona	27°
Alicante	29°
Algarve	29°
Tenerife	23°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Ímyndaðu þér stað.....

...þar sem erfiði dagsins er létt af þér...

30% AFSLÁTTUR af Chiro Collection rúmum í júlí

.....hvert einasta kvöld

Chiro Collection heilsurúm

Ný hönnun

Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæðum. Gormakerfið er læst saman langsum til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma er 220 pr fm. í MultiSpring kerfinu. Dýnuna getur þú valið með Conforma heilsu- og hægindalagi, Latex eða ViscoPedic þrýstijöfnunarefni. Steyptir hliðarkantar sem veita 25% meira svefnsvæði. 5 ára ábyrgð á gormakerfi Chiro heilsudýnunnar.

Þú þarft aldrei að snúa henni

Ólíkt venjulegu viðsnúanlegu dýnunum þá byggist ending Chiro heilsudýnunnar ekki á því að henni sé snúið við. Gæti ekki verið auðveldara.

- 7 svæða heilsu og hægindalag.
- Aukin þægindi og fullkomlega nýttur svefnflötur.

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

KJÖRKASSINN

Styður þú aðgerðir Ásmundar Jóhannssonar sem veitt hefur án veiðileyfa?

Já	72,5%
Nei	27,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Er iPod-spilari upptökutæki?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Fornleifaúttekt sýndi ekki fornleifarnar við leikskólann Hvamm í Hafnarfirði:

Grandalausir um fornleifar

FORNLEIFAR „Þegar skipulagið var unnið á sínum tíma var gerð úttekt á svæðinu. Þar á meðal fornleifaúttekt eins og ber að gera samkvæmt lögum," segir Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði. Fréttablaðið greindi frá því í gær að færanlegum kennslustofum við leikskólann Hvamm í Hafnarfirði hefði líklega verið komið fyrir ofan á fornleifum. Lúðvík segir að eftir úttekt hafi stór hluti svæðisins verið hverfisverndaður og við staðsetningu skólastofanna hafi þess verið gætt að fara ekki inn á þau svæði.

„Þá kemur í ljós eftir að búið er að koma húsunum þarna fyrir að það eru óskráðar fornleifar á svæðinu. Menn voru grandalausir um að þarna væru sérstakar minjar. Þetta er óheppilegt og sýnir okkur að það hefur ekki verið kláruð fullkomin úttekt á þessu svæði," segir Lúðvík. Hann segir að tekin hafi verið ákvörðun um að vinna heildarúttekt á svæðinu og fleiri svæðum í bænum. Bærinn starfi nú með sérstökum fornleifafræðingi sem muni hitta forstöðumann Fornleifaverndar á mánudag. „Það er allt jarðrask búið á svæðinu. Það er að sjálfsögðu okkar vilji að bæta þetta enda stóð alltaf til að skila landinu eins og við tókum við því. Þetta er eitthvað til að læra af." - þeb

BÆJARSTJÓRINN Lúðvík segir athugunarefni hvort fornleifar við Hvamm verði grafnar upp og komið í þann búning sem þær voru, sýnilegar fólki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tvítugur Ísfirðingur dæmdur:

Hótaði líflláti og meiðingum

DÓMSMÁL **Tvítugur Ísfirðingur var í Héraðsdómi Vestfjarða á fimmtudag dæmdur í 45 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn valdstjórninni.**

Maðurinn var handtekinn aðfaranótt föstudagsins 15. febrúar og hótaði í kjölfarið lögreglumönnum ítrekað líflláti og líkamsmeiðingum.

Maðurinn hafðist ekkert að til að fylgja eftir hótunum sínum gagnvart lögreglumönnunum, og játaði brot sitt við þingfestingu málsins. Hann var því dæmdur í 45 daga skilorðsbundið fangelsi. - þeb

Samtökin ´78 gera samning:

Reykjanesbær fræddur um samkynhneigð

SAMFÉLAGSMÁL **Samtökin ´78 og Reykjanesbær hafa gert með sér samning um fræðslu varðandi samkynhneigð.**

Samningurinn felur í sér að samtökin verða með fræðslufundi fyrir fagaðila hjá bænum. Til fagaðila teljast kennarar, félags- og námsráðgjafar, sálfræðingar og fleiri hópar sem sinna félagslegum stuðningi og ráðgjöf. Stefnt er að því að bjóða upp á allt að þrjá fræðslufundi á ári til ársins 2010.

Markmiðið með fræðslunni er að fræða viðkomandi starfsstéttir um samkynhneigð, að því er fram kemur á heimasíðu Reykjanesbæjar. - þeb

ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR Ráðherra ætlar í september að leggja fram lagafrumvarp um auknar lánsheimildir Íbúðalánasjóðs til fjármálafyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Íbúðalánasjóður:

Lánar bönkum

EFNAHAGSMÁL **Íbúðalánasjóði er heimilað að lána fjármálafyrirtækjum fyrir endurfjármögnun íbúðalána, samkvæmt reglugerð sem Jóhanna Sigurðardóttir félags- og tryggingamálaráðherra undirritaði í gær.**

Varið verður allt að þrjátíu milljörðum króna til lánveitinga í þessum lánaflokki. Setning reglugerðarinnar er í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 19. júní síðastliðnum um aðgerðir til að hleypa lífi í fasteignamarkaðinn. - gh

Fórnarlömb eineltis ættu ekki að víkja

Fórnarlömb eineltis eiga ekki að skipta um skóla nema allt annað hafi verið reynt, segir framkvæmdastjóri Olweusar-verkefnisins. Til greina kemur að gerandi þurfi að víkja. Einungis einn skóli í Hafnarfirði vinnur eftir verkefninu.

MENNTUN „Það er alltaf allra síðasti valkostur að taka fórnarlambið úr skólanum," segir Þorlákur Helgason, framkvæmdastjóri Olweusar-áætlunarinnar gegn einelti.

Foreldrar Lárusar Stefáns Þráinssonar, ungs manns sem svipti sig lífi í lok síðasta mánaðar, hafa stigið fram og segja dauða hans fyrst og fremst mega rekja til alvarlegs eineltis sem Lárus Stefán varð fyrir í grunnskóla. Að lokum fór svo að Lárus Stefán skipti um skóla.

ÞORLÁKUR HELGASON

Kennari Lárusar Stefáns sagði í viðtali við Fréttablaðið að svo gæti farið að eina lausnin á svo erfiðum eineltismálum væri að fórnarlambið skipti um skóla.

„Ef þolandi eineltisins er fluttur um skóla gefur það til kynna að gerandinn hafi haft betur," segir Þorlákur og bætir við að til greina geti komið að flytja gerandann í refsiskyni. „Það er hins vegar alls ekki alltaf lausn á málinu því þeir sem leggja í einelti eru oftast færir í því og fljótir að finna nýtt fórnarlamb í nýjum bekk."

Olweusar-áætlunin leggur áherslu á að barn segi strax frá ef það er lagt í einelti og að tekið sé mjög hratt á vandamálinu áður en það gengur lengra að sögn Þorláks. „Við reynum allt til þess að koma í veg fyrir að stríðni verði að einelti."

Þorlákur gagnrýnir að ekki vinni allir skólar eftir skipulagðri eineltisáætlun sem sýnt hafi verið fram á að skili árangri. Til að mynda hafi einungis einn skóli í Hafnarfirði tekið Olweusar-verkefnið upp.

„Börn og foreldrar eiga rétt á því að skólar á Íslandi vinni eftir aðferð sem sýnt hefur verið fram á að skilar bestum árangri gegn einelti og börnin séu ekki höfð í tilraunastarfsemi."

Þorlákur segir að vitundarvakningu þurfi meðal þjóðarinnar varðandi það hversu alvarlegt vandamál einelti er. „Eitt barn sem lendir í einelti er einu barni of mikið."

Þorlákur segir málefni Lárusar Stefáns síður en svo einsdæmi. „Fjöldi unglinga útskrifast eftir einelti í grunnskóla á hverju ári og mörgum líður illa áfram," segir Þorlákur. „Margir flosna upp úr framhaldsskóla en í raun veit enginn hvað um þessa krakka verður."

helgat@frettabladid.is

EINELTI Fórnarlömb eineltis ættu ekki að skipta um skóla nema allt annað hafi verið reynt til að leysa vandamálið.

LYKILREGLUR GEGN EINELTI

Olweusar-áætlunin byggir á:
- hlýlegum og jákvæðum áhuga og alúð frá fullorðnum
- ákveðnum römmum vegna óviðunandi hegðunar
- stefnufastri beitingu refsinga sem hvorki eru líkamlegar né óvinveittar, brjóti nemandi gegn þeim reglum sem ákveðnar hafa verið
- að fullorðnir gegni hlutverki yfirboðara við vissar aðstæður.

PREA VIHEAR Hindúahofið frá 11. öld var nýlega sett á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. NORDICPHOTOS/AFP

Kambódía og Taíland:

Deila um hof

KAMBÓDÍA, AP Kambódía og Taíland hafa sent nokkur hundruð hermenn að landamærum ríkjanna vegna deilna um yfirráð yfir fornu hindúahofi.

Hofið tilheyrir Kambódíu samkvæmt dómi Alþjóðadómstóls frá 1962 en ríkin deila enn um yfirráðin. Hafa taílenskir þjóðernissinnar, sem viðurkenna ekki yfirráð Kambódíumanna, mótmælt við hofið síðustu daga eftir að það var sett á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna.

Ráðamenn í báðum ríkum hafa sagst vilja forðast átök og ætla að ræða ástandið á mánudag - gh

Stéttarfélag lögfræðinga:

Fjallar aðeins um mál félaga

INNFLYTJENDUR **„Auðvitað viljum við að þeir sem sækja um vinnu sem lögfræðingar fái réttláta meðferð á sínum umsóknum," segir Eyþóra Kristín Geirsdóttir formaður stéttarfélags lögfræðinga.**

Xavier Rodríguez er spænskur lögfræðingur með tvöfalda meistaragráðu sem talar góða íslensku, en var ekki boðaður í viðtal vegna starfs hjá Umhverfisstofnun.

„Við getum ekki brugðist við máli sem þessu nema hjá okkar félagsmönnum," segir Eyþóra. Til að vera félagi í stéttarfélaginu þarf viðkomandi að vinna sem lögfræðingur. Það gerir Xavier ekki. - vsp

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Glænýr viltur lax
Úrval fiskrétta á grillið
Óbreytt fiskverð frá áramótum
opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

Auglýsingasími 512 50 50
Mest lesið

Rannsókn íslensks lagaprófessors verður kynnt æðstu dómurum Bandaríkjanna:

Segir þetta mikinn heiður

LÖGFRÆÐI Niðurstöður rannsókna dr. Herdísar Þorgeirsdóttur verða kynntar á ársfundi Forseta Hæstaréttar Bandaríkjanna og dómstjóra æðstu dómstóla landsins eftir rúma viku. Rannsóknina vann hún fyrir Feneyjanefnd Evrópuráðsins.

HERDÍS ÞORGEIRSDÓTTIR

„Það er mikill heiður að rannsókn íslensks fræðimanns sé kynnt með þessum hætti og fyrir þessum hópi," segir dr. Herdís Þorgeirsdóttir.

Rannsóknin fjallar um getu fjölmiðla til að sinna lýðræðislegu hlutverki sínu á þeim markaði og við þær aðstæður sem þeir starfa nú. Helstu niðurstöður voru þær að það sé skylda stjórnvalda að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðla. „Það er eins og Mannréttindadómstóll Evrópu bendir á háð efnahag og félagslegum aðstæðum í aðildarríkjum hvernig sú framkvæmd er tryggð í raun," segir Herdís.

Judith Resnik, lagaprófessor við Yale háskólann í Bandaríkjunum mun kynna niðurstöður Herdísar en Judith var útnefnd fremsti fræðimaður á sviði lögfræði árið 2008 af bandarísku lögmannasamtökunum.

Herdís Þorgeirsdóttir er með doktorsgráðu í stjórnskipunarrétti og mannréttindum frá Háskólanum í Lundi og er prófessor á Bifröst. - vsp

HÆSTARÉTTUR BANDARÍKJANNA Rannsókn Herdísar Þorgeirsdóttur verður kynnt á ársfundi Réttarforseta. NORDICPHOTOS/GETTY

Jeva dagar í Eymundsson 17. - 27. júlí

Skólatöskur á sama verði og í fyrra!

Jeva eru vandaðar danskar skólatöskur sem falla þægilega að baki, sjást vel í umferðinni og eru sérlega endingargóðar. Kynntu þér úrval okkar af frábærum skólabúnaði á hagstæðu verði. Skólinn byrjar í Eymundsson.

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
4.163 **+0,13%**

Fjöldi viðskipta: 225
Velta: 2.640 milljónir

MESTA HÆKKUN

FÆREYJA BANKI	+4,26%
EIK BANKI	+2,50%
BAKKAVÖR	+1,01%

MESTA LÆKKUN

CENTURY ALUM.	-4,57%
SPRON	-1,61%
TEYMI	-1,28%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 6,91 +0,73% ... Atorka 5,65 +0,00% ... Bakkavör 24,95 +1,01% ... Eimskipafélagið 14,30 +0,00% ... Exista 6,36 +0,47% ... Glitnir 15,10 +0,00% ... Icelandair Group 16,70 +0,91% ... Kaupþing 718,00 +0,00% ... Landsbankinn 23,05 +0,22% ... Marel 86,50 -0,35% ... SPRON 3,05 -1,61% ... Straumur-Burðarás 9,59 +0,74% ... Teymi 1,54 -1,28% ... Össur 86,90 -0,34%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Fræðingaflóð í forsætisráðuneyti

Tryggvi Þór Herbertsson, hagfræðingur og forstjóri Aska Capital, er annar bankastjórinn sem á skömmum tíma er ráðinn til forsætisráðuneytisins. Tryggvi verður efnahagsráðgjafi í sex mánuði en í febrúar var Finnur Sveinbjörnsson fyrrum forstjóri Icebank, ráðinn til að samræma aðgerðir með fjármálafyrirtækjum vegna alþjóðlegu lausafjárkrísunnar og bæta ímynd bæði bankanna og efnahagslífsins hér.

Ætti því ekki að vanta hagspekingana í ráðuneytið til að takast á við aðsteðjandi vanda, enda bæði Bolli Þór Bollason ráðuneytisstjóri og Geir H. Haarde, forsætisráðherra, hagfræðingar að mennt.

Ísland glatar fyrsta sætinu

Seðlabanki Tyrklands hækkaði undir lok vikunnar stýrivexti um 0,50 prósentustig og eru þeir því nú 16,75 prósent. Þetta er í annað skiptið í röð sem Seðlabanki Tyrklands hækkar vexti og frekari vaxtahækkanir ekki útilokaðar á komandi mánuðum. Með þessu ber meira í milli Íslands og Tyrklands í þessum efnum, en líkt og Greining Glitnis benti nýlega á nutum við þess vafasama heiðurs um tíma að verma fyrsta sætið, en erum nú með næsthæstu stýrivexti meðal þróaðra hagkerfa, 15,5 prósent. Hér hafa stýrivextir aldrei verið hærri. Brasilía er í þriðja sæti með 12,25 prósenta stýrivexti.

Félögum fækkar og virði rýrnar

Markaðsvirði félaga í Kauphöll Íslands er nú tæplega 1.600 milljarðar króna en var tæplega 3.800 milljarðar fyrir ári síðan. Virði félaga í Kauphöllinni er því um 2.200 milljörðum króna minna nú en þegar Úrvalsvísitalan náði hæðarmeti í 9.016 stigum fyrir ári.

Rúmlega 30 prósent lækkunarinnar skýrist af afskráningum félaga. Félög í Kauphöllinni eru 25 í dag samanborið við 30 á sama tíma fyrir ári.

Þau félög sem hafa verið afskráð á síðustu tólf mánuðum eru Actavis, FL Group, Icelandic Group, Skipti, Flaga og Tryggingamiðstöðin. **-bþa**

Nýherji tapar 90 milljónum króna

„Rekstur og afkoma af kjarnastarfsemi Nýherja var ágæt og einnig af starfsemi Applicon erlendis. Slök afkoma af fjárfestingum í nýrri starfsemi íþyngir rekstrinum," segir Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja.

Nýherji birti í gær uppgjör fyrir annan ársfjórðung. Félagið tapaði 90 milljónum á tímabilinu samanborið við 104 milljóna króna hagnað á öðrum ársfjórðungi í fyrra. Það samsvarar 0,29 króna tapi á hvern hlut. Eiginfjárhlutfallið er 28 prósent á öðrum fjórðungi samanborið við 31,2 prósent í lok síðasta árs.

Í uppgjörinu eru óefnislegar eignir þrefalt meiri en fyrir ári. Þórður segir að það megi rekja til kaupa á TM software auk þess sem hluti viðskiptavildar fyrirtækisins sé í erlendum gjaldmiðli sem hefur hækkað umtalsvert vegna gengisfalls krónunnar.

UPPGJÖR NÝHERJA Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja, segir margt jákvætt í uppgjöri félagsins þar sem mörg fyrirtæki horfa í auknum mæli til tækniframfara til að hagræða í rekstri.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Þórður segir að afkoma félagsins af nýrri starfsemi erlendis hafi verið undir væntingum. „Við skuldsettum okkur mikið við kaupin á TM software og með háum fjármagnskostnaði og gengisfalli krónunnar er afkoman af því ekki það sem við væntum," segir Þórður. **-bþa**

Afskriftir munu aukast enn meira

850 veðköll hafa verið á samstæðugrunni fyrirtækja síðustu þrjár vikurnar að því er Fjármálaeftirlitið segir. Þetta er í fyrsta skipti á þessu ári sem Fjármálaeftirlitið tekur saman lista yfir fjölda veðkalla. Í nóvember í fyrra voru 600 veðköll og 750 í desember.

Veðkall er þegar virði hlutabréfa sem lán hefur verið tekið fyrir fer niður fyrir ákveðin mörk. Þá krefjast lánadrottnar aukinna veða.

Fjármálaeftirlitið telur að tryggingastaða fyrirtækjanna sé ásættanleg. Hún sé þó misjöfn á milli fjármálafyrirtækja.

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, telur mikilvægt að fjármálafyrirtæki gæti vel að útlánagæðum og nauðsynlegt sé að grípa fljótt inn í ef vandræði eru í uppsiglingu og leggja strax til hliðar á afskriftareikning.

Efasemdir hafa verið um það að fjármálafyrirtæki hafi verið nógu dugleg við að leggja til hliðar á afskriftareikninga.

Talið er að mörg fyritæki og einstaklingar séu nú í þeirri stöðu að lánadrottnar ráði yfir eignum þeirra. Má þar nefna félög eins og Gnúp, Nýsi og félög í eigu Hannesar Smárasonar.

„Miðað við hvernig ástandið er núna ætti það ekki að koma á óvart að afskriftir myndu aukast töluvert umfram spár greiningaraðila," segir Árni Tómasson, endurskoðandi og fyrrverandi bankastjóri Búnaðarbankans.

JÓNAS FR. JÓNSSON, forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Hann telur mikilvægt að fjármálafyrirtæki leggi strax til hliðar á afskriftareikninga. Efasemdir eru um að fjármálafyrirtæki hérlendis hafi sinnt þessu nógu vel.
MARKAÐURINN/HEIÐA

Hann telur að það verði aukning á afskriftum í væntanlegum uppgjörum bankanna. Þær verði síðan ennþá meiri í uppjörum þriðja ársfjórðungs og um áramót.

„Þetta helst að vísu í hendur við það hvernig þróunin á gengi krónunnar verður. Ef það snýst við mun það hjálpa þeim sem illa standa," segir Árni.

Markaðurinn sagði frá því fyrir viku síðan að greiningar Glitnis og Kaupþings hefðu spáð því að afskriftir Landsbankans, Kaupþings og Glitnis myndu þrefaldast á þessu ári og því næsta. **-as**

KING KOIL - MEST SELDU AMERÍSKU HEILSURÚMIN Á ÍSLANDI 2007

KING KOIL
HEILSURÚM
(Queen size 153x203)
FRÁ kr. 99.900

AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknar-samtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).



SVÆÐASKIPTUR STÍFLEIKI

Öll heilsurúm frá King Koil eru með 3 til 5 svæðaskiptum stífleika, bæði í gormakerfi og bólstrun, til að veita fullkomna þrýstijöfnun og réttan stuðning við axlir og mjóbak.

rekkjan

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

H E I L S U R Ú M

skoðun

greinar@frettabladid.is

Vinna verður á einelti með markvissum hætti.

Burt með eineltið

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Móðir drengs sem féll fyrir eigin hendi fyrr í sumar hefur stigið fram og sagt sögu sonar síns. Pilturinn varð fyrir grimmilegu og langvarandi einelti og foreldrar hans álíta að til þess megi rekja þá miklu vanlíðan sem að lokum leiddi til þess að ungi maðurinn svipti sig lífi.

Í framhaldinu hefur komið fram að ekki hafi tekist að vinna bug á eineltinu í skóla piltsins og hann hafi því verið fluttur í annan skóla. Því miður virðist það oft þrautalendingin að reyna að stöðva einelti með því að flytja fórnarlambið í annan skóla.

Skilaboðin sem send eru bæði gerendum og fórnarlömbum eineltis með þessari aðferð eru alröng. Auk þess upprætir flutningur þolanda eineltis milli skóla ekki endilega eineltið. Sími og net veita nefnilega býsna greiðan aðgang að fórnarlömbum eineltis. Einelti er ofbeldi og þannig ber að taka á því. Eina leiðin til að uppræta það er að taka það föstum tökum hjá gerendunum, stöðva það.

Hugtakið einelti er tiltölulega ungt. Áður var talað um stríðni og jafnvel var viðurkennt að hún gæti farið úr böndunum. Með því að nota hugtakið einelti og skilgreina það sem ofbeldi er hægt að taka á því með markvissum hætti og það er sem betur fer gert víða.

Foreldrar hafa góðu heilli vaxandi áhuga á því sem fram fer innan skóla barna þeirra og láta líðan barns í skóla sig miklu varða. Það ætti því að vera skýlaus krafa allra foreldra að í skóla barns þeirra sé til aðgerðaráætlun gegn einelti sem unnið er eftir þegar slík mál koma upp.

Komið hefur í ljós að stórlega dregur úr einelti í þeim skólum sem vinna samkvæmt svo kallaðri Olweusaráætlun gegn einelti. Tugir skóla á Íslandi vinna eftir þessari áætlun og mun láta nærri að um helmingur grunnskólabarna sé í skóla þar sem unnið er í samræmi við þessar hugmyndir. Öllum skólum gefst kostur á að taka þátt í verkefninu.

Á heimasíðu Olweusarverkefnisins kemur fram að sænsk skólayfirvöld hafi rannsakað 21 aðferð sem beitt er til að vinna á einelti. Niðurstaðan var að Olweusaráætlunin væri eina aðgerðaráætlunin sem ekki þyrfti að efast um að hefði áhrif gegn einelti í skólum.

Það er lykilatriði að skólar marki sér skýra stefnu um það hvernig tekist er á við einelti þegar það kemur upp. Allir starfsmenn skólans eiga að þekkja stefnuna og ábyrgð hvers og eins.

Nemendur verða að fá skýr skilaboð um að það sé á ábyrgð hvers og eins að einelti líðist ekki í skólanum og foreldrar sömuleiðis.

Grunnskólagangan á að undirbúa börn undir ábyrga þátttöku í lýðræðissamfélagi. Partur af þeim undirbúningi er að takast á við einelti í skólum með markvissum hætti.

Saga piltsins sem lést þegar lífið blasti við honum er þyngri en tárum taki en því miður ekki einsdæmi. Hins vegar verða allir að leggjast á árar til að leitast við að koma í veg fyrir að hún endurtaki sig.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ÁBYRGÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

BYLGJAN BER AF



Samkvæmt könnun Capacent í aldurshópnum 18-54 ára á tímabilinu 1. janúar til 29. júní 2008. Hlutdeild - hlustun í mínútum á dag.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ömmæli

Ögmundur Jónasson hélt upp á sextugsafmæli sitt með pomp og prakt að heimili sínu á Grímshaga á fimmtudagskvöld. Eins og búast mátti við fagnaði margt góðra gesta með afmælisbarninu, til dæmis Vigdís Finnbogadóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Geir H. Haarde, Guðni Ágústsson og fleiri. Athygli vakti þó að enginn af forystusauðum Samfylkingarinnar skyldi heiðra Ögmund með nærveru sinni. Suðurgatan var engu að síður undirlögð af bílum afmælisgesta, mestmegnis jeppum og glæsibifreiðum og átti jafnvel forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, erfitt með að finna bílastæði.

Athygli vakti hins vegar að Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, mætti í fjörið á reiðhjóli.

Laxi líkastur

Guðni Ágústsson vakti mikla lukku með ræðu sem hann flutti fyrir afmælisbarnið. Vildi Guðni meina að af öllum dýrum væri Ögmundur sjálfsagt líkastur laxinum. Þess vegna fannst honum tilvalið og að færa Ögmundi nýveiddan lax í afmælisgjöf, og vonaðist til að hann kæmi að góðum notum ef hungurvofan færi að láta á sér kræla í kreppunni.

Græna gleðin

Ekki höfðu allir gestirnir fengið nóg þegar afmælisveislunni sleppti, þar á meðal Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, sem stefndi þverpólitískri breiðfylkingu á Ölstofu Kormáks og Skjaldar. Í hópi þeirra sem sátu í kös við fótskör Steingríms voru Stefán Pálsson sagnfræðingur, Flosi Eiríksson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Kópavogi, Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda og framsóknarmaður, og popparinn Villi naglbítur, sem færði mannskapnum drykki. Var gleðin svo mikil að undir lokin brast hersingin í fjöldasöng og flutti ættjarðarlög og baráttusöngva verkalýðsins svo til óaðfinnanlega.

bergsteinn@frettabladid.is

Ekki-maðurinn

Evran verður ekki tekin upp í stað krónunnar sem gjaldmiðill á Íslandi í tíð núverandi ríkisstjórnar. Geir H. Haarde forsætisráðherra kvað upp úr um þetta á fundi með sjálfstæðismönnum í Valhöll í morgun.“ (dv.is 29. sept. 2007) „Geir segist ekki hafa lagt blessun sína yfir samruna REI og Geysi Green Energy.“ (mbl.is 6. nóv. 2007) „Forsætisráðherra segir að þótt lífskjör mælist þau bestu í heimi hér á landi, þá setji það ekki sérstaka pressu á Ísland í alþjóðasamfélaginu í umhverfismálum né öðrum.“ (mbl.is 27. nóv. 2007) „Í stjórnarsáttmálanum er gert ráð fyrir því að skattalækkanir á kjörtímabilinu komi til greina, en þær hafa ekki verið tímasettar. Þannig að það er ekki verið að fresta neinu sem þegar var búið að ákveða,“ segir Geir H. Haarde forsætisráðherra í samtali við Morgunblaðið. (mbl.is 1. des. 2007)

„Geir H. Haarde forsætisráðherra telur að álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna gefi ekki tilefni til lagabreytinga á Íslandi.“ (eyjan.is 15. jan. 2008) „Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að þær breytingar sem urðu í borgarstjórn í gær muni ekki hafa áhrif á störf ríkisstjórnarinnar.“ (mbl.is 22. jan. 2008) „Í viðtali við norska ríkissjónvarpið 26. janúar sl. áréttaði Geir H. Haarde forsætisráðherra að það væri ekki á dagskrá hjá íslenskum stjórnvöldum að sækja um aðild að Evrópusambandinu.“ (heimssyn.is 31. jan 2008) „Sagðist Geir telja, að settur dómsmálaráðherra hefði ekki getað skipað umsækjanda, sem dómnefndin mæti ekki hæfan í starfið.“ (mbl.is 31. jan. 2008)

„Ekki stendur til að gera breytingar á gjaldmiðlinum á næstunni, sagði Geir H. Haarde, forsætisráðherra, á Alþingi í

HALLGRÍMUR HELGASON

Í DAG | Athafnastjórnmál

dag.“ (mbl.is 4. feb. 2008) „Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði á Alþingi í dag að engar ákvarðanir hafi verið teknar um að lækka opinberar álögur á eldsneyti.“ (mbl.is 21. feb. 2008) „Geir H. Haarde forsætisráðherra vill ekki svara því hvort hann styðji Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson til að taka sæti borgarstjóra.“ (mbl.is 11. feb. 2008) „Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði í ræðu sinni í dag að aðild að Evrópusambandinu væri ekki á dagskrá hjá núverandi ríkisstjórn og þar af leiðandi ekki heldur upptaka evrunnar.“ (landpostur.is 13. feb. 2008) „Geir H. Haarde, forsætisráðherra, sagðist í viðtali í Silfri Egils í morgun ekki óttast að kreppa væri framundan þrátt fyrir erfiða stöðu á fjármálamarkaði og í sjávarútvegi.“ (mbl.is 17. feb. 2008) „Geir segist ekki telja hættu á gengishruni krónunnar.“ (mbl.is 23. feb 2008) „Juncker spurði Geir að því á fundinum hvort það væri rétt að Íslendingar íhuguðu að taka upp evru einhliða og svaraði Geir því til að það stæði ekki til.“ (mbl.is 26. feb 2008)

„Forsætisráðherra í viðtali við Bloomberg-fréttastofuna: Ekki hætta á samdrætti í íslensku efnahagslífi.“ (mbl.is 14. mars 2008) „Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði að loknum ríkisstjórnarfundi rétt fyrir hádegi að staðan í efnahagsmálum hérlendis væri ekki komin á það stig að það kallaði á sérstakar aðgerðir ríkisstjórnarinnar. (mbl.is 18. mars 2008) „Geir H. Haarde, forsætisráðherra, sagði eftir ríkisstjórnarfund að ástæður gengisfalls krónunnar megi rekja til vandræða sem bandarískt fjárfestingarbankinn Bear Stearns lenti í um helgina. Ríkisstjórnin áformi ekki að grípa til sérstakra aðgerða nú.“ (mbl.is 18. mars 2008)

„Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að ekkert sé athugavert við það að hann og utanríkisráðherra fari með einkaþotu til Búkarest í Rúmeníu á fund Norður-Atlantshafsbandalagsins.“ (mbl.is 2. apríl 2008) „Geir H. Haarde forsætisráðherra vildi á Alþingi í dag ekki upplýsa frekar um aðgerðir ríkisstjórnarinnar og Seðlabanka Íslands í efnahagsmálum.“ (vb.is 7. apríl 2008)

„Geir sagði aðspurður að Ingibjörg Sólrún hefði ekki verið að tala um það um helgina að afnema eftirlaunalögin í heild.“ (vb.is 13. maí 2008) „Geir: Ég vil ekki ganga í ESB.“ (mbl.is 17. maí 2008)

„Geir H. Haarde, forsætisráðherra, telur að ekki sé útilokað að svartsýnisspár um efnahagshorfur á Íslandi gangi ekki eftir.“ (mbl.is 5. jún. 2008) „„Við skoðum þessi mál eins oft og við þurfum. Það þarf ekki hvatningu frá öðrum til þess,“ sagði Geir H. Haarde, forsætisráðherra, aðspurður um ákall fulltrúa vinnumarkaðarins um aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.“ (mbl.is 19. jún. 2008)

„Geir H. Haarde, forsætisráðherra, segir hugmyndir um upptöku evru á grundvelli EES-samningsins ekki nýjar af nálinni.“ (vb.is 14. júl. 2008) „Geir H. Haarde forsætisráðherra segir ríkisstjórnina ekki munu ganga lengra í friðun Þjórsárvera en sem segir í stjórnarsáttmálanum.“ (mbl.is 14. júl. 2008)

Vísvitandi misskilningur

UMRÆÐAN

Þorgrímur Gestsson skrifar um Ríkisútvarpið

Stjórnmálamenn grípa stundum til þess ráðs í vandræðum sínum að misskilja vísvitandi það sem sagt er, þegar það hentar þeim betur en að skilja. Þetta gerir Höskuldur Þórhallsson framsóknarmaður þegar hann svarar grein minni þar sem ég furða mig á skrifum hans um að þjóðarsátt hafi verið um að gera RÚV að hlutafélagi.

Höskuldur fullyrðir að ég hafi skrifað í grein minni, sem birtist á mánudaginn var „að breytingin sem gerð var á rekstrarformi Ríkisútvarpsins í tíð síðustu ríkisstjórnar sé grundvöllurinn að þeim vanda sem nú blasir við útvarpinu.“ Þetta skrifaði ég ekki, heldur: „Fullyrt var að með því að gera RÚV að hlutafélagi og losa það við þunglamalegt stjórnkerfi ríkisstofnunar myndi reksturinn batna. En við héldum því alltaf fram að það væri blekking, rekstrarafkoman hefði ekkert með rekstrarformið að gera.“ Þetta er svolítið annað.

En það er alveg rétt hjá Höskuldi að sjálfstæðismenn lofuðu að styrkja og styðja Ríkisútvarpið og þvertóku fyrir að ætlunin væri að selja það. En við hjá Hollvinum RÚV spurðum alltaf hvers vegna væri verið að breyta stofnuninni í hlutafélag í stað þess að styrkja hana án slíkra æfinga; við bentum á góðar fyrirmyndir í nágrannalöndum okkar þar sem ríkisútvarp er í býsna góðu gengi – Danmarks radio og BBC.

ÞORGRÍMUR GESTSSON

Í grein minni á mánudaginn skrifaði ég einnig að allt væri komið fram sem Hollvinir RÚV og fleiri sögðu þegar þeir vöruðu við hlutafélagavæðingunni; þar var einfaldlega átt við þann niðurskurð og samdrátt, sem nú er að koma á daginn. Hlutafélag þarf að reka án halla, helst með hagnaði, en almannaútvarp lýtur öðrum lögmálum. Það hefur fyrst og fremst menningarlegar skyldur.

Þess vegna höldum við ótrauð áfram baráttunni fyrir eflingu Ríkisútvarpsins, hins íslenska almannaútvarps. Henni er langt í frá lokið, þótt það hafi verið gert að hlutafélagi. Hollvinasamtökin hafa ýmislegt á prjónunum í þá veru, sem kemur í ljós með haustinu.

Höfundur er formaður Hollvinasamtaka RÚV.

BÍLDSHÖFÐI 20 S: 585-7220
SKÓGARLIND 2 S: 585-7260

EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI

Landamæri í kring um lífið
Viðtal við Jenny Downham höfund metsölubókarinnar Áður en ég dey

Hvað verður um ruslið?
Fréttablaðið skoðar hvað verður um ruslið, dagblöðin og dósirnar okkar.

Matur
Sérblað um mat fylgir Fréttablaðinu á morgun

Nægtarbúr náttúrunnar:
Þrjú náttúrubörn deila uppskriftum
Hollur, góður og einfaldur útilegumatur
Kjötsúpa fyrir hressa krakka
Samkomustaður sælkera
Matarpistill Nönnu Rögnvaldardóttur
Og leynivopn sem klikkar aldrei á ferðalögum.

FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft – alla daga

MAÐUR VIKUNNAR

Raunsæ, rökföst, lífsglöð

Mikill styr hefur staðið um skipulagstillögur bæjaryfirvalda á Kársnesi í Kópavogi. Mótmæli samtakanna Betri byggð á Kársnesi urðu til þess að bæjaryfirvöld drógu tillögur sínar til baka í fyrra. Í vikunni lagði Kópavogsbær fram nýjar tillögur. Arna Harðardóttir, formaður Betri byggðar, segir að þær gangi enn lengra en þær fyrri og gagnrýnir yfirvöld fyrir skeytingarleysi gagnvart íbúum á Kársnesi. Arna er maður vikunnar.

Kappsöm, klár, skemmtileg, glaðlynd, traust og fylgin sér eru hugtök sem vinir og vandamenn Örnu grípa til þegar þeir eru beðnir að lýsa henni.

Arna ólst upp á Siglufirði til fjögurra ára aldurs, flutti þá til Reykjavíkur þar sem hún bjó þangað til hún var ellefu ára en þá flutti hún í Kópavog. Þar hefur hún búið með hléum síðan. Þótt hún hafi flutt ung frá Siglufirði ber hún enn taugar til staðarins; átti þar ömmu og afa sem nú eru fallin frá en vitjar æskustöðvanna reglulega.

Arna þótti rólegt barn og meðfærilegt. Henni hefur ávallt gengið vel að læra og sinnt námi sínu vel í gegnum tíðina,hún þótti sérstaklega talnaglögg. Það hefur kannski ráðið því að hún ákvað að fara í Verzlunaskóla Íslands að loknum grunnskóla. Henni gekk alltaf vel í viðskiptagreinum og Verzlunarskólinn átti vel við hana. Að loknu stúdentsprófi lagði hún land undir fót og lærði hagfræði við háskólann í Reading á Englandi. Þegar heim var komið tók hún þátt í að setja Landsbréf Landsbankans á laggirnar, ásamt Gunnari Helga Hálfdánarsyni, en Landsbréf var eitt af brautryðjendafyrirtækjum á sviði verðbréfaviðskipta hér á landi. Síðar fór hún út í eigin rekstur á verðbréfamarkaði. Nokkrum árum síðar skráði hún sig í MBA-nám við Háskólann í Reykjavík, þegar það var að ryðja sér til rúms. Þar lágu leiðir hennar og Höllu Tómasdóttur saman, en sú síðarnefnda var lektor við HR. Þær hafa verið nánar samstarfskonur síðan. Halla var líka stjórnarformaður hugbúnaðarfyrirtækisins Calidris og réði Örnu sem framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Arna söðlaði síðar um og gerðist fjármálastjóri Viðskiptaráðs árið 2007 en Halla gerði sér lítið fyrir og nældi aftur í Örnu og fékk hana yfir til Auðar Capital.

Arna er sögð mikil félagsvera og á sér mörg áhugamál, þar á meðal er bridds en faðir hennar er margfaldur Íslandsmeistari. Hún er alin upp við spilamennsku og í hverri viku koma konurnar í fjölskyldunni saman og taka í spil. Hún hefur mikið keppnisskap og þó hún sé ekki tapsár er engum blöðum um að fletta að það liggur betur á henni þegar hún hefur yfirhöndina. Auk spilamennskunnar finnst henni gaman að fara í veiði, ferðast og leggja rækt við heimilið og fjölskylduna. Hún er afar söngglöð, nýtur sín vel í eldhúsinu og þykir höfðingi heim að sækja.

Arna er viðskiptakona fram í fingurgóma; hennar helsti styrkleiki er sagður sá að hún á auðvelt með að koma auga á heildarmyndina en á líka létt með að setja sig inn í smáatriði. Hún er fæddur leiðtogi, óhrædd við að hafa frumkvæðið og er ósjálfrátt falin forysta í flestum þeim verkefnum sem hún tekst á hendur. Hún velur sér fyrst og fremst verkefni sem hún trúir á. Sumir kalla hana líka „raunsæja hugsjónakonu“, hún er reiðubúin að berjast fyrir því sem hún trúir á en er jafnframt rökföst og með fæturna á jörðinni. Hún á líka auðvelt með að skilja á milli vinnu og tómstunda. Fæstir hafa svör á hraðbergi þegar spurt er út í lesti Örnu. Þó er tínt til að hún geti verið fljótfær, óþarflega lítillát og gangi stundum dálítið nærri sjálfri sér í þeim verkefnum sem hún tekur sér fyrir hendur.

Arna hefur aldrei haft sérstakan áhuga á stjórnmálum, að minnsta kosti ekki í hinum flokkspólitíska skilningi. Þess vegna kom það sumum á óvart þegar hún tók forystu í hagsmunasamtökum í skipulagsmálum. Aðrir segja að það sé einmitt dæmigert fyrir Örnu. Þarna hafi verið mál sem brann á mörgum íbúum á svæðinu og framtíð hennar nánasta samfélags í húfi. Framganga bæjaryfirvalda hafi ofboðið réttlætiskennd hennar en í stað þess að hugsa þeim þegjandi þörfina tók hún málin í sínar hendur. Áhugaleysi hennar á pólitík geri líka málstað hennar trúverðugan; hún hefur ekki áhuga á framapoti heldur helgast barátta hennar af einlægri trú á að í tillögum bæjaryfirvalda sé margt sem megi betur fara.

ARNA HARÐARDÓTTIR

ÆVIÁGRIP

Arna Harðardóttir er fædd á Siglufirði, 6. október 1965. Foreldrar hennar eru Hörður Arnþórsson og Gréta Elín Guðmundsdóttir.

Arna bjó á Siglufirði til fjögurra ára aldurs, flutti þá til Reykjavíkur þar sem hún bjó til ellefu ára aldurs en flutti þá til Kópavogs og hefur búið þar með hléum síðan. Arna útskrifaðist með stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands árið 1985. Þaðan lá leiðin til Englands þar sem hún lauk BA-prófi í hagfræði frá Háskólanum í Reading og er löggiltur verðbréfamiðlari.

Þegar heim var komið tók Arna þátt í að koma Landsbréfum á laggirnar áður en hún hóf rekstur á eigin fyrirtæki á verðbréfamarkaði. Eftir að hafa lokið MBA námi frá Háskólanum í Reykjavík var Arna ráðin framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Calidris frá 2003 til 2006. Árið 2007 var hún ráðin fjármálastjóri Viðskiptaráðs Íslands en er nú forstöðumaður hjá Auði Capital. Hún er líka formaður samtakanna Betri byggð á Kársnesi sem vinna að bættum skipulags- og umhverfismálum í Vesturbæ Kópavogs.

Með manni sínum, Jóni Guðna Ægissyni, á Arna tvö börn, þau Grétu og Viktor.

VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Skipulagði mótmæli íbúa við skipulagstillögum á Kársnesi. Efir að um 2000 athugasemdum hafði verið komið á framfæri drógu bæjaryfirvöld í Kópavogi tillögurnar til baka.

HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Hún er ótrúlega rökföst, hún hefur afgreitt allar rökræður sem ég hef heyrt hana taka þátt í um Kársnesið.“

Halla Tómasdóttir, samstarfskona hjá Auði Capital.

HVAÐ SEGIR HÚN?

„Þær deilur sem risið hafa upp um skipulagsmál Kársnessins snúast ekki um atorkusaman bæjarstjóra og afturhaldssama íbúa, heldur um afturhaldssamar skipulagsbreytingar og áhyggjufulla íbúa.“

Í Fréttablaðinu, 1. september 2007.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Þú mátt vera lengur úti í 66°Norður.
Rán jakki - Nýjir litir
Höfuðborgarsvæðið: Bankastræti 5, Faxafen 12,
Kringlan, Smáralind, Miðhraun 11 Akureyri: Glerártorg
www.66north.is
Klæddu þig vel
66° NORÐUR

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

PIRI PIRI KJÚKLINGUR

Holta ferskar piri-piri kjúklingabringur

1679 kr./kg. MERKT VERÐ 2799 KR./KG.

ÍSLENSKAR KARTÖFLUR

Nýjar íslenskar kartöflur daglega í verslunum Bónus

FERSKAR HOLTA KJÚKLINGABRINGUR

Ferskar Holta kjúklingabringur **1679 kr./kg.** *Merkt verð 2799 kr./kg.*

KOMINN Í BÓNUS

WC PAPPÍR
12 RÚLLUR Á VERÐI 9

Egils Kristall 2 ltr. **128 kr. flaskan**

KS lambalæri frosið **988 kr./kg.**

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KRYDDAÐUR KJÚKLNGUR

Bónus kryddaður 1/1 kjúklingur í álbakka
495 kr./kg. MERKT VERÐ 899 KR.

BÓNUS FROSTPINNAR

Fimmtán frostpinnar í kassa - tvær gerðir !
198 kr.

Coke kippa
6 flöskur x 1 ltr
598 kr.

STÓRI TÚLI Hamborgarar 140g 2 stk.
BBQ-sósa, ostur, stór brauð: **498 kr.**

Bónus ungnautahamborgarar 4 stk m/brauði
498 kr.

Ferskt nautaveisluhakk
798 kr./kg.

Myllu fínt samlokubrauð
770g **129 kr.**

Íslandsnaut- kryddaðar nautakótilettur
1598 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.

SS grill lambalærissneiðar kryddlegnar
1763 kr./kg. MERKT VERÐ 2518 KR./KG.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

Sóldýrkun í sandgryfju

Í dagbók **Þráins Bertelssonar** er sagt frá sóldýrkun, sumarleyfi og ferðamannastóriðju. Einnig er fjallað um dularfulla fætur í Kanada, endalok Sovétríkjanna og heimsmarkaðsverð á sólarolíu.

FÖSTUDAGUR, 11. JÚLÍ.

Fótamálið dularfulla

„Tveir af þeim fimm fótum sem fundist hafa undan Vesturströnd Kanada tilheyra sama manninum. Þetta hefur DNA rannsókn leitt í ljós.“ Þessar upplýsingar fann ég í dag á visir.is.

Þetta mál hefur lengi verið mér hugleikið, því að samkvæmt þeim fótareksfréttum sem borist hafa frá Kanada hefur einkum verið um vinstri fætur að ræða sem þar hefur rekið á land á undanförnum vikum fólki til mikillar skelfingar.

Þó er það sennilega rétt hjá Vísi að fleiri en tveir af þessum fimm fótum geta varla tilheyrt sama manninum. Ef þrír eða fleiri fætur væru af sama líkinu væru það mikil tíðindi.

Sömuleiðis þætti mér spennandi að vita hvort fótaparið sem DNA-fræðingar hafa nú ályktað að sé af sama manninum séu hægri og vinstri fótur, ellegar hvort parið er vísbending um áður ófundinn vinstrifættan kynstofn á plánetunni.



LAUGARDAGUR, 12. JÚLÍ.

Niðurpökkun

Þær stöllur frú Sólveig og litla Sól eru byrjaðar að pakka niður fyrir sumarleyfisferðina til Tenerife.

Það tekur þær langan tíma því að þessu sinni hefur verið tekin ákvörðun um að skilja megnið af búslóðinni eftir heima og notast eingöngu við tvær ferðatöskur.

Sjálfur er ég snöggur að pakka. Ég þarf tölvu, bækur, vegabréf, farmiða, peninga og tannbursta.

SUNNUDAGUR, 13. JÚLÍ.

Flokksmaskína ryðgar

Til að æfa okkur fyrir sumarleyfið fórum við út að borða á veitingahúsi í kvöld.

Nú er loksins kominn alvöru mexíkanskur matstaður í Reykjavík og heitir Santa Maria og stendur við Laugaveginn, ég giska á númer 24. Þar er hægt að fá rétti úr mexikönsku eldhúsi á skikkanlegu verði.

Það eina sem ég kann í spænsku lærði ég í sumarlangri dvöl í Mexíkó árið 1974. Það eru orð eins og enchiladas, burritos, tacos, nachos, pan dulce og molé - það síðastnefnda „molé“ er einhver lostætasta sósa í heimi, búin til úr þeim ólíklegu hráefnum pipar og súkkulaði.

Hið mexíkanska eldhús er jafnstórkostlegt og franskt, indverskt, kínverskt, taílenskt, ítalskt og líbanskt. Ef svona staðir væru í röðum á Laugaveginum þyrfti sú gata engu að kvíða. Það er að vísu meiri vandi að bera fram góðan mat á góðu verði heldur en að selja áfengi dýrum dómum. En fyrr eða síðar mun Reykjavík komast á það alþjóðlega menningarstig að það þurfi meira en barborð og björkrana til að geta opnað vinsælan veitingastað.

Það er stand á Goddastöðum núna. Dómsmálaráðherrann okkar virðist hafa dottið mjög harkalega á höfuðið því að nú er hann kominn með þá flugu í höfuðið að við eigum að taka upp evru sem gjaldmiðil - án þess að ganga í Evrópusambandið.

Hugsanlega er mig að misminna en það er samt eins og mig rámi í að Valgerður Sverrisdóttir hafi áður en allt var komið í óefni hér á landi viðrað hugmyndir eitthvað í þessa veru sem vöktu mikla hneykslan og aðhlátur hjá Flokknum.

Að ætla að taka upp evru án þess að ganga í Evrópusambandið er álíka raunhæft og stinga upp á því að einhver verði skipaður dómari við hæstarétt án þess að vera í Flokknum.

Það er með ólíkindum hvað þessi ryðgaða valdamaskína er lengi að átta sig á því sem hvert mannsbarn á landinu veit. Þessi úrræðalausi seinagangur minnir helst á öldungaveldið og flokksmaskínuna þegar Sovétríkin lögðust banaleguna á síðustu öld.

KÆRA DAGBÓK

Þráinn Bertelsson skrifar

MÁNUDAGUR, 14. JÚLÍ.

Ferðahugur og óhugur

Nú er kominn ferðahugur í frú Sólveigu en ferðaóhugur í mig. Ég hlakka til þess að vera kominn á áfangastað en frómt frá sagt kvíði ég fyrir ferðalaginu. Mér finnst heldur óskemmtilegt að afsala mér bæði sjálfsögðum þægindum og mannlegri reisn eins og nú tíðkast ef fólk leggur á sig að ferðast flugleiðis.

MIÐVIKUDAGUR, 16. JÚLÍ.

Ferðamanna-stóriðja

Sumarfríið er byrjað og sólböðun hafin. Í gærmorgun á óguðlegum tíma ók Krummi okkur Andra, litlu Sól og frú Sólveigu til Keflavíkur. Það var fyrsti leggurinn í sumarleyfisferðinni til Kanaríeyjunnar Tenerife. Næsti leggur var svonefnd innritun og tók langan tíma því að við lentum aftast í lengstu biðröð sem ég hef nokkurn tímann tekið þátt í. Þarna í röðinni hittum við svo samferðafólk okkar, doktorana Árnýju og Össur og dæturnar Birtu og Ingu og það voru fagnaðarfundir.

Ástæðan fyrir því að Kanaríeyjar urðu fyrir valinu að þessu sinni sem sólarland er einfaldlega sú að reynsla okkar undanfarin ár af Miðjarðarhafslöndum er sú að í júlí og ágúst geti maður reiknað með að lenda í hitasvækju sem minnir fremur á helju en himnaríki.

Þrjátíu stig eru minn óskahiti. Við fjörutíu og fimm gráður eins og í Tyrklandi í fyrrasumar leið mér eins og spældu eggi og var álíka frjór í hugsun og forsætisráðherra á krepputímum.

Tenerife er ábyggilega afar merkilegur staður, en frómt frá sagt er það af landslaginu hérna sem ég hef séð á leiðinni frá flugvelli að íbúðahótelinu ekki ósvipað mjög stórri malargryfju, grýtt og gróðursnautt.

Á þessum allsherjar sprengisandi hefur sprottið upp alþjóðlegur ferðamannaiðnaður sem gengur fyrir sólarorku, því að hér er sumar og blíða allan ársins hring og svalandi hafgola.

Íbúðahótelið sem við búum á heitir Marylanza. Þetta er nýlegt og þægilegt hótel, byggt í stíl sem hóteleigendur telja greinilega að höfði til ferðafólks og virðist vera sprottinn úr einhverjum ævintýraheimi mitt á milli piparkökuhúsa og Disneylands.

Svo er sagt að engin sé rós án þyrna og ferðamannaiðnaður veldur því miður jafnmikilli mengun og önnur stóriðja.

Sagnfræðingum ber ekki nákvæmlega saman um hverjir það voru sem útrýmdu frumbyggjum Kanarí-eyja en alla vega voru það einhverjir utanaðkomandi aðilar. Nú eru eyjarnar sýsla í Spánarveldi.

Á fyrri hluta síðustu aldar áður en flugsamgöngur urðu jafntíðar og nú var litið á þessar eyjar sem útkjálka og hingað var hershöfðinginn Franco sendur í nokkurs konar skammarkrók. En hann lét krók koma á móti bragði og lagði fyrst eyjarnar undir sig og hélt síðan til meginlandsins og hertók allan Spán. Nafn Francos er síðan tilbeðið af sanntrúuðum hægrimönnum en réttlætinu þótti það enginn héraðsbrestur þegar fjandinn loksins sótti hann.

FIMMTUDAGUR, 17. JÚLÍ.

Heimsmarkaðsverð á sólarolíu

Það tekur nokkra daga að ná fullkomnu meðvitundarleysi og þeirri andlegu djúpslökun sem er tilgangur sólarlandaferða.

Hérna á hótelinu er prýðileg aðstaða til að gleyma öllum áhyggjum og sólskinið er vel og ríkulega útilátið.

Allar lífsnauðsynjar eins og vatn og brauð og veitingastaðir eru innan seilingar og æðri máttarvöld hafa séð til þess að það netsamband við kreppuna á Íslandi sem hótelgestum var lofað reynist vera blekking.

Til allrar hamingju er netsambandslaust við Ísland nema frá torfundnum netkaffihúsum og áhyggjuleysið algjört.

Olíuverð á heimsmarkaði skiptir engu máli í velheppnuðu sumarleyfi. Hér er það dagsprísinn á sólarolíu sem er umræðuefnið á sundlaugarbakkanum.

Ótrúlegt verð

tækin fást í Hagkaupum

Öll raftæki fást í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum

OPIÐ til 20 alla daga

7.990kr
ÓTRÚLEGT VERÐ

Philips ferðútvarp AZ1022
- Útvarp FM/MB
- Dynamic Bass Boost
- Vandaður Geislaspilari
- Spilar CD, CD-R/RW
- Segulband
- Góðir hátalarar
- Dolby Digital
- AV út og heyrnartólstengi
- Hleðslurafhlaða fylgir
- Spennubreytir fylgir
- Taska og bílhleðslutæki fylgir

17.990kr
ÓTRÚLEGT VERÐ

United ferða DVD spilari DVP7046
- Fjölkerfa DVD Spilari - Svartur
- 7" LCD Breiðtjaldsskjár
- Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW, og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, DivX (MPEG-4, DivX 3.11, DivX 4.x, DivX 5.x), MP3 og JPEG
- Dolby Digital
- AV út og heyrnartólstengi
- Hleðslurafhlaða fylgir
- Spennubreytir fylgir
- Taska og bílhleðslutæki fylgir

5.990kr
Verð áður 6.990,-

Lenco ferðaútvarp SCD25
- FM Útvarp
- Vandaður Geislaspilari
- Spilar CD, CD-R/RW og MP3/WMA
- Heyrnartólstengi
- Góðir hátalarar

11.990kr
ÓTRÚLEGT VERÐ

Toshiba DVD spilari SD370
- DVD DivX Spilari
- Progressive Scan
- Video Upscaling í 720p / 1080i (í gegnum HDMI)
- 192kHz/24 bit Audio DAC
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
- Dolby Digital og DTS
- Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS og CVBS tengi
- Digital Coaxial tengi
- Fjarstýring
- Stærð í cm (bxhxd): 43x4x19,9

7.990kr
ÓTRÚLEGT VERÐ

Thosiba DVD spilari SD180
- DVD Spilari
- Progressive Scan
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW og JPEG
- Dolby Digital og DTS
- Scart (með RGB), Component og CVBS tengi
- Digital Coaxial tengi
- Fjarstýring

54.990kr
ÓTRÚLEGT VERÐ

Dantax 15" LCD Sjónvarp 15LCDDVDP1
- 15" 16:9 LCD skjár
- Upplausn: 1440x900 punktar
- Progressive Scan
- HD Ready
- Innbyggður DVD Spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW og JPEG
- Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m2
- Skerpa: 500:1 og svartími: 3,5ms
- 12v og 220v
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- kortalesari SD/MS/MMC
- USB tengi
- Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp
- Svefnrofi og fjarstýring
- Passar fyrir VESA100 festingar (fylgir ekki)
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 38,3x30,9x6,5

59.990kr
ÓTRÚLEGT VERÐ

United 19" LCD Sjónvarp TVD7056
- 19" 16:9 LCD skjár
- Upplausn: 1440x900 punktar
- Innbyggður DVD Spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
- Sjónsvið (h/v): 150/130° og birtustig: 300 cd/m2
- Skerpa: 500:1 og svartími: 8ms
- 12v og 220v
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp
- 12v snúra fylgir
- svefnrofi og fjarstýring
- Passar fyrir VESA100 festingar (fylgir ekki)
- Borðstandur fylgir
- Stærð í cm (bxhxd): 46x35x8 og þyngd: 7kg

Gildir til 26. júlí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Listin á heima í miðborginni

Þegar **Hjálmar Helgi Ragnarsson**, rektor Listaháskóla Íslands, kom fyrst til Reykjavíkur 17 ára gamall heillaðist hann strax af miðbænum. Nú sér hann fram á að skólinn sem hann stjórnar og hefði sjálfur viljað ganga í rísi þar innan skamms. ***Þórgunnur Oddsdóttir*** ræddi við Hjálmar á þessum tímamótum en vinningstillögur um útlit nýbyggingar skólans voru kynntar í vikunni.

HJÁLMAR H. RAGNARSSON „Ég veit að nemendur mínir eiga eftir að skandalisera oft í miðbænum og það er frábært," segir rektor sem sjálfur hefði gjarnan viljað nema við skóla á borð við Listaháskólann á sínum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta er stór áfangi enda hefur það verið stefna skólans frá upphafi að koma honum undir eitt þak," segir Hjálmar sem tekur á móti blaðamanni í gamla SS-húsinu í Laugarnesi þar sem myndlistardeild skólans er til húsa. Gangi allt að óskum verður aðeins kennt þar í þrjá vetur í viðbót því stefnt er að því að nýbygging skólans á svokölluðum Frakkastígsreit verði tekin í notkun haustið 2011. Arkitektastofan +Arkitektar, með Pál Hjalta Pálsson í broddi fylkingar, bar sigur úr býtum í samkeppni um hönnun hússins og Hjálmar er afar ánægður með útkomuna.

„Dómnefndin var einhuga í sinni afstöðu. Þessi tillaga uppfyllir allt sem við báðum um. Það spillti heldur ekki gleðinni þegar í ljós kom að hér var um íslenska hönnun að ræða. Allar sigurtillögurnar þrjár reyndust vera íslenskar og ég lít á það sem sigur fyrir íslenskan arkitektúr því undanfarið hafa erlendar stofur oft verið hlutskarpastar í svona samkeppnum. Það hefði verið frekar pínlegt fyrir arkitektúrdeildina okkar að hreiðra um sig í húsi sem væri hannað af til dæmis Dönum," segir Hjálmar og hlær.

Samspil ólíkra listgreina

Hjálmar hefur verið rektor skólans frá upphafi og allan þann tíma unnið að því að byggja yfir skólann. Hann segir að samruni listgreina, sem hugmyndafræði Listaháskólans byggist á, náist ekki að fullu fyrr en öll starfsemin er komin undir sama þak.

„Við stofnuðum skólann árið 1998 og þessi vinna er búin að vera líf mitt í tíu ár. Það að sjá núna í fyrsta sinn hugmyndafræðina sem liggur að baki skólanum fá á sig þetta myndræna form er alveg stórkostlegt. Ekki bara fyrir mig, því þótt ég hafi leitt þessa vinnu frá upphafi þá hafa ótal margir komið að þessu verkefni. Í raun-inni hafa allir nemendur skólans og kennarar lagt eitthvað til í undirbúningsvinnunni. Þetta er flókin bygging enda flókin starfsemi og við þurftum reglulega að skýra fyrir sjálfum okkur hvað það var nákvæmlega sem við vildum. Þetta er ekki bygging sem getur leyft sér að vera mjög dýr og íburðarmikil. Þetta er fyrst og fremst listverksmiðja og flæðið í henni verður að vera mikið," segir Hjálmar og útskýrir að þátttakendum í hönnunarsamkeppninni hafi verið gerð grein fyrir því að þeir þyrftu að hanna hús sem mætti sóða út. „Þetta er staður þar sem skapandi hugsun er í fyrirrúmi og þar verður ekki gengið um á inniskónum."

Forskotið felst í smæðinni

Hjálmar telur Íslendinga hafa forskot á aðrar þjóðir með því að blanda saman ólíkum listgreinum í einum skóla. „Þessi bygging á eftir að vera einstök. Ég veit ekki um neina listaháskólabyggingu þar sem svona ólíkar og margar listgreinar mætast. Það á eftir að verða okkar styrkur enda tek ég eftir því að erlendir gestir frá öðrum skólum öfunda okkur oft af því hvað skólinn er fjölbreyttur. Þarna er ákveðið samrunaafl í gangi og í framtíðinni eiga listirnar eflaust eftir að samtvinnast enn meira – eins listir og vísindi. Forskotið sem við Íslendingar getum haft í menningarmálum felst einmitt í þessu. Við höfum ekki möguleika á að keppa á öllum sviðum, við getum ekki búið til stór söfn á borð við MOMA í New York en við getum haft ávinning af smæðinni," segir Hjálmar og útskýrir að hugmyndafræði skólans gengi ekki upp í mjög stórum skóla.

„Ef til vill verður komin einhver allt önnur hugsun eftir 50 ár en við verðum að þjóna þeim nútíma sem við lifum við og þeirri framtíð sem við sjáum fyrir okkur. Ég hef tröllatrú á þessari hugmyndafræði," segir hann.

> Listaháskólinn verður engin skrautbygging. Hún verður sú bygging sem fólkið á hverjum tíma, nemendur og aðrir vilja að hún sé.

Sjálfur hefði Hjálmar, sem nam tónlist og tónsmíðar bæði í Evrópu og Ameríku, gjarnan viljað ganga í skóla á borð við Listaháskólann þar sem mörkin milli listgreina eru óljós.

„Kannski var það leiðarljós mitt þegar ég var að stofna skólann og eins núna þegar byggingin er að taka á sig mynd. Þetta er skólinn sem mig hefði dreymt um að fara í og ég held að þessi skóli eigi eftir að uppfylla drauma margra.

Mistök að byggja annars staðar

Það tók langan tíma að finna Listaháskólanum stað. Í maí árið 2007 var skólanum loksins úthlutað lóð í Vatnsmýrinni en nokkrum mánuðum síðar gerði skólinn eignaskiptasamning við Samson Properties sem átti lóðina á Frakkastígsreitnum. Sjálfur segist Hjálmar alltaf hafa séð skólann fyrir sér í miðborginni.

„Ég er Ísfirðingur og kom ekki til Reykjavíkur fyrr en ég var 17 ára gamall og fór í menntaskóla. Ég heillaðist strax af miðbænum og gleymi því ekki þegar ég kom hingað fyrst og gekk um þessa borg. Í mínum huga hefðu það orðið mikil mistök ef við hefðum farið eitthvert annað. Auðvitað hefur þrýstingurinn verið mikill og það hefur reynt á mig sem leiðtoga að halda skólanum hreinlega saman. Oft hefur það verið skelfilega erfitt, núverandi aðstaða er ófullnægjandi svo biðin hefur verið erfið. Þetta hefur tekið tíma en þannig er það bara. Ég hef samið tónverk sem voru tvö til þrjú ár í vinnslu en þetta er stærsta verkefni lífs míns," segir Hjálmar sem hefur þó ekki staðið einn í harkinu.

„Stjórn skólans hefur verið eins og klettur í þessu, algjörlega einhuga og þar hefur stefnan líka alltaf verið sú að reyna að tengja skólann mannlífinu í miðbænum."

Hjálmar er sannfærður um að staðsetningin eigi eftir að gera mikið fyrir skólann og að sama skapi eigi starfsemi skólans eftir að hafa góð áhrif á miðborgina. „Fyrir mér eru listirnar afl í mannlífinu og þær eru aldrei ljótari eða fallegri en mannlífið á hverjum stað. Og hvar er mannlífið í borg nema í hjarta hennar? Þá er ég ekki að tala um í einhverjum uppgerðum gervimiðborgum heldur þar sem blandast saman það fegursta í borginni og það ljótasta. Listaháskólinn verður engin skrautbygging. Hún verður sú bygging sem fólkið á hverjum tíma, nemendur og aðrir vilja að hún sé. Til að svo geti orðið verður hún að vera þar sem deiglan er og ég sé það ekki annars staðar en hér algjörlega í hjarta borgarinnar."

Skólinn mun efla miðborgina

„Miðbærinn verður aldrei líflegri en fólkið sem er þar og það skiptir líka máli hvað fólk er að gera í miðbænum," segir Hjálmar. „Sumir eru í innhverfum störfum sem smita lítið út frá sér en mikið af störfunum í Listaháskólanum eru mjög úthverf. Þetta er glaðlyndur hópur fólks sem oft hefur sterkar skoðanir og tjáir sig mikið. Ég veit að nemendur mínir eiga eftir að skandalísera oft í miðbænum og það er frábært. Þetta fólk á eftir að færa líf í bæinn, ekki einhvers konar penheit heldur kraft og dýpt mannlífsins."

Vonast er til þess að nýja byggingin verði áfangastaður fyrir almenning sem getur nýtt sér bókasafnið, kíkt á listviðburði og sest á kaffihús innan veggja skólans. Húsið mun breyta ásýnd Laugavegarins en Hjálmar hefur þó ekki áhyggjur af því að byggingin verði umdeild.

„Það er enginn vandi að fá fólk til að hrífast af þessari hugmynd. Þetta mun gera borginni gagn og vera til prýði. Við þá sem hafa efasemdir segi ég: Skoðið þetta og kynnið ykkur tillöguna, farið inn í húsið í huganum, standið fyrir framan það, setjið ykkur inn í hugmyndafræðina. Síðan getið þið tjáð ykkur og þá skal ég tala við ykkur."

➜ LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS

- Skólinn var stofnaður árið 1998 og tók til starfa haustið 1999.
- Um 400 nemendur stunda nám við skólann í fjórum deildum; myndlistardeild, hönnunar- og arkitektúrdeild, leiklistardeild og tónlistardeild auk þess sem boðið er upp á nám til kennsluréttinda. Til stendur að fjölga deildum og bjóða t.d. upp á nám í kvikmyndagerð.
- Kennsla fer nú fram á fimm stöðum vítt og breitt um bæinn.
- Skólinn er sjálfseignarstofnun og starfar samkvæmt skipulagsskrá með fjárframlögum frá ríkinu.

➜ VINNINGSTILLAGA +ARKITEKTA

Gert er ráð fyrir að nýbygging Listaháskólans standi á svokölluðum Frakkastígsreit sem afmarkast af Laugavegi í suðri, Hverfisgötu í norðri og Frakkastíg í austri. Byggingin er 13.500 fermetrar að stærð en auk þess er reiknað með að 2.000 fermetra bygging rísi norðan Hverfisgötunnar og hýsi verkstæði skólans. Innangengt verður milli bygginganna í kjallara hússins undir sjálfri Hverfisgötunni.

Tillagan gerir ráð fyrir að húsin við Laugaveg 43 (þar sem Vínberið er nú til húsa) og 45 víki en hús númer 41 verði friðað, lyft upp um eina hæð og fellt inn í sjálfa skólabygginguna.

OPIÐ RÝMI Í miðju byggingarinnar er mikið opið rými.

VÍSAÐ Í HANDVERKIÐ Klæðning á húsinu vísar í íslenskan menningararf. „Ekki fossana, stuðlabergið, jöklana og allt þetta karlmannlega, heldur handverkið og þetta fínlega og kvenlega," segir Hjálmar.

STÓRÚTSALA 40%-70%
SUMARYFIRHAFNIR 2 FYRIR 1

Yfir46
kvenfataverslun
Stærðir 42-60.
Borgarbraut 55
310 Borgarnesi
Sími: 4371930
Opnunartími:
Virka daga 12-18
Laugardaga 12-16

alltheilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

Ingimar náði að láta Blönduóslögguna taka sig fyrir of hraðan akstur þó Smart-bíllinn sé bara með 42 hestafla vél.

MYND/HEIÐA.IS

Fullkominn kreppubíll

Margir vildu vera í sporum Ingimars Björns Davíðssonar starfsmanns Menningarmiðstöðvarinnar Listagils á Akureyri þegar hann kaupir eldsneyti á bílinn sinn.

„Ég er enginn bílakarl," tekur Ingimar fram í upphafi spjalls. „Ég vil bara komast frá A til B á nógu hagkvæman máta og það hefur tekist á þessum bíl í rúmt ár." Ökutækið sem um ræðir er tveggja sæta blæjubíll sem heitir Smart for two. Eigandinn fræðir mig um að slíkir bílar séu framleiddir af Chryshler-samsteypunni og hafi komið fram á sjónarsviðið í kringum aldamótin. „Þetta var hugmynd sem unnin var í samstarfi Mercedes og Swatch-úrafyrirtækisins sem gerði „flikk flakk"-barnaúrin. Hugmyndin var að gera lítinn og sparneytinn nútímaborgarbíl sem rúmaði tvær manneskjur og kassa af bjór. Það væri ekkert meira sem þyrfti. Ég var búinn að sjá þessa bíla erlendis og hreifst strax af þeim. Svo þegar ég sá þennan á Bifreiðasölunni þá slengdi ég mér á hann og hann hefur gengið eins og klukka. Hann gengur fyrir dísilolíu og eyðir svona þremur til fjórum lítrum í innanbæjarakstri. Ég kemst af með sex til sjö þúsund á mánuði í eldsneyti þannig að þetta er hinn fullkomni kreppubíll."

Ingimar Björn telur um 20-30 Smart bíla á landinu og segir þá flutta inn af einstaklingum. „Það er ekkert umboð fyrir þessa bíla hér en bæði Hekla og Ræsir geta þjónustað þá. Fyrirtækið úti vill ekki selja þá hér nema sett verði upp Smart-miðstöð," upplýsir hann.

Einu sinni kveðst Ingimar hafa lent í smá vandræðum. „Ég var austur á Mývatni þegar sprakk á bílnum en það fengust engin nógu lítil dekk á Norðurlandi svo ég varð að fá dekk sent með flugi úr Reykjavík og láta skutla því austur." Vélin í Smartinum er 42 hestöfl en hann er svo léttur að Ingimar segir kraftinn nægja. „Mér hefur að minnsta kosti tekist að láta Blönduóslögguna taka mig fyrir of hraðan akstur," segir hann hlæjandi að lokum.

gun@frettabladid.is

Tilboð.

Til sölu þrjú vönduð nýleg 21 fm hús tilbúin til flutnings.
Tilvalin sem gestahús, veiðihús eða til ferðaþjónustu. Fulleinangruð og panelklædd að innan.

Húsin eru í Skorradal Nánari upplýsingar gefur Ævar í síma 840 0470

KVERKUS
Kverkus ehf. Síðumúli 31
Símar 581 2220, 858 0200 eða 840 0470.
kverkus@kverkus.is www.kverkus.is

Innbrot eru algeng í bíla. Bestu ráðin til að komast hjá innbroti er að muna að læsa og geyma aldrei neitt verðmætt í bílnum sem sést utan frá.

Partasala í molum

Fáar bílapartasölur eru orðnar eftir í Reykjavík enda húsnæði dýrt. Íslendingar velja heldur nýja bíla en að gera við gamla á meðan erlendir ríkisborgarar flykkjast í Vöku.

Svo virðist sem Íslendingar hafi takmarkaðan áhuga á að halda við gömlum bílum á meðan erlendir ríkisborgarar flykkjast í Vöku í varahlutaleit. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bílapartasölum hefur fækkað mikið á Reykjarvíkursvæðinu á undanförnum árum. Hægt er að telja þær sem eftir eru á fingrum annarrar handar, en svo virðist sem dýrt húsnæði sé helsta orsök flóttans. Eigendur partasalanna leita út fyrir höfuðborgarsvæðið þar sem þeir koma sér upp aðstöðu undir berum himni á mun ódýrari lóðum.

„Það er enginn rekstrargrundvöllur fyrir partasölu í húsi hér í Reykjavík lengur," segir Hjálmar Hlöðversson, eigandi Bílakringlunnar, einnar af síðustu partasölum Reykjavíkur. „Það eru margir að gefast upp og sjálfur ætla ég brátt að snúa mér að öðru."

Það er ekki einungis hátt húsnæðisverð

sem gerir rekstrarumhverfi margra partasala erfitt. Verð á vinnustund á verkstæðum fælir marga frá því að láta gera við gamla bíla með varahlutum frá partasölum. Geti eigendur ekki gert við bílinn sjálfir getur í mörgum tilfellum borgað sig að fá annan notaðan bíl í nothæfu ástandi. Framboðið er gríðarlegt og einfalt að taka yfir lán án þess að þurfa að greiða út krónu.

Vandinn leggst ekki jafnhart á allar partasölur. Steinar Már Gunnsteinsson, verkefnastjóri Vöku, tekur í sama streng og Hjálmar og segir að vissulega þjaki ákveðinn húsnæðisvandi partasölur. Hann segist þó ekki hafa orðið var við samdrátt, nema síður sé.

„Við fáum reyndar færri Íslendinga til okkar, en síðustu tvö ár hefur erlendum viðskiptavinum fjölgað mikið. Þeir eru mun duglegri en heimamenn að bjarga sér og rífa sjálfir þá varahluti sem þeir þurfa úr bílum hér," segir Steinar.

Hvort sem samdrátturinn sem þjóðin gengur í gegnum nú á eftir að skila sér í lengri lífdögum notaðra bíla skal ósagt látið. Það verður þó að teljast harla líklegt meðan framboð notaðra bíla er slíkt að dæmi eru þess að fólk borgi með bílum sínum, einfaldlega til að losna við skuldabyrðina.

tryggvi@frettabladid.is

Ford Transit er sportlegur að sjá og greinilegt að mikið hefur verið lagt upp úr útlitinu.

Sportlegur vinnubíll

Í sýningarsal Brimborgar er mættur sendibíllinn Ford Transit. Bíllinn hefur vakið mikla athygli og sker sig úr fjöldanum.

Ford Transit 140 Sport hefur mikinn búnað eins og Low profile dekk með átján tommu álfelgum. Bíllinn hefur einnig tvöfalt púst, vindskeið og sportrönd.

Ford Transit er einnig með samlitaða stuðara og grill. Að innan sem að utan er mikið lagt upp úr sportlegu útliti og endurspegla leðursætin, geislaspilari og hraðastillir það. Speglarnir eru rafknúnir og upphitaðir, gírstöngin og stýrið eru leðurklædd og hliðarrúður eru dekktar. Ford Transit 140 Sport er með 140 hestöfl eða 350 nm í togi.

Bíllinn er rúmgóður, hagkvæmur í rekstri og endingargóður. Hann getur sinnt ólíkum og fjölbreyttum verkefnum á sviði vöruflutninga. Flutningsrýmið er vel hannað og þar má auðveldlega koma fyrir rekkum til beggja hliða eða hlaða hann tveimur litlum vörubrettum með vörum á. *- mmr*

Sterk staða Volvo

VOLVO HEFUR STYRKT STÖÐU SÍNA SEM LÚXUS BÍLAMERKI OG ER NÚ SÖLUHÆSTA LÚXUSBIFREIÐIN Á ÍSLANDI.

Volvo er söluhæsta lúxusbifreiðin á Íslandi. samkvæmt tölum frá Umferðarstofu yfir nýskráningu bifreiða.
Ef tölurnar frá því í fyrra eru skoðaðar kemur fram að sala á Volvo hefur dregist minna saman en á öðrum lúxusbifreiðum en samdráttur frá því á síðasta ári nemur 33 prósentum.
Bílasala hefur dregist hraðar saman í dýrari merkjum en á almennun bílamarkaði og þrátt fyrir samdráttinn er staða Volvo góð í sölu lúxusbifreiða. Á núverandi krepputímum hefur Volvo því greinilega styrkt stöðu sína.

- mmr

Vegabréf er hlutur sem má ekki gleyma heima þegar haldið er af stað út á flugvöll. Ekki gott að vera komin af stað með ekkert vegabréf.

Leifsbúð er fallegt og sögufrægt hús við höfnina og er þekkt sem gamla Kaupfélagshúsið meðal Dalamanna. Nú hýsir það upplýsingamiðstöð ferðamanna, sögusýningu og kaffihús. MYND/HELGA H. ÁGÚSTSDÓTTIR

Örlygur leggur sérstakan metnað í súpugerð í nýja kaffihúsinu í Leifsbúð í Búðardal.

Matgæðingur í Búðardal

Örlygur Ólafsson, sem rak Súpubarinn í Borgartúni við góðan orðstír, hefur nú opnað kaffihús í Leifsbúð í Búðardal.

„Það eru mikil forréttindi að starfa í þessu fallega húsi þar sem andi liðinna tíma svífur yfir vötnum. Auk veitinga- og kaffihúss eru í húsinu Upplýsingamiðstöð ferðamanna fyrir Dalasýslu og sýning á sögu og munum sem tengjast landafundum Eiríks rauða og Leifs heppna," segir Örlygur Ólafsson sem rekur kaffihúsið í Leifsbúð.

Húsið er við sjávarsíðuna í Búðardal og segist Örlygur ætla að leggja áherslu á matarhefð héraðsins. „Ég var strax ákveðinn í að skapa hér matarmenningu sem væri samboðin umhverfinu, ekkert yfirdrifið og þungt heldur frekar fallegt og látlaust," útskýrir Örlygur og bætir við: „Við munum bjóða upp á ljúffenga ostabakka og síldarplatta með bjór og léttvíni á kvöldin en Dalamenn eru þekktir fyrir ostagerð og má í því sambandi nefna að Mjólkurbú Búðardals sér um framleiðslu á öllum desertostum sem seldir eru undir vörumerkjum MS." Meðal annarra rétta sem boðið verður upp á eru matarmiklar súpur og einnig verður réttur dagsins framreiddur með úrvali af ferskum salötum og meðlæti. Af nógu er að taka þegar kemur að eftirréttum og bakkelsi en hægt er að renna því niður með gæðakaffi, tei og kakói. „Ég legg áherslu á að hafa allt hráefni fyrsta flokks og starfsemin í húsinu mun vonandi laða að sér bæði matgæðinga og menningarvita," segir Örlygur kíminn.

Kaffihúsið verður opið í sumar, miðvikudaga til sunnudaga, frá klukkan 11 til 22.

hrefna@frettabladid.is

BÍLALEIGUBÍLAR
SUMARHÚS Í DANMÖRKU

Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.

Bílar frá dkr. 1.975.- pr. viku.

Innifalið í verði;
ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfsábyrgð.
(Afgr.gjöld á flugvöllum).

Höfum allar stærðir bíla, 5 – 7 manna og minibus 9 manna og rútur með eða án bílstjóra.

DanCenter
Sumarhús
Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum

Lalandia
LALANDIA - Rødby
Lágmarksleiga 2 dagar.
LALANDIA - Billund
Nýtt frábært orlofshúsahverfi rétt við Legoland.

Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is

fylkir.is
Ferðaskrifstofa
Bestir í Danmörku
Hraunbær 18 - 810 Hveragerði - Sími 456 3745

Mallorca
6. ágúst í 2 vikur
frá kr. 54.990

Síðustu sætin!
Heimsferðir bjóða nú síðustu sætin til Mallorca 6. - 20. ágúst á einstökum kjörum í 2 vikur. Í boði er íbúðahótelið Sorrento sem stendur á fallegum stað í Santa Ponsa og er í stuttu göngufæri við ströndina. Mallorca er ein perla Miðjarðarhafsins og hér nýtur þú sumarsins til hins ítrasta í sólinni og traustrar þjónustu fararstjóra Heimsferða.

Verð kr. **54.990**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2 -11 ára í íbúð. Sértilboð 6. ágúst í 2 vikur.

Verð kr. **64.990**
Netverð á mann, m.v. 2 saman í íbúð. Sértilboð 6. ágúst í 2 vikur.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

THULE SWEDEN

Taktu hjólið með
- settu það á toppinn.

THULE ProRide 591
Einfaldar og stílhreinar hjólafestingar.
Auðveldar í notkun.

THULE OutRide 561
Fyrir þá sem eru vanir. Hjólið fest í framgaflinum.

Allar upplýsingar um THULE er að finna á vef Stillingar www.stilling.is

Stilling
www.stilling.is // stilling@stilling.is
Skeifan 11, 108 Reykjavik | Bildshöfði 12, 110 Reykjavik | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur
Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður | Draupnisgata 1, 600 Akureyri
Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

Veggklukkur ættu að vera inni á hverju heimili. Þegar fólk er að drífa sig eða langar að vita hvað klukkan er, er gott að geta gengið að henni vísri.

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

allt tíska
Alla fimmtudaga

Með himnasænginni má velja snoturt rúmteppi og notalega púða í stíl.

Undir fögrum himni

Svefnherbergið er griðastaður þar sem gott er að láta líða úr sér í fallegu umhverfi. Himnasængur eru tilvalin leið til að gera svefnherbergið notalegra.

Himnasængur setja mikinn svip á svefnherbergið og eru oft notaðar í barnaherbergjum. Krakkar vita fátt skemmtilegra en að kúldrast í tjaldi og himnasængur eru eins konar tjald þar sem þær gnæfa yfir rúmið og breiða úr sér. Fullorðnir geta þó líka skreytt rúm sín með himnasængum og gaman getur verið að hengja þær upp í tré eða út á svalir. Víða má fá fallegar himnasængur en í Stubbasmiðjunni í Holtagörðum má finna úrval himnasænga sem mikið er lagt í. Hér gefur að líta heiðgræna og fremur íburðarmikla Mille Fiori-himnasæng frá Colorique en hún fæst í Stubbasmiðjunni á 21.300 krónur. *- hs*

Fljúgandi telauf

Sorapot-teketillinn er einfaldur en nútímalegur ketill sem gaman væri að drekka te úr á löngum sumarkvöldum. Hann er hannaður af Joey Roth sem býr í Brooklyn í New York.

Hönnuðurinn Joey Roth segist heillast af merkingu hluta og hvernig athöfn tengist þeim. Hann ákvað því að hanna teketil þar sem hægt væri að sjá telaufin lita heitt vatnið og verða að ljúffengu tei, en honum finnst gaman að fylgjast með því. Að sögn Joeys er það draumur hans að finna Sorapot-teketil, sem greinilega hefur verið elskaður og mikið notaður, í fornmunabúð eftir fimmtíu ár.

Ketillinn er vinsæll og hefur eignast 223 aðdáendur á Facebook þótt hann hafi fyrst komið á markað í febrúar síðastliðnum.

Hægt er að nálgast Sorapot-katla á www.sorapot.com, en í augnablikinu eru þeir þó uppseldir. *-mmf*

Hægt er að sjá telaufin lita heitt vatnið í Sorapot-katlinum. MYND/SORAPOT

Glæsileg frístundahús með frábæru útsýni að Indriðastöðum í Skorradal

Til sölu mjög vönduð heilsárshús við Indriðastaði. Steyptir sökklar með gólfhita. Heitt vatn og internettengin á staðnum. Húsin eru staðsett rétt ofan við nýja golfvöllinn að Indriðastöðum og er fyrirhugað að golfvöllurinn verði 27 holur. Sjá á www.indriðastaðir.is Aðeins 50 mínútna akstur frá Reykjavík og stutt í alla þjónustu í Borgarnesi. Möguleiki að fá bátaskýli við Skorradalsvatn. Hús fyrir vandláta.

Hafið samband við söluaðila til að skoða húsin. Ævar s. 840 0470.

Indriðastaðahlíð 102.
Nútímalegt heilsárshús. Stærð 118.7 fm og möguleiki að bæta við gestahúsi og eða bílskúr. Hús klætt með lerki harðvið og flísum að utan, gluggar og hurðir eru ál að utan en timbur að innan. 4.170 fm eignarlóð.

Indriðastaðahlíð 120
Nútímalegt heilsárshús. Stærð 118.7 fm auk 65 fm gestahúss og bílskúr. Hús klætt með jatoba harðvið og flísum en gluggar og hurðir eru úr mahogany. Hús með stórglæsilegu útsýni. 3.352 fm eignarlóð.

Indriðastaðahlíð 106.
Glæsilegt hús eftir norskri fyrirmynd stærð um 172 fm Vel skipulagt hús, 4 svefnherbergi, sjónvarpsherbergi, 2 baðherbergi, eldhús, borðstofa og stofa.. Húsið er klætt með sérgerðum 43 mm þykkum panil. 6.763 fm eignarlóð.

Söluaðili: BFT ehf. | Ævar Gíslason | Sími 840 0470 | bft@bft.is

TILBOÐ Á FRÍSTUNDAHÚSUM

Möguleiki á 100% láni

Uppsett hús eru í Skorradal til sýningar. Hafið samband í síma 840 0470 Ævar.

Erum með sértilboð á tveimur frístundahúsum sem komin eru til landsins og eru óuppsett. Húsin eru tilbúin að utan með einangruðum veggjum. Efni í rafmagnsgrind og milliveggjaefni fylgir. Gerum föst tilboð í sökklavinnu, uppsetningu og annan frágang.

Stærð 118.7 fm. Hús klætt með jatoba og stáli, gluggar og hurðir eru úr furu.
Verð kr. 11.600.000,- staðgreiðsluverð.
TILBOÐ KR. 9.800.000,-

Stærð 118.7 fm. hús klætt með jatoba og stáli, gluggar og hurðir eru úr mahogany.
Verð kr. 12.000.000,- staðgreiðsluverð.
TILBOÐ KR. 10.200.000,-

KVERKUS

Kverkus ehf. Síðumúli 31
Símar 581 2220, 858 0200 eða 840 0470.
kverkus@kverkus.is www.kverkus.is

Kósí kertaljós

LAMPI OG LJÓS Í SENN

Viltu rómantískt kertaljós eða þægilega lampalýsingu? Því má auðveldlega bjarga með kertalampanum sem hannaður er af Adrien Rovero þar sem kertalampinn er kerti og lampi í senn. Kertalampinn er úr glerungshúðuðu stáli sem er hvítt að lit og honum fylgja svartur lampaskermur og svart kerti. Kertalampinn er í laginu eins og tvíarma kertastjaki með kerti öðrum megin og lampa hinum megin. Hægt er að fá lampann bæði fyrir evrópskar og bandarískar innstungur í vefverslun SUCK UK, www.suck.uk.com, á sextíu pund. *- hs*

Birtan af kertalampa Rovero er óneitanlega þægileg hvort sem hún kemur frá kertinu eða ljósaperunni.

weber

– ekki bara **grill!**

Sölustaðir: Járn & Gler · Garðheimar · Húsasmiðjan Egg · Búsáhöld Kringlunni · Pottar og Prik Akureyri Gallerý kjöt og Fiskisaga · www.weber.is

XEINN JG EBG 6x4 01

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

BÍLAR & FARARTÆKI

Netbilar.is kynnir: Nissan Terrano II, sjálfsk, diesel,7manna, árg 1999, ek 190 þ. abs,álfelgur,cd,Mjög gott eintak með þjónustubók frá upphafi,Smurður á 5.000 km fresti, ásett verð 790 þ. Uppl 588 5300 eða www.Netbilar.is

Netbilar.is kynnir: Einn flottasta Magnum götunar,árg 2007, ek 27 þ. 3500cc, 22" felgur, custom spoler eye lids og angel eyes,ofl, Sjón er sögu ríkari, verð 4.990, uppl. í s. 588 5300 eða www.Netbilar.is

Netbilar.is kynnir: Porsche 911 Carrera 4,árg 2005, ek 31 þ.Eins og nýr úr kassanum, Einn með öllu, Gott staðgreiðsluverð,ásett 9.900 áhv 7.500, Uppl 588 5300 eða www.Netbilar.is



Netbilar.is kynnir:100%lán á Dodge Ram Daytona 5,7 Hemy, 4x4, 345 hp,árg 2006, ek 23 þ.km, 20" felgur, Spolerkitt, segl yfir palli,virkilega öflug græja,öll skipti skoðuð,verð 3.690 áhv 3.690, uppl 588 5300 eða www.Netbilar.is

Netbilar.is kynnir: Rang Rover 4,6 árg 2000, ek 184, Einn með öllum aukabúnaði, mikið yfirfarinn dekur bíll,Verð 1.980 áhv 1680 afb 45 þ. Uppl 588 5300 eða www.Netbilar.is

Netbilar.is kynnir: Nissan X Trail, 2007, sjálfsk,diesel,ek 8 þ. aksturstölva, álfelgur, fjarlægðarskynjara, Hraðastillir, Spólvörn, Stöðuleikakerfi, Krókur, 29"heisársdekk, filmur, aukabúnaður fyrir 400.þ, verð 3.990 Möguleiki á 80%Fjármögnun, Uppl 588 5300 eða www.Netbilar.is

Netbilar.is kynnir: Alfa Romeo 156,árg 1999 ek. 78 þ. 1600cc, Abs, Reyklaus, mikið yfirfarinn, Ásett verð aðeins 450 þ. Tilboð óskast. Uppl. í s. 588 5300 eða www.Netbilar.is

Netbílar.is
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sími: 588 5300
http://www.netbilar.is

BÍLABORG

Mini Cooper S. Árgerð 6/2006, ekinn 8 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 3.890.000-áhvíl. ca. 3.4 mill. afborgun 55 þús. Skipti á dýrari eða ódýari koma til greina. Lítur út eins og nýr.



Land Rover Range Rover Vogue 4.4 umboðsbíll. Árgerð 9/2003, ekinn 69 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Listaverð 6.490 þús. Bíll með öllu. Erl. lán c.a 3.9 millj. Vil skipta á dýrari fólksbíl eða ódýrari. Uppl. í s. 696 1001 eða 517 1111 Einnig gott stgr verð.

Bílaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
http://www.bilaborg.is

Bílabankinn

Toyota Yaris Sol árg '99, ek. 153 þús, ásett verð 590 þús. Verð 430 þús. Nýsko, nýsmurður. Góður bíll. Uppl. í s, 891 6769

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
www.bilabankinn.is

---

100 bílar

Honda Jazz 1,4I LS, 8/2006, ek. 32 þús. km, Sjálfsk. Geislaspilari, Loftkæling, Rafmagn og fl. Verð 1690 þús.kr, áhv.1560 þús.kr.

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Hyundai Starex H-1, 7 manna, 4x4, diesel
Skr. 01/02, ek. 103 þús. Ný heilsársdekk, dráttarkúla, bsk, 5 gíra, hátt og lágt drif.Ásett verð 1.550.000.- tilboð kr. 1.250.000.- Uppl. í s. 820 3206.

Svartur MMC Pajero árg. '06 bensín ssk., ek. 31 þ. Leður & rúskinn í sætum, lúga, litaðar rúður, krókur og rafm. í öllu. Flottur bíll! Verð 5,2. Er einnig með Pajero árg. '04 bensín. Uppl. í s. 660 1006.

YFIRTAKA Á LÁNI !!
Hyundai Santa FE 20.08.07. Sjálfskiptur Lúxusbíll, 7manna, Leður, MP3, CD, krókur, kælibox, topplúga, AC, bakkskynjari, regnskynjari og fleira. Upplýsingar fást í síma 856-6470

Renault Master 17 sæta rúta árg.'01. með nýrri vél, kúpling ofl. í toppstandi. S. 898 5142.

Toyota Corolla Touring 4WD árgerð 1997 ekinn 190 þ. km. Fjórhjóladrifinn bíll í mjög góðu ástandi fyrir utan kúplingu sem þarfnast endurnýjar. ~~Afsláttarverð kr. 150 þ.~~Uppl. sími: 898 7889 / 861 7576

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Gesthouse for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. From 45 thosund pr.month. Call 824 4532.

ÞJÓNUSTA

vodafone

Iceland Express

1011 ...alltaf opið!

vörður

SPORT 2
enski boltinn

BARCLAYS PREMIER LEAGUE

ENSKI BOLTINN

HEFST 10. ÁGÚST – YFIR 350 BEINAR ÚTSENDINGAR

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Glæný 3-4 herb. 98 fm íbúð í 101 Rvk. til leigu. Leiga 150 þ. + tryggingarvíxill. S. 845 2267 & 847 4749

Einbýlishús 4-5 h. 144 m2 til leigu í Kópavogi frá 1 sept 08 -1 júní 09 reglus. reyklaust. án dýra.Leiga pr mánuði 160 þ Uppl. Húsgögn fylgja að hluta. s.8490315

76 fm 2 herb. íbúð til leigu í Garðabæ, m/bílskýli og verð 130 þ. Uppl. í s. 437 1930 og á kvöldin 435 1388.

Teigahverfi - 105. 3ja herb. nýuppgerð jarðhæð til leigu. 74 fm með útgengi út í stóran garð. Laus 1. ágúst. Fyrirspurnir sendist á sigrun@bifrost.is

Glæsileg 4herb. 85ferm. íbúð með æðislegu útsýni í Fossvogi leiga 155þ á mánuði. sími 6934532.

Til leigu í skemmri tíma glæsileg 3ja herb. íbúð miðsvæðis, allt fylgir. S. 899 6400.

Til leigu 2ja herb íbúð á 2 h í vesturb Verð 120000 kr m/öllu. Uppl. í síma 6953895

Til leigu íbúðir í La Marina, Alicante, Spáni. Við höfum allar stærðir af íbúðum, einbýli, fjölbýli, og parhús. Innbú fylgir. Sundlaug við flest öll hús, loftkæling. La marina er ca. 15 mín. frá ströndu, um 40 mín. frá Benidorm, 20 mín frá Torrevieja. Í La Marina er flesta þjónustu að finna, fallegt útsýni, rólegur staður fyrir fjölskyldur. Mjög sanngjarnt verð. Upplýsingar veitir Hafdís sem talar spænsku, ensku og íslensku. S. 0034 653 484 021 & puffin55_rocky64@hotmail.com

Herb. til leigu í fjölb. á Arnarnesh. í Garðabæ m/aðg. að eldh., baði og þvottah. Reykleysi skilyrði. Uppl. í s. 8624468.

3ja herb. íbúð í Garðabæ til leigu frá 1. sept. Fyrsti og síðasti mán. fyrirfram. Uppl. í s. 694-5974, Andrea.

4 herb. 120fm. íbúð til leigu í Innri Njarðvík. Íbúðin er nýleg, staðsett nálægt grunnskóla og leikskóla. Laus 1. ágúst. Uppl. í síma 866 1441

Austurströnd 8. 65 fm, 2 herbergja, 3 hæð, með húsgögn, bílageymsla. All innifalið. Leiga 120.000. Simi: 8689437

2 herb. íbúð til leigu við Álfaskeið í HFJ. Leigist með eða án bílskúrs. Uppl. veitir Guðbjörn eftir kl 5 í S 897 4610

Til leigu á Selfossi 180m2 einbýlishús m.bílskúr,4svefnherbergi (húsið er staðsett miðsvæðis í bænum) verð 165.000 á mán.+rafm.og hiti. Uppls:8475378 eða margretbd@hotmail.com

80fm nýleg íbúð í Vogum á Vatnsleysu, 15 mín frá Hfj., til leigu laus strax. Parket- og flísalögð með sérinng. Aðeins gott, reglusamt og reyklaust fólk kemur til greina. Uppl. í s. 895 9959, Björgvin.

3ja herb. 90 fm íbúð á Suðurholti í Hafnafirði. Laus samkvæmt samkomulagi. Uppl. í s. 857 1792 eða á kvv@mi.is

Stúdíó 43 fm í 111. Leiga 90 þ. á mán. + trygging. S. 866 4754 & 557 5058.

Til leigu 4 herb. Íbúð í Smáranum. Frábær staðsetning. Laus 1.ágúst nk. Uppl. í s. 693 8510.

Herb. til leigu með öllu + inernet.í Garðabæ. Uppl. í s. 847 7147.

Húsnæði óskast

Óskað er eftir leigjendum úr hönnunargeiranum!
Til leigu sérlega, glæsilegt skrifstofuhúsnæði að Borgartúni 6. Rými er alls 153 m2, með aðgangi að fundarherbergi og kaffistofu. Húsnæðið er allt nýuppgert, opið og bjart,gluggar í norður/vestur og mikil lofthæð. Innifalið í leigu er hiti, rafmagn+þrif. Leiguverð er 2200-kr. á /m2+vsk. Möguleiki er á að leigja vinnubása, leiguverð þá 48.000+vsk.
Áhugasamir hafi samband við Gunnar Pál 698 5665, eða Björk í síma 822 2251 eða bjorkheima@forma.is

Leiga. 21 árs ábiggilegann norðlending á leið í Borgarholtsskóla vantar húsnæði, helst í Grafarvogi. Til greina kæmi að stúka af aðstöðu í bílskúr. Upls. í síma: 8492172 eða 8922641 Eyþór Kári

Konu með 2 stálpuð börn bráðvantar íbúð í Kópavogi. Get aðstoðað við þrif, barnagæslu ofl. ef með þarf. Upplýsingar í síma 8677858.

24 ára gömul stelpa óskar eftir herbergi eða stúdíóíbúð á höfuðborgarsvæðinu frá 1 ágúst. Er ábyrg og reglusöm,skilvísum greiðslum heitið. Upplýsingar 616-1016 Erna

Looking for a studio appartment or room for a reasonable prize in Reykjavík. Sarmite 894-7153.

Reglusamt par óskar eftir 2 herb. íbúð helst á svæði 270. Greiðslu geta allt að 100þ. S. 865-8784

100 % maður !!! Rólegur, reglusamur og reyklaus „strákur" í Hl, óskar eftir lítilli, ódýrri íbúð/studio, gjarnan í 101/105 Rvk. 100 % umgengni. Eyjólfur: ebe5@hi.is eða 8658704

Reykjaust gott par óskar eftir lítilli 2-3ja herb. íbúð frá 1. ágúst, helst í grafarv. eða nágr. Á verðb. 80-100 þ. Öruggar mán. gr. S: 6638988

Jarðverktaki

Með gröfur og vörubíla og fleira óskar eftir íbúð til leigu sem greiðist með jarðvinnu. Uppl. í s. 867 0819.

Sumarbústaðir

Eitt hús eftir. Tilbúið að utan og einangrað að innan, ca. 80 fm grunnflötur ásamt frágengnu 25 fm millilofti og innveggjagrindum. Til afhendingar strax eða síðar, til flutnings eða skilað á lóð, samkvæmt nánara samkomulagi. Skipti koma til greina og góð lánakjör í boði. Húsið er til sýnis að Fitjum við Mosfellsbæ. Upplýsingar veitir Guðjón í síma 6919500.

TIL LEIGU

Ertu á leið til Köben?
Bjóðum upp á íbúðagistigu á besta stað í Kaupmannahöfn, stutt í allt.
Allar upplýsingar
Houseofcolors.dk

Sumarhús/lóðir

Til sölu eignarlóðir í Grímsnesi með 15fm húsi. Rotþró, rafmagn og vatn. Önnur lóð við hliðina einnig til sölu. Gott verð. Uppl. í s. 660 1050.

Sumarhús á Eignarlandi

Til sölu glæsilegt 105 fm. hús á 2,5 ha. og 95 fm. sumarbústaður á 5 ha. landi í Grímsnesi. Hentar til beitar eða ræktunar. Hitaveita á staðnum. Uppl. í s. 821 4958 & 555 4968.

Atvinnuhúsnæði

Get haft til leigu 30-60 fm iðnaðarpláss. 20 mín. sunnan Hafnafjarðar. Uppl. í s. 894 0431.

Geymsluhúsnæði

geymslur.com
Geymslur frá 5990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net

Bílskúr

Til leigu á Flyðrgranda 24 fm bílskúr. Verð 30000 á mánuði. Uppl. í síma 6935411

Gisting

Gisting í miðbænum í Rvk. Uppl. í s. 895 0497.

ATVINNA

Atvinna í boði

Employment agency seeks:
Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.
- Proventus - Call Margrét 699 1060

Smart starfsfólk
Starfsfólk óskast á sólbaðsstofuna Smart Grensásvegi og v/ Ánanaust
Umsóknareyðublöð á staðnum og á smartsol.is Yngri en 18 ára koma ekki til greina.



Veitingahús Nings - Framtíðarstarf
Veitingahús Nings óska eftir vakstjóra
og öðru starfsfólki í fullt starf.
Unnið er á 15 daga vöktum.
Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 18 ára eða eldri og íslenskumælandi.
Endilega hafið samband í síma 822 8835 eða www.nings.is

Robotnicy na Reykavíkur
Z powodu mnozacych sie zadan na terenie Reykjavíku firma budowlana.
Poszukuje stolarzy do pracy na tym terenie Tel: 820 7063, Jozef & 820 5745, Marchin.

Ciesli szalunkowych
Lub osoby zdswiadczenien pirzy szalunkach, na swoje budowy w Reykjaviku jego okollcach. Zanteresowari musza wykazac sie doswiadczeniem w.
Prazy z systemem szalunkewym hunnebeck, doka mile widziana. Znajomoic jezyka angielskiego. Tel: 820 7063, Jozef & 820 5745, Marchin.

TIL SÖLU

Til sölu
stórglæsilegt viðhaldslítið 130 fm heilsárshús á 0,75 ha.
eignarlandi í Grímsnesi í landi Ormstaða, sýningarhús á staðnum. Húsið er tilbúið að utan en fokhelt að innan. Húsið er staðsett á frábærum stað í nágrenni við Minni-Borg og Hestvatn. Stutt er í alla þjónustu, þ.á.m. golfvöllur og sundlaug. Aðeins 40 mín. frá RVK. malbikað alla leið. Verð aðeins 16,7 milljónir.
Einnig til sölu einingar og teikningar í svona hús og lóðir.
Upplýsingar í síma 841-8788

Afgreiðslustarf Select Garðabæ
Óskum eftir að ráða starfsfólk til afgreiðslustarfa á nýja og glæsilega Select í Garðabæ. Unnið á þrískiptum vöktum. Afgreiðsla í verslun, þjónusta við viðskiptavini og önnur tengd störf.
Nánari upplýsingar gefur Heiða í síma 444 3056 eða Jóhanna stöðvarstjóri í síma 840 3111. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á www.skeljungur.is.

Vaktstjóri á Pizza Hu
Erum að leita að vaktstjóra á Pizza Hut Nordica. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Reynsla af þjónustu og stjórnun, þjónustulund, samviskusemi, og hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 25 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari uppl. hjá Leó veitingastjóra í síma 865-9691.

Bakari óskast til starfa
Í bakarí í Breiðholti.
Upplýsingar í síma 893 7370.

Neyðarþjónustan eht Handlagið starfsfólk óskast Skemmtilegt og krefjandi starf, verslun og vaktir. Umsóknir sendist á starf@las.is

Verkamenn / Workers

Óska eftir verkamönnum, mikil vinna í boði. Stundvísi og reglusemi skilyrði. Workers wanted, a lot of work. S. 824 7565 & 696 6676.

Óska eftir vönum gröfumönnum, vönum bílstjórum og verkamönnum. Mikil vinna. Gott kaup fyrir góða menn. S. 842 6570 & 842 6575.

Fyrirtæki óskar eftir járnsmiðum og verkamönnum. Uppl. í s. 692 8091.

Bakari - Aðstoðarmaður

Óskum eftir að ráða bakara eða vanan aðstoðarmann til vinnu sem fyrst. Uppl. í s. 897 6510.

Praca dla polakow. Stolarze budowlani z doswiadczeniem. Mile wiodziany Islandski lub angelski oraz samochod. Tarsis ehf s. 617 1913.

Íslensk/svissnesk fjölskylda búsett í Genf leitar að barngóðri, ábyrgri og skemmtilegri manneskju til að gæta 18 mánaða drengs í vetur. Áhugasöm hafi samband við Eddu: edda_magnus@hotmail.com

Íslensk fjölskylda í Richmond, London óskar eftir au pair frá miðjum ág. í 11 mán. Eigum stelpu 5 og strák 7 ára. Viðkomandi þarf vera mjög sveigjanleg, geta hjálpað til með heimanám, vera jákvæð, barngóð og reyklaus. Enskuskóli, ferðalög, gott húsnæði, frábær íþrótta og útiaðstaða í boði. Svar sendist á karenaxels@googlemail.com

Óska eftir málara, trésmið og múrara. Uppl. í s. 616 1569.

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

Tvítugur strákur óskar eftir að komast á sjó. uppl. í síma 865-2597

45 ára meiraprófsbílstj. með öll réttindi nema ADR óskar eftir vinnu, helst á Suðurnesjum. Uppl. 822-8723

Pólsk stelpa óskar eftir vinnu á kvöldin. Get byrjað strax. Dugleg og stundvís. S. 845 0772.

TIL SÖLU

TILKYNNINGAR

Einkamál

Toyota Carina, smá beygla, varahl. fylgja. Verð 110 þús. Upplýsingar í síma 696 7812.

52 ára karlmaður óskar að kynnast konu sem er gift eða í sambúð'45-57 ára með skemmtun í huga.vinsamlega hafið samband kaldurk@visir.is

Ung kona vill kynnast góðum manni, skemmtilegum og fjárhagslega sjálfstæðum. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl. nr. 8886.

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

908 6666
Við viljum vera sumardísirnar þínar í nótt. Opið allan sólarhringinn.

Hress og skemmtileg stelpa rétt þrítug vill kynnast karlmanni á svipuðum aldri. Ekki skyndikynni. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8280.

Ung kona leitar eftir djörfum samtölum (símaleikjum?) við karlmenn. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8168.

Spjalldómur Nú eru dómurnar á Rauða Torginu í sumarskapi! Hver þessara fönguleg kvenna verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort).

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

ATVINNA

VANTAR ÞIG
SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?
Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000

FASTEIGNIR

ÞINGHOLT 590 9500
Þórarinn Kópsson lögg. fast.sali
Svanur Jónsson sölufulltrúi svanur@thingholt.is
Ingvi Rúnar sölufulltrúi ingvi@thingholt.is
Skipholt 15 • www.thingholt.is
Traust fasteignasala í 30 ár

GOTT ATVINNUTÆKIFÆRI Á AKUREYRI

Til sölu góður og vaxandi rekstur á veitingastað í hjarta bæjarins, auk allra innréttinga, innbús og tækja til rekstrar sem til staðar eru.
Góð velta – Langtímaleigusamningur
Frábært tækifæri fyrir fjölbreyttann veitingastað
Áberandi staðsetning við þjóðveg 1 við miðbæ Akureyrar.

Veitingastaðurinn er í 249 fm húsnæði með góðri útiaðstöðu. Tilvalið tækifæri fyrir samhenta einstaklinga sem vilja una hag sínum vel við fjörðinn fagra.

Allar nánari upplýsingar veita
Ingvi s: 896-0421 – ingvi@thingholt.is
Svanur s: 692-2507 – svanur@thingholt.is

TILKYNNINGAR

Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

Skipulags- og umhverfissvið

Vatnendahlíð. Þing.

A. Breyting á aðalskipulagi

Tillaga að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 auglýsist hér með skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin nær til 92 ha svæðis og felst í því að markaðir eru reitir fyrir íbúðarbyggð, stofnanir og athafnasvæði. Mörkuð er lega tengibrauta og aðalgöngustíga en legu reiðleiða er breytt. Gert er ráð fyrir allt að 740 íbúðum í sérbýli og fjölbýli og 15.000 m2 af atvinnuhúsnæði. Tillagan er sett fram á uppdrætti, dags. í desember 2007, í mkv. 1:10.000 og eru greinargerð og samantekt úr umhverfisskýrslu á uppdrætti. Í kynningargögnum eru jafnframt umhverfisskýrsla, dags. í júní 2008, bréf Kópavogsbæjar til umsagnaraðila, dags. 4. október 2007, uppdráttur og umhverfisskýrsla vegna deiliskipulags svæðisins, umsagnir Umhverfisstofnunar, Skógræktar ríkisins, Vegagerðarinnar, Flugstoða og Fornleifaverndar ríkisins, fornleifakönnun, útreikningar á umferðarhávaða og minnisblað vegna umsagnar Vegagerðarinnar. Tillagan byggir á breytingum á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 og Svæðisskipulagi vatnsverndar sem staðfestar voru 7. nóvember 2007. Þar var mörkum vatnsverndarsvæða breytt. Framlögð tillaga er ekki í samræmi við Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 og því hefur samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins samhliða unnið að breytingu á svæðisskipulaginu vegna byggðasvæðanna í Vatnsendahlíð. Auglýsingaferli tillögu þess efnis er lokið og málið nú í lokaafgreiðslu hjá samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Með tilvísan í 17. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var Skipulagsstofnun send umrædd tillaga að breytingu á aðalskipulagi í Vatnsendahlíð - Þing til athugunar. Skipulagsstofnun gerði ekki athugasemd við að tillagan verði auglýst í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga sbr. bréf dags. 11. júlí 2008. Nánar vísast til kynningargagna.

B. Tillaga að deiliskipulagi.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi Vatnsendahlíðar - Þing. Deiliskipulagssvæði Vatnsendahlíðar er sunnan og vestan Elliðavatns og nær til 92,5 ha lands að Guðmundarlundi meðtöldum. Nánar tiltekið afmarkast deiliskipulagssvæðið af byggð við Guðaþing og Boðaþing til norðurs, Elliðavatni til austurs, markalínu vatnsverndar til suðurs, bæjarmörkum Garðabæjar og Kópavogs til vesturs og fyrirhuguðu hesthúsahverfi á Kjóavöllum til norðvesturs. Í tillögunni er gert ráð fyrir fjölbreyttri íbúðarbyggð með liðlega 700 íbúðum og athafnasvæði á um 3,5 ha á vestur hluta deiliskipulagssvæðisins. Þéttleiki byggðarinnar er áætlaður 14,5 íbúðir á ha og á svæðinu fullbyggðu er áætlað að um 1900 manns komi til með að búa. Aðkoma að svæðinu verður um Þingmannaleið (2ja akbrauta tengivegur) og í deiliskipulagi þess er tekið mið af stigflokkuðu gatnakerfi. Gert er ráð fyrir grunnskóla og leikskóla innan svæðisins. Deiliskipulagssvæðið liggur að stóru opnu svæði til austurs og suðurs. Innan þess er jafnframt gert ráð fyrir opnum svæðum sem nýtast fyrir gönguleiðir og reiðleiðir, leiksvæði og til trjáræktar. Í tillögunni er gert ráð fyrir að Guðmundarlundur stækki um 4 ha og verði alls um 10 ha í stað 6 ha. Deiliskipulagssvæðið er hluti af stærri skipulagsheild í Vatnsenda og verður ýmis þjónusta sameiginleg henni. Skipulagsskilmálar, bæði almennir og sérákvæði fyrir einstakar lóðir fylgja deiliskipulaginu. Nánar vísast til kynningargagna.

Ofangreindar tillögur verða til sýnis á Skipulags- og umhverfissviði Kópavogs, Fannborg 6, 2 hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00 frá 22. júlí til 19. ágúst 2008. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Ofangreind tillaga að breyttu aðalskipulagi verður einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Laugavegi 166. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til Skipulags- og umhverfissviðs Kópavogs eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 2. september 2008. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunum.

Skipulags- og umhverfissvið Kópavogs.

FASTEIGNIR

Lækjarhvammur
Laugarvatn
Kósý bústaður á stórri eignarlóð
Stærð: 54 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1983
Brunabótamat: 7.470.000
Bílskúr: Nei

Opið hús á morgun sun kl. 16:00-17:00
Verð: 14.500.000

Mjög sjarmerandi bústaður á stóru grónu eignarlandi. Bústaðurinn stendur sér og því gífurlegt næði, á rennur í gegnum landið og hægt að veiða bleikju. Landið er 8.900 fm. skógi vaxið eignarland og frábært til útivistar, einnig búið að ryðja lítinn fótboltavöll. Einnig kósý rjóður rétt hjá með stólum og borði. Beygt inn hjá Svínavatni, 2 km. frá Laugarvatni eru appelsínugulir póstkassar, beygt inn við Lækjarhvamm, 2. afleggjari til vinstri, söluskilti vísa einnig veginn.

RE/MAX Skeifan

Ásdís Ósk
Lögg. fasteignasali
863 0402
asdis@remax.is

Bryggjuvegur 10
Haukadal
Nýlegt sumarhús við golfvöllinn
Stærð: 69,6 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2006
Brunabótamat: 18.900.000
Bílskúr: Nei

Opið hús á morgun sun: kl. 14:00-15:00
Verð: 24.900.000

Mjög vandaður bústaður á 2 hæðum, rétt hjá golfvellinum við Geysi í Haukadal. Frábært útsýni yfir Goshverinn og golfvöllinn. Fáir bústaðir í kring og því gott næði, stutt í þjónustumiðstöðina og skemmtilegar aksturleiðir frá bústaðnum. Húsið skiptist í forstofu, 3 svefnherbergi (2 á neðri hæð og 1 á efri hæð), baðherbergi, eldhús og stofu. Keyrt er lengra en Geysishótelið, beygt til hægri áður en farið er yfir brúna yfir Tungná, keyrt meðfram ánni, söluskilti vísar veginn hvar á að beygja.

RE/MAX Skeifan

Ásdís Ósk
Lögg. fasteignasali
863 0402
asdis@remax.is

GÁMASALA UM HELGINA!!!

OPIÐ Á SUNNUDAG
KL: 12-16

FULLUR GÁMUR AF MONGOOSE ALVÖRU FJALLAHJÓLUM

ÓTRÚLEG VERÐ
aðeins þessa helgi

ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR

ALVORU FJALLAHJOL
VARIST EFTIRLÍKINGAR

MONGOOSE

Bestu tilboðin klárast fyrst!

Mongoose Tyax Super

Hörkuhjól með læsanlegum framdempara og vökva diskabremsum.

15%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÖÐRUM
VÖRUM Í BÚÐINNI

GAP

WWW.GAP.IS

FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7

S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 10-16

ALLT AÐ
45%
AFSLÁTTUR AF
SKJÓL-GIRÐINGUM

28 x 95
179
kr/lm

Pallaefni

Gagnvarin fura
meðan birgðir endast

21 x 95 mm 621601-2	**139** kr/m	98 x 98mm 698601-2	**499** kr/m
28 x 95 mm 628601--2	**179** kr/m	48 x 123 mm 648701-2	**339** kr/m
48 x 98 mm 648601-2	**259** kr/m	48 x 198 mm 648901-2	**590** kr/m
48 x 148 mm 648801-2	**389** kr/m		

15.999

Bútsög
Fox, 1800W, sagar
90° 75 x 305 mm
- 45° 75 x 210 mm
5159230

Allt að **45%** afsláttur af skjólgirðingum



11.590
180 x 180 sm
603400

4.790
90 x 180/90 sm
603410



7.490
88 x 120 sm
601867



5.490
80 x 180 sm
601847

6.990
180 x 180 sm
603205

890
180 x 47/32 sm
603270

4.990
90 x 160/140 sm
603230

2 litir á tilboði, gullbrúnn og grænn

1.799

Pallaolía
Treolje, 3 ltr

25%
afsláttur af
penslum fyrir viðarvörn

199
~~1.679~~

RUGL VERÐ

Rakamælir
f/timbur
5857810

6.699
~~8.229~~

Viðarvörn
Gori 44+, 5 ltr,
hálfgegnsæ
7042520-30

Mest selda
pallaolía á Íslandi

4 ára
ending

3.690
~~4.590~~

Garðbekkur
124 x 57 x 75 sm
3899066

5.990
~~6.990~~

Ferðagasgrill
Primus
3000229

7.690
~~9.490~~

Garðborð
Oregon
3899112

Palla SPRENGJA

17. - 24. júlí

Fjölskyldufjör
í Skútuvogi í dag kl 12-16

Grillaðar pylsur og gos (meðan birgðir endast)

Blöðrur fyrir börnin

Ráðgjöf - Sérfræðingur á staðnum
sem veitir ráðgjöf um viðhald og umhirðu sólpallsins

ÍS á **10 kr** í Skútuvogi

Timbursala Grafarholti
Opið til kl 19:00 laugardaga og sunnudaga

Liljur **1.199 kr**

blómaval

25% afsláttur af **ryðfríum tréskrúfum**
5611300-44

899
999

Handsög
Bacho
5001640

690

Pallaeining
604300

5.990
7.699

Geymslukassi
Pandora
3901458

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúval er háð lagerstöðu í hverri verslun.

GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

Góð vika fyrir...

Jónínu Benediktsdóttur Hún mætti í viðtal hjá Sverri Stormsker á Útvarpi Sögu þrátt fyrir að hafa eldað grátt silfur við útvarpsstjórann Arnþrúði Karlsdóttur. Og fór gersamlega á kostum. Sverrir tók sérstaklega til þess hversu glæsileg Jónína var en hún hefur misst 17 kíló samkvæmt Séð og heyrt. Jónína kom víða við, svaraði fimlega ósmekklegum spurningum Sverris um stólpípumeðferðir í Póllandi, svaraði svo vel að Sverrir pantaði ferð í slíka ásamt Geira á Goldfinger, sem Sverrir lítur á sem föður sinn. Og Jónína hjólaði vitaskuld í Baugsmálið og upplýsti að Davíð Oddsson hefði komið þar að málum. Það fer Jónínu vel að vera í sviðsljósinu og því er þetta vikan hennar.

Jens Guð Ofurbloggarinn hefur nú verið keyptur af Moggablogginu yfir á DV-bloggið af Reyni Traustasyni sem vélaði Jens til sín með að ausa eyru hans lofi og fyrirheitum um gull og græna skóga. Jens mun fá fyrir sinn snúð ýmis launuð smáverkefni fyrir DV auk þess sem honum verður gert hátt undir höfði sem bloggara undir hattbarði Reynis. Ef undan er skilin skammvinn tilraun til að smella bloggurum á laun (Gumma Steingríms, Ellý, Sóley Tómasar og Óla Birni) þá er Jens bloggari númer tvö sem er beinlínis keyptur. Fyrsti bloggarinn í þeim flokki hlýtur að teljast Egill Helgason sem fær vitaskuld greitt fyrir sitt Eyjublogg. Þessu hljóta bloggarar, sem skrifa kannski mest um eigið mikilvægi í fréttaflutningi og umræðunni almennt, að fagna því kannski er þetta staðfesting á mikilvægi þeirra.

Ingibjörgu Þórðardóttur Formaður félags fasteignasala er öflugur foringi sinna manna. Eftir gósentíð, þegar umboðslaunin streymdu fyrirhafnarlítið inn á reikning fasteignasala í upphæðum sem voru í réttu hlutfalli við stjarnfræðilega hækkun húsnæðisverðs, sat allt pikkfast. Ríkið á að sjálfsögðu að hlaupa undir bagga og barátta Ingibjargar er að skila sér. Árni Matt gerir nú sitt besta til að afnema stimpilgjöld og efla og auka svigrúm Íbúðalánasjóðs. En betur má ef duga skal. Því enn situr allt fast en það jákvæða, að mati Ingibjargar, er að verð húsnæðis heldur sér nokkurn veginn. Sem er skammgóður vermir ef ekkert selst en það hlýtur að fara að koma með fulltingi ríkisins.

Slæm vika fyrir...

Stefán Ólafsson, prófessor í félagsvísindum Og af öllum mönnum er það Matthías Johannessen, gamli Moggaritstjórinn, sem er að koma honum í klandur með því að greina frá því á vef sínum að Stefán hafi í aðdraganda forsetakosninganna 1996 komið til þeirra Styrmis Gunnarssonar og sagt þeim í trúnaði að leynileg skoðanakönnun sem stuðningsmenn Davíðs Oddssonar fengu Félagsvísindastofnun til að gera leiddi í ljós að Davíð ætti ekki séns í Ólaf Ragnar Grímsson. Hvað er Stefán að tilkynna Moggaritstjórum um þetta? Það sem gerir þetta mál svo enn sérkennilegra er að dagbókarskrif Matthíasar leiða í ljós að þrátt fyrir stórkarlalegar yfirlýsingar um vammleysi Moggamanna: „Það er ekkert skítgult í hjarta þeirra, enginn svartur strengur í hugarfarinu," svo vitnað sé í Málsvörn og minningabók Matthíasar, þá virðist Matthías gulari en allt sem gult er á vef sínum.

Þórunni Sveinbjarnardóttur Ekki að þessi vika hafi verið venju fremur slæm fyrir umhverfisráðherra sem er, eðli málsins samkvæmt, milli steins og sleggju. En nú er altalað á Norðurlandi, ef marka má Kristján B. Jónasson, formann félags bókaútgefenda, að þriðji ísbjörninn hafi komið, verið skotinn með leynd af Stefáni Vagni lögreglustjóra, grafinn á heiði í þoku og sé nú X-skýrsla í dómsmálaráðuneytinu. Þórunni var ekki svo mikið sem sagt af þessu. Og Kristján heldur áfram á bloggi sínu og segir að Þórunn hafi ekki einu sinni fengið að segja „gó" þegar ísbjörn númer tvö var skotinn.

Björn Bjarnason Útspil hans um evruna reyndist afbragðs smjörklípa. Fjölmörg óþægileg mál, svo sem þetta með að henda Paul Ramses úr landi, hurfu úr umræðunni. Og Björn keypti sér vinsældir innan Sjálfstæðisflokksins meðal vaxandi hóps Evrópusinna. En þetta reyndist furðu skammgóður vermir því hugmyndir Björns voru slegnar út af borðinu nánast samdægurs af bæði forsætis- og utanríkisráðherra sem sögðu þetta ekki tæknilega gerlegt án aðildar. Þannig að þegar allt kemur til alls reyndist smjörklípan verða til að veikja stöðu Björns innan stjórnar meira en orðið er.

KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON KÍKIR Í ERLEND BLÖÐ

Rambó sem syngur

Glæpsamlegir íbúar eyjunnar Jamaíka í Karíbahafi geta andað léttar. Reneto DeCordiva Valentino Adams, kallaður Rambó, hefur sest í helgan stein.

Hinn sextugi Reneto Rambó hefur í fjörutíu ár verið frægasti lögreglumaður landsins. Hann lék sjálfan sig í sápusjónvarpi og söng inn á plötur. Frægasta lagið er To Protect and Serve, sem sló í gegn á diskótekum. Í dagblöðum var hann Verndarinn.

Hann, sem gekk keikur inn í dimman dal ranglætisins og var þar stafur bæði og sproti alþýðunnar. Hann lét sig dynja á ljótum útsendurum hins illa.

Börnin grátbiðja Rambó um eiginhandaráritun, þegar hann birtist á götunni, nema þau hlaupi í felur. Karlarnir standa álútir afsíðis meðan konurnar hlaupa til og reyna að fá snortið Valentino, ímynd karlmennskunnar.

Hann birtist alltaf í gallanum með flugmannasólgleraugu og hjálm á hausnum. Hann gekk um héruð stórborgarinnar eins og John Wesley Harding, með byssu í hvorri hendi, og stjórnaði sprækri andglæpa-sérsveit hollra sveina.

Tónlistarmenn hafa enda lofsungið Reneto og líkt honum í dægurlögum við ekki bara Rambó heldur Dirty Harry og fleiri baráttumenn réttlætisins.

Óvinirnir, ófétin sem lifa utan laga og aðrir hatursmenn réttarríkisins, gáfu honum ekki minni gaum. Hann hefur fengið minnst 69 morðhótanir og í verstu kreðsum er hann ræðgður og uppnefndur Saddam.

Mannréttindahræsnarar neru honum um nasir að fara ekki að laganna bókstaf frá a til ö sjálfur.

Þessir óvildarmenn gerðu að verkum að Reneto var á tímabili gert að hætta störfum meðan afdrifaríkari embættisfærslurnar sættu rannsókn. Sat meira að segja í fangaklefa.

Já, hann beið víst ekki allt af eftir einhverjum dómaraúrskurði, áður en hann plaffaði niður saur samfélagsins.

Jamaica Observer telur til að sjö ungir menn hafi eitt sinn geispað golunni, við skyldustörf sérsveitarinnar. Aðrir 27 létust í forvirkri aðgerð í Tívolígarðinum og fjórir enn urðu fyrir kúlum réttvísinnar í litlu þorpi. En Rambó hefur líka ætíð sagt að byssumenn, en ekki löghlýðnir borgarar, skuli lifa í ótta.

Hann var alinn upp frá fæðingu til að verða löggæslumaður og lék ávallt lögguna í leikjum æskunnar. Óheppnir vinir hans þurftu að leika krimmadólga. Hann leiddi æ hjá sér varúðarskilti samfélagsins og var svoddan töffari að jafnaldrar kölluðu hann Fídel Kastró.

Verndarinn heldur ótrauður áfram í ellinni og ætlar nú að helga sig leiklistinni og skrifa ævisögu. Þar mun hann meðal annars rifja upp þá góðu tíma þegar lögreglumenn á Jamaíka gátu gengið að jómfrúnum vísum.

Hann hefur gert sitt til að endurheimta þann unaðsreit. Og telur það bestu eftirmælin.

HELGARKROSSGÁTAN

126 MP & BH		GINNA		ÞRÆÐIR Í VEFNAÐI / GEIFLA		KLAKI		KUNNA / MARBENDILL		DRASL								
JURTAÆTU																		
GOGG / TAPA						VANDRÆÐI / DRABB				1			HVÍLA / REXA		TVEIR EINS			
	Í SEX LÖGUM	RYKKORN		GABBA	FÆÐU				GYLTA / HEIÐUR			SKORDÝR / Í RÖÐ						
EYÐIMÖRK / KVK NAFN					4		LOKKAR / HIRSLA						ENDA-VEGGUR / ÍSL. SAGA					
				GLÁPA						MANN / SKEMMAST AF FROSTI					BYLTA			
UM FRAM		HÆKKA / BLÓÐSUGA					STRUNS / Á FÆTI		5		PAKKA / HUGTAK Í HNITAREIKNINGI							
				FLÝTIR / KAÐALL				HRÓPA / HLJÓÐFÆRI						BOR / BERGTEGUND				
STEINTEGUND			2		NÖGL / GOÐMÖGN				FUGL / VEIKJA				Á LITIN / TÓNN					
TVEIR EINS			POTA				ÖRK / SKÆR					SVIK / GUÐ		6				
DANS						EYÐA / FÆÐA				FLAUSTUR / ÞANGAÐ TIL					SAMSTÆÐA	SKEL		
				HALD				HLUTA / KARLKYN			3		HERMA / BELTI					
												BUNDIÐ						
				MERKI					HREYKINNA									

Lausn krossgátunnar, ásamt eldri gátum og lausnum, er birt á vefnum, www.this.is/krossgatur

TIL HAMINGJU!

EIN MEST SELDA PLATA LANDSINS FÆR EINRÓMA LOF GAGNRÝNENDA.

★★★★

Trausti Júlíusson, Fréttablaðið

★★★★

Atli Bollason, Morgunblaðið

89%

Monitor

1. LADY FISH AND CHIPS
2. VAKI, VAKI VINUR MINN
3. ÉG VEIT ÞÚ KEMUR
4. VEÐRIÐ ER HERFILEGT
5. ÉG ER KOMINN HEIM
6. GETTU HVER HÚN ER
7. VIÐ GENGUM TVÖ
8. UNDIR STÓRASTEINI
9. KVEÐJA
10. GÓÐA NÓTT
11. ÞÚ HVARFST Á BROTT

INNIHELDUR DVD HEIMILDAMYNDINA „TEIPIÐ GENGUR“ UM GERÐ PLÖTUNNAR!

SIGURÐUR GUÐMUNDSSON OG MEMFISMAFÍAN

Í SKÍFUNNI

Kringlunni **Laugavegi** **Leifsstöð**

S·K·Í·F·A·N

†

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Lilju Guðlaugsdóttir
Víðilundi 24, Akureyri.

Innilegar þakkir til starfsfólks á handlæknisdeild á Sjúkrahúsi Akureyrar fyrir einstaklega góða og hlýja umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Margrét Þórhallsdóttir
Þórhalla Þórhallsdóttir
Valdimar Þórhallsson
Gylfi Þórhallsson
Eyþór Þórhallsson
Karl Eiríksson
Hjörtur Hjartarson
Inga Hjálmarsdóttir
Margrét Sigurðardóttir
ömmubörn og langömmubörn.

†

Elsku hjartans drengurinn okkar, bróðir, barnabarn, frændi og vinur,

Bjarni Páll Kristjánsson
Ægisíðu 107, Reykjavík,

lést á krabbameinslækningadeild Landspítalans við Hringbraut aðfaranótt þriðjudagsins 15. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd annarra vandamanna,

Kristján Geirsson
Droplaug Guðnadóttir
Anna Björk Kristjánsdóttir
Baldvin Eyjólfsson
Birkir Kristjánsson.

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem auðsýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Arndísar Árnadóttur
frá Ísafirði,

sem jarðsungin var frá Fossvogskirkju föstudaginn 4. júlí sl.

Birgir Finnsson
Auður Birgisdóttir
Finnur Birgisson
Arndís Birgisdóttir
Björn Birgisson
Páll Skúlason
Sigurbjörg Pálsdóttir
Sigmundur Sigurðsson
Ingibjörg Gunnlaugsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og stjúpföður,

Hilmars Jóhannessonar
rafeindavirkjameistara, Brekkugötu 19, Ólafsfirði.

Guð blessi ykkur öll.

Hrafnhildur Grímsdóttir
Jóhann G. Hilmarsson
Haukur Hilmarsson
afabörn
Gunnar B. Þórisson
Súsanna V. Þórisdóttir
Gísli V. Þórisson
Grímur Þórisson
og fjölskyldur.
Anne I. Turunen
Helga Helgadóttir
Gunnar S. Sigurðsson
Guðný Ó. Viðarsdóttir
Anna Ingileif Erlendsdóttir

†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför mannsins míns, föður, tengdaföður og afa,

Jóns Ármanns Jakobssonar Péturssonar
Kringlunni 17, Reykjavík.

Blessuð sé minning hans.

Hafdís Einarsdóttir
Pétur H. Jónsson
Margrét Jónsdóttir
Einar Þ. Jónsson
Oddný Þ. Óladóttir
Arnór H. Arnórsdóttir
Gína Jónsson
og barnabörn.

†

Okkar ástkæri

Höskuldur Svavarsson

lést á heimili sínu hinn 5. júlí síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram. Við þökkum hlýhug og samúðarkveðjur.

Ásrún Snædal
Gígja Svavarsdóttir
Þóra Björg Gígjudóttir
Svavar Egilsson.
Svavar Björnsson
Egill Gunnarsson
Sjöfn Egilsdóttir

†

Við undirrituð þökkum auðsýnda samúð og velvild við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu, sem lést hinn 1. júlí sl. og var jarðsett 4. júlí.

Guðrún Ó . Hafberg.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Dalbraut 27, fyrir frábær störf, og reyndar fyrir að hafa farið nokkuð fram úr sínum skyldum. Þá skal einnig þakka fyrir störf starfsfólks deildar B-7 á LHS, Borgarspítala. Einnig kærar þakkir til starfsfólks á deild K-5 líknardeild LHS, Landspítala.

Ingibjörg Þ. Hafberg
Ólafur Þ. Hafberg
Engilbert Hafberg
Sigurður Hafberg
Leifur E. Núpdal Karlsson
Auður Sæland Einarsdóttir
Janina Hafberg
barnabörn og barnabarnabörn.

60 ára afmæli

Þórunn V. Eggertsdóttir (Dísa)

Einigrund 4, Akranesi, verður 60 ára 21. júlí nk. og ætlar að taka á móti gestum á heimili sínu sunnudaginn 20. júlí milli kl. 14.00-18.00. Ættingjar og vinir hjartanlega velkomnir.

tímamót

timamot@frettabladid.is

LISTMÁLARINN ERRÓ ER 76 ÁRA.

„Á viðburðaríkri ævi hefur mér lærst að líta helst aldrei til baka.“

Guðmundur Guðmundsson, sem betur er þekktur undir listamannsnafninu Erró, hefur hlotið fjölmargar orður og heiðurslaun fyrir listsköpun sína. Hann er einn þekktasti íslenski listamaður sögunnar og býr nú í Frakklandi.

ÞETTA GERÐIST: 19. JÚLÍ 1974

Ólöglegar veiðar Breta



Það var þennan dag árið 1974 að varðskipið Þór stóð breska togarann C. S. Forester að ólöglegum veiðum og neyddist til að elta hann um hundrað og tuttugu mílur á haf út. Varðskipið skaut átta fallbyssuskotum að togaranum áður en hann stoppaði og kom þá leki að honum. Skipstjóri togarans, Dick Taylor, hlaut fjögurra ára fangelsisdóm fyrir brotið.

Varðskipið Þór tók þátt í öllum þorskastríðum Íslendinga og Breta. Þorskastríðin voru í raun þrjú og áttu sér stað á árunum eftir seinni heimsstyrjöldina. Á grundvelli Landgrunnslaganna sem sett voru 1948 var fiskveiðilögsaga Íslands færð úr þremur mílum til tvö hundruð mílna lögsögunnar sem nú er í gildi. Útfærslan fór þó fram í nokkrum skrefum. Breytingin var að mestu í samræmi við óljós alþjóðalög þess tíma en Bretar ákváðu engu síður að mótmæla henni.

RUT RÚNARSDÓTTIR: HELDUR SÍNA FYRSTU LJÓSMYNDASÝNINGU

Að fanga augnablikið

Ljósmyndasýningin „Hvaðan kom og hvert fór?“ verður opnuð í dag klukkan fimm í Gallerí Tukt sem er í Hinu húsinu. Þar mun Rut Rúnarsdóttir sýna og selja myndir sem hún tók í sumar af Leynileikhúsinu Stígis. „Myndirnar fanga augnablik í gjörningum sem Leynileikhúshópurinn Stígis hefur framið. Þetta eru því augnablik sem ég fangaði og held mikið upp á en einnig verðum við með hluta úr gjörningum sem við höfum gert,“ segir Rut og tekur fram að þótt hún standi að sýningunni þá styðji hópurinn Stígis við bakið á henni.

Rut hefur lengi haft áhuga á ljósmyndun og byrjaði snemma að tileinka sér helstu tækni hennar. „Ég byrjaði að fikta við þetta svona fjórtán fimmtán ára en þá fékk ég gamla Olympus-vél sem mamma mín hafði átt. Síðar, þegar ég var aðeins búin að ná tökum á þessu, gaf pabbi mér Nikon-vél. Ég var alltaf að leika mér með myndavélina og var í raun með hálfgerða dellu lengi vel. Síðan dalaði áhuginn aðeins en síðasta haust fór ég að læra förðun og þá kviknaði áhuginn aftur fyrir alvöru,“ útskýrir Rut einlæg.

Í framhaldi af því fjárfesti Rut í nýrri vél og fékk í sumar vinnu hjá Hinu húsinu við að taka myndir. „Við erum fjögur í hópi sem heitir Stígis og vinnum í Skapandi sumarstarfi. Þrjú okkar leika og ég er ljósmyndari fyrir hópinn en við höfum verið með gjörninga tvisvar í viku. Ljósmyndasýningin er í raun afrakstur sumarsins,“ segir Rut áhugasöm.

Þó svo þetta sé fyrsta ljósmyndasýning Rutar þá hefur hún unnið við önnur skemmtileg ljósmyndaverkefni. „Ég hef verið að mynda fyrir danshópinn Darí Darí Dance Company sem er atvinnudansarar sem hafa starfað saman. Síðan hef ég tekið myndir fyrir auglýsingu hjá Klassíska listdansskólanum þannig ég hef aðeins birt myndir eftir mig þó ég hafi aldrei haldið sýningu áður,“ segir Rut sem hefur einna mest gaman af mannlífsmyndum. „Ég hef mjög gaman af að taka myndir af því sem bregður fyrir en hef síður gaman af landslagsmyndum og þess háttar. Eins þykir mér ekkert sérstaklega gaman að taka uppstilltar myndir heldur vil ég frekar að myndirnar einhvern veginn

HEILLANDI MANNLÍF Rut þykir einna skemmtilegast að taka myndir af því sem bregður óvænt fyrir og safnar þannig skemmtilegum augnablikum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

verði,“ útskýrir Rut ákveðin og bætir við: „Ég vinn myndirnar mínar ekki meira en hægt er að gera í myrkraherbergi. Ég opna ekki Photoshop. Ég vil hafa þetta ekta og er til dæmis mjög hlynnt því að taka á filmu þó ég geri það reyndar ekki í þessu verkefni, einfaldlega af því að það er mun ódýrara að taka stafrænar myndir.“

Rut þykir Photoshop henta vel fólki í grafískri vinnu en ekki eins vel fyrir ljósmyndara. „Mín skoðun er sú að ef myndin er það léleg að maður þurfi að vinna hana mikið þá er hún ekki nógu góð til að byrja með,“ segir Rut sem þykir mörkin milli ljósmyndunar og grafískrar hönnunar stundum vera óljós.

Í haust ætlar Rut að fara á upplýsinga- og fjölmiðlabraut í Tækniskólanum og reyna í framhaldinu að komast inn í ljósmyndun í Iðnskólanum í Reykjavík. „Það eru bara tólf sem komast inn í ljósmyndun þannig þetta er svolítil keppni og nauðsynlegt er að vinna vel að umsókninni,“ segir Rut og horfir björtum augum til framtíðar.

hrefna@frettabladid.is

Landsins stærsta

Skósprengja

Opið í dag frá 11-16

Sunnudag frá 12-16

Allt að

90%

afsláttur

Opnunartímar

Mán - fös 11-18
lau 11-16
sun 12-16

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Laugarvegi - Kringlunni
Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

STUÐ MILLI STRÍÐA Óvinir íslensku þjóðarinnar

TRYGGVI GUNNARSSON VILL HELDUR GRILLA EN HREINSA SPRENGJUVÖRPUR

Ísland er herlaust land, eitt örfárra í heiminum. Eftir fjölmargar fámennar fjöldagöngur herstöðvarandstæðinga hvarf kaninn af landi brott. Nei, nei, sagði Bjössi byssa og bjó til hersveit úr hjálparsveitarmönnum á fljúgandi teppum. Þegar það gekk ekki bjó hann til lítinn einkaher sem hann kallar „Víkingasveitina“ sem æfir sig í viðbrögðum við hryðjuverkaárásum og öðrum ímynduðum óvinum.

Við Íslendingar erum nefnilega svo heppnir að eiga enga óvini. Enga pirraða nágranna og enga minnihlutahópa sem telja sig kúgaða. Aðstæður okkar eru svo einstakar að auðvitað er það skylda stjórnvalda að búa til óvini svo við sofnum ekki á verðinum.

Ég er nýkominn frá Ísrael, meðal annarra landa. Þar eru allir í hernum og þar er ekkert sjálfsagðara en að sjá 18 ára dreng með M16-vélbyssu með sprengjuvörpu slengda yfir öxlina í biðröðinni í bíó. Ísraelar eru nefnilega það óheppnir, hverjum sem það er um að kenna, að eiga marga óvini, mjög pirraða nágranna og minnihlutahóp sem telur sig afskaplega kúgaðan. Mér leið ekki vel þar.

Þungu fargi var af mér létt, ég prísaði mig sælan og andaði léttar, allt á sama tíma, þegar ég kom heim og gekk um herlausar götur Reykjavíkur. Jafnframt því að léttast, prísa og anda hugsaði ég með mér: „Af hverju í ósköpunum ættum við að vilja koma á fót her?“

Bjössi, ég vil mun heldur gera eitthvað þjóðlegt, eins og að grilla eða renna fyrir fisk, en að eyða einhverjum mánuðum í tilgangslausri grunnþjálfun. Ef þú getur fært fram rök sem sannfært geta mig um ágæti hernaðarmyndunar þá er ég tilbúinn að bjóða þér í grill og við getum rætt málin. Hringdu bara upp á Fréttablað og spurðu eftir Tryggva.

Að lokum vil ég segja eitt. Ef okkur stafar ógn af íslömskum hryðjuverkamönnum, af hverju vissi þá enginn múslími sem ég hitti á ferðalagi mínu að til væri land sem héti því furðulega nafni „Ísland“?

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



> PETE Í BOBBA

Pete Doherty er aftur kominn í kast við lögin. Handtökuskipun hefur nú verið gefin út á hendur honum, eftir að rokkarinn ákvað að vera ekkert að mæta í dómsal á fimmtudag. Þar átti hann að svara til saka fyrir meinta árás á ljósmyndarann Catherine Mead síðasta sumar. Pete gæti því átt von á frekari fangelsisdvöl á næstunni.

fólk

folk@frettabladid.is

Tala ennþá saman

Hjásvæfa Ronnies Wood tjáði sig í fyrsta sinn um samband sitt og rokkarans við breska blaðið Sun í gær. Þar sagði Ekaterina að þau Ronnie væru enn í sambandi þrátt fyrir að hann sé farinn í meðferð. „Ég mun aldrei svíkja hann. Svo lengi sem það er möguleiki á framtíð með honum mun ég ekki segja meira."

Ekaterina sagði jafnframt að líf hennar hefði breyst til muna eftir að hún kynntist rokkaranum úr Rolling Stones. „Ég vil bara að þetta hætti og líf mitt verði aftur venjulegt. Ég elska Ronnie og ég mun standa með honum í gegnum þetta allt."

Eiginkona Ronnies hefur neitað að ræða við hann fyrr en hann er kominn úr meðferð og orðinn edrú. Vinir rokkarans hafa þó litla trú á að samband hans við Ekaterinu muni endast. „Sambandið var byggt á vodka og um leið og timburmennirnir hverfa mun hann átta sig á því sjálfur."

Í RUGLINU Ronnie Wood er kominn í meðferð en heldur enn sambandi við rússneska hjásvæfu sína. NORDICPHOTOS/GETTY

Salma Hayek einhleyp

Salma Hayek og barnsfaðir hennar, milljarðamæringurinn Francois-Henri Pinault eru skilin að skiptum. Pinault er forstjóri PPR, sem á tískumerki á borð við Bottega Veneta og Yves Saint Laurent. Salma tilkynnti að hún ætti von á barni Pinault í mars í fyrra. Stúlkan, Valentina Paloma, kom í heiminn í september sama ár og er því tæplega eins árs í dag.

Hayek og Pinault hugðu á brúðkaup og átti athöfnin að fara fram í næsta mánuði. Talsmaður leikkonunnar hefur hins vegar staðfest að þau hafi slitið trúlofun sinni, en segir að engra frekari ummæla sé að vænta.

MAD MEN Þáttaröðin Mad Men, sem gerist á auglýsingastofu í kringum árið 1960, hefur notið mikillar hylli gagnrýnenda, en getur ekki stært sig af risavöxnum áhorfstölum.

Tímamóta-Emmy

Tilnefningar til Emmy-verðlaunanna voru kunngerðar í Los Angeles á fimmtudaginn. Verðlaunahátíðin fer fram í sextugasta skipti nú í september, en með tilnefningum ársins var blað brotið í sögu hennar.

Í fyrsta skipti í sögu Emmy-verðlaunanna eru tvær þeirra þáttaraða sem tilnefndar eru sem bestu dramaþættirnir sýndar á almennum kapalsjónvarpsstöðum. Slíkar stöðvar eru aðgengilegar öllum sem hafa kapalsjónvarp, en útheimta ekki sérstakt áskriftargjald eins og stöðvar á borð við HBO og Showtime. Þáttaraðirnar sögulegu eru Mad Men, sem sýnd er á stöðinni AMC og fjallar um lífið á auglýsingastofu í kringum 1960, og lögfræðispennuþátturinn Damages, sem sýndur er á FX. Þar er Glenn Close í hlutverki lögfræðings sem tekst á við fyrrverandi forstjóra stórfyrirtækis í snúinni hóplögsókn. Aðrar þáttaraðir sem tilnefndar eru í sama flokki eru Boston Legal, Dexter, House og Lost. Það fór hins vegar lítið fyrir Grey's Anatomy, sem margir höfðu búist við að yrði tilnefnd í þessum flokki. Læknadramað hlaut hins vegar tilnefningar fyrir leik þeirra Söndru Oh og Chöndru Wilson í aukahlutverkum.

Forsprakkar HBO geta hins vegar einnig glaðst, því þáttaröðin John Adams, um annan forseta Bandaríkjanna, hlaut alls 23 tilnefningar til verðlaunanna og var hlutskörpust. Í þáttunum fer Paul Giamatti með hlutverk Adams, en hann var tilnefndur fyrir besta leik í stuttri þáttaröð.

Í flokki gamanþátta bar þáttaröðina 30 Rock, með Tinu Fey og Alec Baldwin í aðalhlutverkum, hæst. Hún hlaut alls sautján tilnefningar, þar á meðal fyrir leik Fey og Baldwins, og sem besta gamanþáttaröðin. 30 Rock etur þar kappi við Entourage, Curb Your Enthusiasm, Office og Two And a Half Men.

Tilnefningar ársins þykja þó bera með sér að álit gagnrýnenda og fagfólks haldist nú síður en áður í hendur við almennt áhorf. Mad Men, til dæmis, hefur notið mikillar hylli fagfólks og gagnrýnenda, en hafði að meðaltali einungis um eina milljón áhorfenda. American Idol nælir hins vegar að meðaltali í um 30 milljónir áhorfenda á þátt.

Verðlaunaafhendingin fer fram í Los Angeles 21. september næstkomandi.

PAUL GIAMATTI Þáttaröðin um John Adams varð hlutskörpust í baráttunni um tilnefningar til Emmy-verðlaunanna og hlaut samtals 23.

TINA FEY Gamanleikkonan er tilnefnd fyrir leik sinn í þáttaröðinni 30 Rock, sem hlaut flestar tilnefningar gamanþáttaraða. NORDICPHOTOS/GETTY

Sling hjá nýju plötufyrirtæki

Singapore Sling kveður landann með tónleikum í kvöld áður en haldið verður í langt tónleikaferðalag. Sveitin er komin með nýtt plötufyrirtæki.

Singapore Sling spilar á Organ í kvöld, áður en sveitin heldur til Bandaríkjanna, Þýskalands og Póllands. „Við erum að fara til New York, spilum þar á Terminal Five með Brian Jonestown Massacre. Næsta dag fljúgum við til Los Angeles og tökum túr um alla vesturströndina, frá San Diego til Seattle," segir Henrik Björnsson, söngvari og gítarleikari. Bandaríkin eru Singapore Sling nokkuð kunnug, en þau hafa túrað um þau öll. Þau hafa hins vegar ekki farið þangað í þrjú ár. „Seinast þegar ég fór var ég að spila sem bassaleikari Bang Gang á Getty safninu fyrir tveim árum." Ferðalagið leggst vel í þau. „Við erum búnir að vera að skipuleggja þetta eiginlega alveg sjálf. Þessi vesturstrandargigg eru gerð í samráði við annað band þarna úti og þetta virðist allt vera að smella saman." Þá spila Sling í Dresden 8. ágúst, á Off Festival, Póllandi 9. ágúst og Bassy í Berlín 11. ágúst.

Ný plata er væntanleg í byrjun september hérlendis og í lok september í Þýskalandi. „Síðan kemur í ljós með aðra heimshluta fljótlega." Sveitin gerði nýlega samning við nýtt plötufyrirtæki, Microdot Music, en hefur lengi verið viðriðið 12 Tóna. „Þetta eru gamlir kunningjar sem við hittum á tónleikum. Þeir voru voða spenntir fyrir að stofna þetta plötufyrirtæki og vildu gefa okkur út. Það var ekkert flóknara en það. Við erum mjög sáttir með það allt saman." Henrik segir ekki um beinan aðskilnað við 12 Tóna að ræða. „Maður fer aldrei í rauninni frá 12 Tónum. Við vorum með okkar eigið „label", 12 Tónar voru meira dreifingaraðili að fyrri plötum. Við verðum alltaf tengdir við þá. En stundum þarf maður bara að gera hlutina aðeins öðruvísi. 12 Tónar er bara búð meðan Microdot Music er glænýtt fyrirtæki sem gefur bara okkur út. Það er mjög gott fyrir okkur að fókusinn er ekki á neinum öðrum."

Tónleikarnir í kvöld hefjast upp úr tíu. „Það er bara Organ eins og venjulega, sem er gott. Við erum að spila með The Way Down, frá Dead Records. Mjög fínt band. Og Kid Twist, sem ég hef aldrei séð spila en ég hef farið á myspace-síðuna þeirra og þetta er algjör snilld. Ungir menntskælingar að gera „noise". Það kostar 1000 krónur inn. „Ég vona að það sé ekki of dýrt. Flugvallarskatturinn er orðinn svo hár og það hækkar verðið."

SÖÐLA UM Singapore Sling verða samt alltaf tengd 12 tónum
MYND/CHARLIE STRAND

kolbruns@frettabladid.is

Skver gera upp sumarið

Skver kvartettinn heldur tónleika í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag klukkan tvö. Verða þetta lokatónleikar hópsins undir merkjum Skapandi sumarstarfs. Skver kvartettinn leggur áherslu á djass, skotinn rokki og poppi og spila liðsmenn tónlist eftir sjálfa sig jafnt og aðra. „Við erum að gera upp sumarið. Við höfum aðallega verið að vinna í tónsmíðum í okkar starfi hjá Hinu húsinu. Í dag flytjum við bara okkar eigin tónsmíðar," segir Leifur Gunnarsson kontrabassaleikari. Þá verða einhver verk frumflutt. Liðsmenn Skver stunda tónlistarnám í FÍH og tónsmíðanám í LHÍ. Leifur segir framtíð Skver óráðna. „Stefnan er að halda úti einhverju starfi í svipaðri mynd. Við verðum bara að bíða og sjá." Tónleikar hafa verið bókaðir næstu mánuði. „Við leggjum ekki árar í bát að svo stöddu." **-kbs**

ÁRAR EKKI Í BÁT Skver spila í Ráðhúsinu í dag.
MYND/JORRI

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000	TILBOÐSVERÐ	
HELLBOY 2	kl. 3D - 5.30D - 8D - 10.30D	12
MAMMA MIA	kl. 3D - 5.30D - 8D - 10.30D	L
MAMMA MIA LÚXUS	kl. 3D - 5.30D - 8D - 10.30D	L
MEET DAVE	kl. 1 - 3.30 - 8 - 10.10	7
HANCOCK	kl. 1 - 5.50 - 8 - 10.10	12
KUNG FU PANDA ÍSL. TAL	kl. 1 - 3.15 - 5.50	L
	5%	

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919	TILBOÐSVERÐ	
HELLBOY 2	kl. 3 - 6 - 8.30 - 11	12
MAMMA MIA	kl. 3 - 6 - 8.30 - 10.50	L
HANCOCK	kl. 10	12
KUNG FU PANDA ENSKT TAL	kl. 4 - 6 - 8	L
SEX AND THE CITY	kl. 3 - 6 - 9	14
	5%	

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000	650 kr. SUMARTILBOÐ	
HANCOCK	kl. 4 - 6 - 8 - 10	12
MEET DAVE	kl. 4 - 6.10 - 8.30 - 10.40	7
BIG STAN	kl. 3.40 - 5.40 - 8 - 10.20	12
THE INCREDIBLE HULK	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20	12

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500	TILBOÐSVERÐ	
HELLBOY 2	kl. 3.50 - 6 - 8 - 10.10*	12
MAMMA MIA	kl. 3.50 - 6 - 8 - 10.10	L
*KRAFTSÝNING	5%	

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó — LAUGARÁS BÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus

500 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

HELLBOY 2	kl. 5.40, 8 og 10.15	12
MAMMA MIA	kl. 1.20, 3.30, 5.50, 8 og 10.15	L
HANCOCK	kl. 8 og 10	12
KUNG FU PANDA - *DIGITAL*	kl. 2 og *4-D - Íslenskt tal*	L
NARNIA: PRINCE CASPIAN	kl. 2 og 5	7

SAMBÍÓIN SAMbio.is

ÁLFABAKKA		
MAMMA MÍA	kl. 1:30 - 3:40 - 5:40D - 8D - 10:20D	L
MAMMA MÍA	kl. 5:40 - 8 - 10:20	VIP
DECEPTION	kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20	14
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 1:30D - 3:40D - 6	L
KUNG FU PANDA m/ensku tali	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10	L
HANDCOCK	kl. 8 - 10:20	12
WANTED	kl. 8 - 10:20	16
WANTED	kl. 2	VIP
NARNIA 2	kl. 2 - 5	7

KRINGLUNNI		
DECEPTION	kl. 8:10 - 10:30	14
MEET DAVE	kl. 2 - 4 - 6 DIGITAL	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 2D - 4D - 6D DIGITAL	L
WANTED	kl. 8D - 10:20D	16
NARNIA 2	kl. 2 - 5	7
INDIANA JONES 4	kl. 8	12
THE BANK JOB	kl. 10:20	16

SELFOSS		
MAMMA MÍA	kl. 3 - 5:40 - 8 - 10:20	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6	L
HANCOCK	kl. 8	12
THE BANK JOB	kl. 10:20	16

AKUREYRI		
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6 - 8	L
DECEPTION	kl. 8 - 10	12
NARNIA 2	kl. 2 - 5	7
WANTED	kl. 10	12

KEFLAVÍK		
HELLBOY 2	kl. 8 - 10:20	12
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6	L
MAMMA MÍA	kl. 5 - 8	L
MEET DAVE	kl. 2	7
BIG STAN	kl. 10:20	12

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

Sími: 553 2075 — LAUGARÁS BÍÓ — - bara lúxus — Ódýrt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ 500kr. á fyrstu sýningar dagsins

SparBíó 550kr
laugardag og sunnudag
SAMBÍÓIN SAMbio.is

KUNG FU PANDA
kl. 1:30 í Álfabakka með íslensku og kl. 2 með ensku tali
kl. 2 í Kringlunni með íslensku tali
kl. 2 á Selfossi, Akureyri og í Keflavík með íslensku tali

MAMMA MIA
kl. 1:30 í Álfabakka
kl. 3 á Selfossi

MEET DAVE
kl. 2 í Kringlunni
og í Keflavík

NARNIA 2
kl. 2 í Álf., Akureyri og í Kringlunni

TILBOÐSVERÐ — SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI

RISA MARKAÐUR



Í LAUGARDALSHÖLLINNI

FRISSI FRÍSKI

FYRIR BÖRNIN
*meðan birgðir endast

VERÐ FRÁ KR. 99

TÓNLIST

Íslensk tónlist - erlend tónlist

klassík - jazz - DVD tónlist

Þúsundir titla í boði

TÖLVULEIKIR

Leikir á allar leikjarvélar
PC - Playstation 2 - PSP - Xbox - Nintendo

VERÐ FRÁ KR. 999

Nóg af bílastæðum

DVD MYNDIR

VERÐ FRÁ KR. 199

NÝTT KORTA-TÍMABIL

OPIÐ 11 - 19 ALLA DAGA VIKUNNAR

> Ólöf komst í gegnum niðurskurð

Ólöf María Jónsdóttir, atvinnukylfingur úr Keili, komst auðveldlega í gegnum niðurskurð í gær á Opna ítalska BMW-mótinu sem fram fer í Toskana héraði á Ítalíu þessa dagana. Ólöf María lék fyrsta hringinn í fyrradag á 73 höggum en bætti um betur í gær þegar hún lék á 72 höggum og er sem stendur í 21.-25. sæti þegar keppnin á mótinu er hálfnuð. Mótið er liður í Evrópumótaröðinni og þar er Ólöf María í 130. sæti á peningalistanum en hún þarf að vera í einu að 90 efstu sætunum á þeim lista til þess að halda keppnisréttinum á næsta tímabili Evrópumótaraðarinnar.

sport
sport@frettabladid.is

LANDSBANKADEILD KARLA: KEFLVÍKINGAR OG VALSMENN HEFJA SEINNI UMFERÐINA Í DAG KL. 14

Valur á harma að hefna gegn Keflavík

Fyrsti leikurinn í seinni umferð Landsbankadeildar karla í fótbolta fer fram í dag þegar topplið Keflavíkur heimsækir Íslandsmeistara Vals á Vodafone-völlinn á Hlíðarenda og hefst leikurinn kl. 14.00. Keflvíkingar komu flestum á óvart með því að skella Valsmönnum 5-3 í fyrstu umferð Íslandsmótsins á Sparisjóðsvellinum en Íslandsmeistararnir höfðu vart stigið feilspor á öllu undirbúningstímabilinu. Guðmundur Steinarsson, fyrirliði Keflvíkinga, er hvergi banginn fyrir leikinn í dag og telur að Keflvíkingar þurfi bara að einbeita sér að þeim hlutum sem liðið hefur verið að vinna í undanfarið.

„Ég veit að Valsmenn koma alveg dýrvitlausir í þennan leik og vilja eflaust launa okkur lambið gráa, en við verðum bara að einbeita okkur að okkur sjálfum. Það hefur sýnt sig að þegar Keflavíkurliðið er að leika sem ein liðsheild, þá náum við árangri og ef við ætlum að fá eitthvað út úr þessum leik þá verðum við að standa saman sem eitt lið," sagði Guðmundur sem er ánægður með hvernig deildin er að þróast í sumar.

„Það virðist vera þannig að liðin sem þora að sækja og koma í leikina til þess að skora mörk og vinna að þeim gengur vel og það er jákvæð þróun," sagði Guðmundur.

Húsvíkingurinn Pálmi Rafn Pálmason, miðjumaður Vals, leikur kveðjuleik með Hlíðarendaliðinu í dag þar sem hann er á leiðinni til norska liðsins Stabæk og hann vill vitanlega enda á sigri.

„Ég ætla að gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að enda þetta á sigri. Við brotlentum líka harkalega í Keflavík í fyrstu umferðinni þannig að við eigum harma að hefna gegn þeim. Það hefur ef til vill ekki farið mikið fyrir okkur í sumar en leikur okkar hefur verið að lagast jafnt og þétt og við erum bara í ágætri stöðu til þess að gera atlögu að toppbaráttunni," sagði Pálmi.

ÚRSLIT

Vináttulandsleikur í handb.

Ísland-Spánn 34-35 (16-16)

Mörk Íslands (skot): Snorri Steinn Guðjónsson 8/5 (13/5), Róbert Gunnarsson 5 (5), Arnór Atlason 5 (9), Ásgeir Örn Hallgrímsson 4 (5), Guðjón Valur Sigurðsson 4 (6), Logi Geirsson 3 (7), Ólafur Stefánsson 2 (3), Alexander Petterson 2 (5), Sigfús Sigurðsson 1 (1).
Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 21/4 (53/8 39,6%), Hreiðar Guðmundsson 1/1 (4/2 25%)

Hraðaupphlaup: 11 (Guðjón 4, Logi 2, Ásgeir 2, Arnór, Sigfús, Alexander)
Fiskuð víti: 5 (Snorri, Arnór, Guðjón, Róbert, Sverre)
Utan vallar: 8 mínútur

Mörk Spáns (skot): Juan Garcia 6/2 (9/3), Cristian Malmagro 5/2 (6/2), Carlos Prieto 4 (6), Alberto Entrerrios 3 (3), Iker Romero 3 (5/1), Victor Tomas 3/1 (4/2), Albert Rocas 3 (4/1), Ion Belaustegui 2 (4), David Davis 2 (5), Demetrio Lozano 2 (1), Ruben Garabaua 1 (3), Carlos Ruesga 1 (4/1),
Varin skot: Jose Javier Hombrados Ibanez 15 (47/4 31,9%), David Barrufet Bofill (1/1 0%)

Hraðaupphlaup: 10 (Prieto 2, Davis 2, Garcia 2, Rocas 2, Tomas, Lozano)
Fiskuð víti: 10 (Prieto 4, A. Entrerrios 3, Romero, Rocas, Garabaua)
Utan vallar: 10 mínútur

Naumt tap gegn sterkum Spánverjum

Slakur lokasprettur varð þess valdandi að íslenska landsliðið beið eins marks ósigur, 34-35, gegn öflugu liði Spánverja í fyrsta leik sínum í undirbúningi fyrir Ólympíuleikana í Peking. Liðin mætast á nýjan leik í dag.

HANDBOLTI Ísland beið lægri hlut gegn Spáni, 34-35, í vináttulandsleik í Vodafone höllinni að Hlíðarenda í gærkvöldi í spennandi leik.

Spánverjar byrjuðu betur og komust í 5-1 á fyrstu fimm mínútunum. Íslenska liðið vaknaði þá til lífsins, besti maður Íslands í leiknum Björgvin Gústavsson fór að verja og liðið náði að jafna metin fyrir leikhlé, 16-16.

Ísland hélt uppteknum hætti framan af síðari hálfleik og náði mest þriggja marka forystu, 23-20, og 25-22 þegar korter var eftir af leiknum. Þá fór að hægjast á sóknarleik íslenska liðsins og Spánverjar jöfnuðu metin, 32-32, þegar þrjár mínútur voru eftir.

Endaspretturinn var æsispennandi en Spánverjar höfðu að lokum betur, 35-34. Mörg batamerki var að sjá á leik Íslands frá því í umspili HM gegn Makedóníu og greinilegt að æfingar liðsins eru að skila sér.

Björgvin Gústavsson fór á kostum í markinu og var maður leiksins. Hann varði ófá dauðafæri auk þess að verja þrjú vítaköst á fyrstu sjö mínútum síðari hálfleiks en Spánverjar áttu greiða leið á vítapunktinn í leiknum.

Björgvin segist lítið velta því fyrir sér hvort hann verði valinn í lokahópinn sem fer til Peking en hann segist vera í toppformi.

„Ég er allur að komast á flug. Ég var úti með þýska liðinu mínu í Hong Kong þar sem við spiluðum fimm leiki og ég er með ákveðið forskot að vera í mjög góðri leikæfingu."

„Spánverjar eru með hrikalega sterkt lið. Við erum að púsla okkur saman og það var margt gott í leiknum sem við getum unnið á en það eru líka nokkur atriði sem við getum lagað sem er gott að eiga inni," sagði Björgvin um leik Íslands gegn Spáni. **-gmi**

HARÐFYLGI Snorri Steinn Guðjónsson stekkur hér upp og lætur vaða að marki Spánverja og skorar eitt af átta mörkum sínum í vináttulandsleik þjóðanna í Vodafone-höllinni í gærkvöld. Spánverjar fóru að lokum með sigur af hólmi 34-35. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Landsliðsmaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson er á leiðinni í myndarlegan hóp:

Guðjón í 200 leikja klúbbinn

HANDBOLTI Guðjón Valur Sigurðsson, landsliðsmaður í handknattleik, leikur tímamótaleik gegn Spánverjum í Vodafonehöllinni í dag. Þá verður hann vígður inn í 200 landsleikjaklúbbinn og verður fimmtándi landsliðsmaðurinn í handknattleik til að ná þeim áfanga að leika 200 landsleiki.

Guðjón Valur klæddist landsliðsbúningnum fyrst í leik gegn Ítalíu í Haarlem í Hollandi 15. desember 1999 og hefur hann verið einn af lykilmönnum landsliðsins frá Evrópumóti landsliða í Króatíu 2000. Hann hefur leikið síðustu 64 landsleiki Íslands á tíu stórmótum, eða alla nema tvo fyrstu af sex á EM í Króatíu.

Einar Þorvarðarson, núverandi framkvæmdastjóri HSÍ, var fyrsti leikmaðurinn til að ná 200 landsleikja markinu. Hann lék sinn 200. landsleik gegn Tékkum í Laugardalshöllinni 21. janúar 1989. Á eftir Einari komust þeir Jakob Sigurðsson, 1990, Júlíus Jónasson, 1994, og Valdimar Grímsson, 1995, í 200 leikja klúbbinn.

Guðmundur Hrafnkelsson er sá leikmaður sem hefur leikið flesta landsleiki, eða 396 leiki. Aðeins einn annar leikmaður hefur leikið yfir 300 leiki. Það er Geir Sveinsson, sem lék 328 landsleiki.

Ólafur Stefánsson kemst upp í þriðja sætið á landsleikjalistanum í dag er hann leikur sinn 271. landsleik.

Eins og staðan er í dag eru mestar líkur á að Snorri Steinn Guðjónsson og Róbert Gunnarsson verði næstu leikmennirnir til að komast í 200 leikjaklúbbinn. Snorri Steinn hefur leikið 132 landsleiki og Róbert 130 landsleiki.

- egm

200 LEIKJA MAÐUR Guðjón Valur spilar tímamótalandsleik í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

HANDBOLTALANDSLEIKIR

Hér gefur að líta lista yfir þá leikmenn sem hafa leikið 200 landsleiki eða fleiri. Fyrir aftan leikina eru árin sem viðkomandi var í landsliðinu.

396 (1986-2005)	Guðmundur Hrafnk.
328 (1984-1999)	Geir Sveinsson
270 (1992- 2008)	Ólafur Stefánsson
270 (1984-1999)	Júlíus Jónasson
259 (1985-2000)	Valdimar Grímsson
238 (1980-1992)	Kristján Arason
236 (1983-1992)	Jakob Sigurðsson
236 (1981-1990)	Þorgils Ó Mathiesen
236 (1976-1995)	Sigurður Sveinsson
233 (1990-2005)	Patrekur Jóhannes.
226 (1980-1990)	Einar Þorvarðarson
226 (1980-1990)	Guðmundur Þ. Guð.
217 (1987-1999)	Bjarki Sigurðsson
216 (1992-2005)	Dagur Sigurðsson
199 (1999-2008)	Guðjón V. Sigurðs.

ÚRSLIT

VISA-bikar kvenna í fótbolta

Þór/KA-Breiðablik	0-1
0-1 Sandra Sif Magnúsdóttir (5.).	
Stjarnan-ÍA	2-1
0-1 Olaitan Yusuif, 1-1 Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, 2-1 Edda María Birgisdóttir.	
Fylkir-KR	0-3
0-1 Hrefna Huld Jóhannesdóttir (3.), 0-2 Olga Færseth (13.), 0-3 Hrefna Huld Jóhannesdóttir (81.).	
Valur-Keflavík	2-0
1-0 Dóra María Lárusdóttir (28.) , 2-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (75.).	

ÁNÆGÐUR Lewis Hamilton hafði fulla ástæðu til þess að brosa í gær eftir góðan árangur á æfingum á Hockenheim NORDIC PHOTOS/GETTY

Formúla 1 á Hockenheim:

Hamilton með mikla yfirburði

FORMÚLA 1 Bretinn Lewis Hamilton fór enn og aftur á kostum á æfingum fyrir Þýskalandskappasturinn á Hockenheim brautinn í gær. Hamilton gerði sér lítið fyrir og var með besta tímann á báðum æfingum gærdagsins og hreinlega stakk keppinauta sína af á seinni æfingunni, en Ferrari ökumennirnir Felipe Massa og Kimi Raikkönen komu þar næst á eftir.

„Þetta gekk vel upp hjá okkur og við lentum ekki í neinum vandræðum," sagði Hamilton sem reiknar með harðri samkeppni frá ökumönnum Ferrari um helgina.

„Mér líður vel og er fullur sjálfstrausts og við hjá McLaren höfum alla burði til þess að gera vel en ég veit að Ferrari ökumennirnir eiga eftir að veita okkur harða samkeppni," sagi Hamilton.

Síðasta æfing og tímataka fyrir Þýskalandskappaksturinn verða í dag og þá kemur í ljós hver verður á ráspól á morgun. - óþ

HVÍTI HÁKARLINN Greg Norman er að leika frábært golf á Opna-breska og er sem stendur í 2. sæti. NORDIC PHOTOS/GETTY

Opna-breska í golfi:

Norman heldur sínu striki

GOLF Ástralinn Greg Norman eða „Hvíti hákarlinn", eins og hann er gjarnan kallaður, hélt sínu striki á öðrum degi á Opna-breska í golfi í gær. Hinn 53 ára gamli kom mörgum á óvart með því að leiða mótið eftir fyrsta keppnisdag þegar hann lék á 70 höggum en hann lék aftur á 70 höggum í gær og er sem stendur í öðru sæti.

Norman getur orðið sá elsti til þess að vinna á Opna-breska en hann hefur tvisvar sinnum unnið það, síðast fyrir 15 árum.

Kóreumaðurinn KJ Choi er efstur sem stendur á einu höggi undir pari en hann lék á þremur höggum undir pari í gær.

Þekktir kylfingar á borð við Vjay Singh og John Daly náðu ekki niðurskurðinum í gær. - óþ

Leikið var í 8-liða úrslitum VISA-bikars kvenna í gær þar sem Valur, Stjarnan, Breiðablik og KR komust áfram:

Sigur Valsstúlkna var aldrei í hættu

FÓTBOLTI Valsstúlkur eru komnar í undanúrslit VISA-bikars kvenna eftir öruggan 2-0 sigur gegn Keflavík. Sigurinn var aldrei í hættu þrátt fyrir að Valsstúlkur væru langt frá sínu besta í leiknum.

Fyrri hálfleikur var eign Valskvenna að öllu leiti. Gestirnir frá Keflavík lágu mjög aftarlega á vellinum og freistuðu þess að beita hröðum skyndisóknum. Hálfleikurinn fór að mestu fram á vallarhelmingi gestana þar sem Valsstúlkur voru í stöðugri sókn þar sem Dóra María Lárusdóttir var allt í öllu. Allar sóknir Vals fóru upp hægri kantinn og mikil hætta skapaðist af fyrirgjöfum Dóru . Þrátt fyrir mikla yfirburði gekk heimastúlkum afar illa að brjóta ísinn. Valstúlkur skoruðu fyrsta mark leiksins eftir tæpan hálftíma en þá hafði Dóra María Lárusdóttir brugðið sér yfir á vinstri kantinn. Eftir harða sókn barst boltinn rétt út fyrir vítateig þar sem Dóra lét skotið vaða, það fór af varnarmanni og sveif yfir Jelenu í marki Keflavíkur. Það sem eftir lifði hálfleiksins var sama staða, linnulaus Valssókn sem skilaði þó ekki marki og staðan í hálfleik því 1-0 fyrir Val.

Framan af seinni hálfleik gerðist fátt markvert en yfirburðir Vals á vellinum voru miklir, það var eins og leikmenn Keflavíkur tryðu því ekki að þær gætu jafnað. Valsstúlkur óðu í færum en það vantaði bara að klára þau með góðu skoti. Það virkaði eins og einbeitingarleysi væri í gangi hjá Val um tíma. Valsstúlkur náðu að bæta við öðru marki eftir 75 mínútur, eða hálftíma leik alveg eins og í fyrri hálfleik. Í þetta skiptið var það Margrét Lára Viðarsdóttir sem skoraði. Eftir hornspyrnu fékk hún boltann á vítateigshorninu og lét skotið vaða efst í markvinkilinn nær, stórglæsilegt mark þar. Eftir þetta reyndi Keflavík að sækja án þess að það skilaði neinum færum en Valsstúlkur héldu sínu og kláruðu leikinn og tryggðu sér verðskuldað sæti í undanúrslitum VISA-bikars kvenna.

Freyr Alexandersson þjálfari var ekki alls kostar sáttur í leikslok:

„Það er gott að vera kominn í undanúrslit bikars. Í hreinskilni var þetta leiðinlegur leikur og ekkert sem gekk almennilega upp í okkar leik. Við þjálfararnir vorum ekki nógu ánægðir með leik liðsins en erum á móti þeim mun sáttari með sigur í þessum leik. Í dag virkaði eins og leikmenn væru mættir með hálfum huga til leiks og að það nægði til sigurs og það segir kannski meira til um styrkleika liðsins en margt annað. Kannski klikkaði eitthvað í undirbúningi fyrir leikinn sem skýrir frammistöðuna í kvöld en sigur er sigur og við erum í undanúrslitum í bikarnum," sagði Freyr Alexandersson að lokum við Fréttablaðið.

- rv

FÖGNUÐUR Valsstúlkur fagna hér einu af mörkum sínum gegn Keflavík í 8-liða úrslitum VISA-bikarsins á Vodafone-vellinum í gærkvöld. Valur, Breiðablik, Stjarnan og KR eru komin áfram í undanúrslit keppninnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

dagskrá

> Sacha Baron Cohen

„Ég er ekki að gera grín að Kasakstan. Ég er fyrst og fremst að gera grín að fólki sem kaupir það að Kasakstan sé eins og ég lýsi því í myndinni.“ Cohen leikur Borat í myndinni „Borat: Cultural Learnings of America for Make Benefit Glorious Nation of Kazakhstan“ sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR VEIT EKKI HVORT AÐ GRÍN ENDIST

Voru Harry og Heimir tímalaus snilld?

Ég er nokkuð viss um að það hafi ekki komið fyrir mig, en í minningunni á ég góðar stundir sem barn að hlusta á útvarpsleikhúsið. Hvort sem það er mín minning eða einhver sem ég hef stolið og gert að minni finnst mér tilhugsunin alltaf svolítið notaleg. Eins og að horfa á eldglæður í arni eða hlusta á Joplin meðan ég lærði að reima skóna mína. Eitt er víst að ég man eftir Harry og Heimi. Þvílík gleði að hlusta á morð og spennuþætti uppfulla af orðagríni og undarlegum hljóðum! Ég var reyndar svo ung að ég bar eiginlega ekki kennsl á það hvort að þættirnir voru í raun spennandi en mér ‚fannst þeir fyndnir, sem og öðrum á heimili mínu. Þannig held ég að hver landsmaður hugsi til síns grínþáttar, sem einhvers konar fánabera betri tíma. Glansmynd í rauðum bjarma. Eftir fráfall Spaugstofunnar (og dauðateygjur í fleiri ár) er kominn tími nýrra spaugara og á hver sitt uppáhald. Fóstbræður og Radíusbræður lifa í rómaðri minningu meðan nýrri þættir eiga enn eftir að sanna gildi sitt í samhengi tímans. Varla finnst sá maður sem ekki naut Næturvaktarinnar og beðið er með eftirvæntingu eftir spaugi haustsins. (Engin þessara þáttaraða hefur verið jafn langlíf og Spaugstofan og líklega þess vegna sem enn er hugsað hlýlega til þeirra.) Grínþáttum í útvarpi fer hins vegar fækkandi. Hverjir eru Tvíhöfði dagsins í dag? Hvað gæti jafnast á við útvarpsþáttinn Ólaf á Mono? Og hvernig tengist það Harry og Heimi? Jú. Mín spurning er sú: Er til grín sem stenst tímans tönn? Þætti mér Harry og Heimir ennþá fyndnir í dag? Eða er þetta bara nostalgía í sinni hreinustu mynd? Myndi ég hlæja af vananum einum saman? Eitt er víst að gamlar myndir eru alltaf betri í minningunni og maður veit ekki hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Harry og Heimir koma líklegast ekki aftur og kannski er það bara best þannig.

SPAUGSTOFUMENN VORU SVO GÓÐIR
Alltént í barnaminningunni.

EKKI MISSA AF

▶ **13.45 Valur - Keflavík beint**
STÖÐ 2 SPORT

▶ **19.35 Entourage**
STÖÐ 2 EXTRA

▶ **19.35 Life is Ruff** STÖÐ 2

▶ **20.05 Bergmálsströnd (Echo Beach)** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.35 Eureka** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Gurra grís, Lítil prinsessa, Herramenn, Snillingarnir, Bitte nú!, Pip og Panik, Skúli skelfir, Hrúturinn Hreinn og Leyniþátturinn.

10.00 Opna breska meistaramótið í golfi Bein útsending frá 137. opna breska meistaramótinu í golfi sem fram fer á Birkdale-vellinum á Englandi.

18.25 Bikarkeppni kvenna í fótbolta Sýnt úr leikjum í átta liða úrslitum kvenna í VISA bikarkeppni KSÍ.

18.40 Táknmálsfréttir

18.54 Lottó

19.00 Fréttir

19.35 Veður

19.40 Sápugerðin (Moving Wallpaper) Leikin bresk gamanþáttaröð um framleiðslu sápuóperunnar Bergmálsstrandar sem sýnd er á eftir þættinum.

▶**20.05 Bergmálsströnd** (Echo Beach) (7:12) Bresk sápuópera um Susan og Daniel, fyrrverandi kærustupar í strandbænum Polnarren á Cornwall-skaga.

20.30 Maður ársins (Man of the Year) Bandarísk bíómynd frá 2006. Aðalhlutverk: Robin Williams, Christopher Walken og Laura Linney.

22.25 Á reki (Open Water 2: Adrift) Spennumynd frá 2006. Gömul skólasystkini í siglingu stinga sér til sunds en komast ekki aftur upp í bátinn þar sem ungbarn var skilið eftir eitt. Aðalhlutverk: Susan May Pratt, Richard Speight Jr. og Niklaus Lange.

00.10 Samningamaðurinn (Hostage Negotiator) (e)

01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Barbershop 2. Back in Buisness

10.00 Glory Road

12.00 The Producers

14.10 Barbershop 2. Back in Buisness

16.00 Glory Road

18.00 The Producers

20.10 Borat. Cultural Learnigs of American.... Borat ferðast frá sínu ástkæra heimalandi Kazakhstan til Bandaríkjanna til þess að kynnast menningu þar í landi.

22.00 16 Blocks

00.00 The Rock

02.15 Crimson Rivers 2. Angels of the Apocalypse

04.00 16 Blocks

06.00 Spin

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Krakkarnir í næsta húsi, Gordon Garðálfur, Hlaupin, Funky Valley og Refurinn Pablo.

08.00 Algjör Sveppi Sveppi vaknar allar helgar klukkan átta og sýnir börnunum teiknimyndir með íslensku tali.

09.25 Ben 10

09.50 Íkornastrákurinn

10.15 Rasmus fer á flakk

12.00 Hádegisfréttir

12.30 Bold and the Beautiful

12.50 Bold and the Beautiful

13.10 Bold and the Beautiful

13.30 Bold and the Beautiful

13.50 Bold and the Beautiful

14.15 So you Think you Can Dance

15.45 Tekinn 2 (3:14)

16.15 The Moment of Truth (3:25)

17.05 Curb Your Enthusiasm (8:10)

17.35 Two and a Half Men (11:24)

18.00 Sjáðu

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.49 Íþróttir

18.55 Lottó

19.01 Veður

19.10 Creature Comforts (7:7) Þættir frá höfundum Wallace og Gromit þar sem hin skrautlegustu dýr eru í aðalhlutverkum.

▶**19.35 Life is Ruff** Hugljúf og skemmtileg Disney-mynd um ungan eigingjarnan strák sem lærir að hugsa um annað en sjálfan sig þegar hann vingast við hund.

21.00 Code Breakers Sannsöguleg og áhrifarík kvikmynd um alvarlegt hneyksli sem átti sér stað í virtasta herskóla Bandaríkjanna West Point árið 1951. Þá urðu nokkrir fyrirmynda nemendur, þar á meðal sonur fótboltaþjálfarans, uppvísir að stórfelldu svindli sem átti eftir að draga dilk á eftir sér.

22.25 Irresistible Sálfræðitryllir um húsmóður sem verður heltekin af þeirri hugsun að gullfalleg samstarfskona eiginmannsins hafi í hyggju að ræna honum og börnum þeirra frá henni. Aðalhlutverk: Suran Sarandon og Sam Neill.

00.05 Intermission

01.50 Searching For David's Heart

03.15 Out of Time

05.00 Two and a Half Men (11:24)

05.20 Curb Your Enthusiasm (8:10)

05.50 Fréttir

SPORT *besta sætið*

08.55 Formúla 1 2008 Bein útsending frá lokaæfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Þýskalandi.

10.05 Inside the PGA

10.35 F1. Við rásmarkið Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum.

11.15 Formula 3 Formúla 3 kappaksturinn í Thruxton.

11.45 Formúla 1 2008 Bein útsending frá tímatökunni fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Þýskalandi.

13.20 Arnold Schwarzenegger mótið

▶**13.45 Landsbankadeildin 2008** Valur - Keflavík. Bein útsending.

16.00 Sumarmótin 2008 Sýnt frá Símamótinu.

16.50 Landsbankadeildin 2008 Umferðir 1-11 gerðar upp í Landsbankadeild karla.

17.55 World's Strongest Man 1989

18.55 Michael Owen

19.50 Augusta Masters Official Film

20.45 Formúla 1 2008 Tímataka

22.20 Landsbankadeildin 2008 Valur - Keflavík

00.10 Box Felix Trinidad - Roy Jones Jr.

SPORT 2

13.25 Vodacom Challange í Suður Afríku Bein útsending frá leik Kaizer Chiefs og Man. Utd í æfingarmóti í Suður Afríku.

15.25 Bestu leikirnir Sunderland - Man. Utd.

17.05 10 Bestu - Ásgeir Sigurvinsson

17.55 Goals of the season Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

18.50 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

19.20 Vodacom Challange í Suður Afríku Útsending frá leik Kaizer Chiefs og Man. Utd.

21.00 PL Classic Matches Tottenham - Manchester Utd. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

21.30 PL Classic Matches Liverpool - Newcastle, 95/96.

22.00 Bestu leikirnir Sunderland - Man. Utd.

23.40 Vodacom Challange í Suður Afríku Útsending frá leik Kaizer Chiefs og Man. Utd.

SKJÁREINN

09.50 Vörutorg

10.50 Rachael Ray (e)

14.35 Kimora. Life in the Fab Lane (e)

15.00 Hey Paula (e)

15.25 Top Chef (e)

16.15 Are You Smarter than a 5th Grader? (e)

17.05 Kid Nation - lokaþáttur (e)

17.55 Top Gear (e)

18.55 Life is Wild (e)

19.45 Everybody Hates Chris (e)

20.10 The King of Queens Doug reynir að lúmska aðferð til að fá Carrie til að fara í brjóstastækkun og Arthur er ekki sáttur við útlitið. (e)

▶**20.35 Eureka** Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Fargo finnur upp tæki sem brúar bilið milli mannsheilans og tölvu. Allt fer þó úr böndunum og Jack Carter þarf að bjarga málunum. (e)

21.25 The Evidence Bandarísk sakamálasería þar sem Anita Briem leikur eitt aðalhlutverkanna. Nýgiftur maður deyr af slysförum og ekkja hans kemst að því að hann átti stórt leyndarmál sem yfir upp gömul sár hjá dr. Goldman. (e)

22.15 Bang Bang You're Dead Sjónvarpsmynd frá árinu 2002 sem byggð er á samnefndu leikriti eftir William Mastrosimone. Myndin fjallar um unglingspilt sem er utanveltu í lífinu og á barmi þess að fremja voðaverk í skólanum sínum. Einn kennari hefur þó trú á honum og fær hann til að leika í umdeildu leikriti um skotárás í skóla. Aðalhlutverkin leika Thomas Cavanagh, Ben Foster og Janel Maloney.

23.50 All Over The Guy (e)

01.25 Crime of Passion (e)

03.00 Criss Angel Mindfreak (e)

03.25 The Eleventh Hour (e)

04.15 Jay Leno (e)

05.05 Vörutorg

06.05 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku. Endurtekið á klst. fresti.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00
16 Blocks

Hörkuspennandi hasarmynd þar sem saman koma Die Hard-stjarnan Bruce Willis og leikstjóri Lethal Weapon-myndanna, Richard Donner. Willis leikur miðaldra óreglusama löggu sem fær það hvimleiða verkefni að fylgja óþolandi og símasandi vitni úr varðhaldi í dómshúsið. Það sem í fyrstu virðist auðleyst verkefni verður brátt hið erfiðasta þegar reynt er að koma í veg fyrir að vitnið komist á leiðarenda.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Maður ársins

SJÓNVARPIÐ KL. 20.30

Tom Dobbs er grínari sem stjórnar umræðuþætti um stjórnmál í sjónvarpi. Hann býður sig fram sem óháður frambjóðandi í forsetakosningum og sigrar naumlega. Vandinn er hins vegar sá að það var bilun í tölvubúnaði sem olli því að hann var kjörinn. Framleiðandi tölvubúnaðarins vill fyrir alla muni halda því leyndu til að verja gengi fyrirtækisins á hlutabréfamarkaði en einn forritaranna vill að Dobbs fái að vita sannleikann í málinu.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
08.05 Út um víðan völl
09.03 Sólarglingur
10.05 Veðurfregnir
10.15 Mánafjöll
11.00 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Á sporbraut
14.00 Umhverfis jörðina
15.00 Tímakorn
15.40 Með laugardagskaffinu
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Frá Orkneyjum og Hjaltlandi
17.05 Brjóstdropar
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Betri stofan
19.00 Bravó, bravó!
20.00 Sögur af sjó og landi
21.00 Látún
21.45 Náttúrupistill
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Í lestarferð um japanskar bókmenntir
23.10 Villtir strengir og vangadans
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
16.25 Hollyoaks
16.50 Hollyoaks
17.15 Hollyoaks
17.40 Hollyoaks
18.05 Talk Show With Spike Feresten (19:22) Spike Feresten fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood sem taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki ansi langt úti.
▶**19.35 Entourage** (15:20) verðlaunaþættir eru lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlbergs í bíóborginni. Raunalegt framapot Vincents og félaga í Hollywood heldur áfram. Eins og komið hefur á daginn er leiðin á toppinn bæði skrykkjótt og brött.
20.00 So you Think you Can Dance (4:23) Dansæðið er hafið á ný. Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
21.25 The Class (15:19) Gamanþáttur þar sem við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í 20 ár.
21.50 Talk Show With Spike Feresten (19:22)
22.15 Entourage (15:20)
22.40 So you Think you Can Dance
00.05 The Class (15:19)
00.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

BBC PRIME

10.00 The Weakest Link **11.00** Ballykissangel **12.00** Ballykissangel **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Only Fools and Horses **14.00** Only Fools and Horses **14.30** Only Fools and Horses **15.00** Only Fools and Horses **15.30** Only Fools and Horses **16.00** Only Fools and Horses **16.30** Only Fools and Horses **17.00** Doctor Who **17.45** Doctor Who Confidential **18.00** Doctor Who **19.00** Only Fools and Horses **19.30** Only Fools and Horses **20.00** Only Fools and Horses **20.30** Only Fools and Horses **21.00** Only Fools and Horses **21.30** Only Fools and Horses **22.00** Doctor Who **22.45** Doctor Who Confidential **23.00** Doctor Who **0.00** Only Fools and Horses

DR 1

10.00 Parasitterne **12.00** Det lille hus på prærien **12.45** Kær på tur **13.15** Hun så et mord **14.40** Sommerminder **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Ellas to steder **15.50** Laban det lille spøgelse **16.00** Blandt vilde dyr og bleskift **16.30** TV Avisen med vejret **17.15** Hold masken **17.45** Aftentour 2008 **18.10** Robin Hood **18.55** Agent 007 jages **20.45** Columbo: Mord, røg og skygger **22.15** Speedway: Hold VM finale

NRK 1

8.55 Norge rundt jukeboks **9.55** Dansefot jukeboks **10.55** Du skal høre mye jukeboks **11.55** Norsk på norsk jukeboks **12.55** Country jukeboks **14.00** Friidrett: Golden League fra Paris **16.00** Barnas supershow **16.30** Underbuksepiratene **16.35** Eventyr på hesteryggen **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** Etter at du dro **18.10** Retro **19.10** Sjukehuset i Aidensfield **20.00** Olympisk mester i doping **20.50** Komiprisen 2008: Årets morsomste **21.00** Kveldsnytt **21.15** NM friidrett **21.40** Lovens bøddel **23.45** Dansefot jukeboks med chat

SVT 1

9.00 Karamelli **9.30** Fieteri 1**0.50** Packat & klart sommar **11.20** Uppdrag granskning - sommarspecial **12.20** Allsång på Skansen **13.20** Berlinfilharmonikerna på Waldbühne **15.05** Tre kärlekar **16.00** Lenny och Knirp **16.05** Disneydags **17.00** Barnen på Luna **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Minnenas television 1**9.00** Kriminaljouren **19.45** De stora krigarna **20.35** Rapport **20.40** Star 80 **22.20** Rose och Maloney **23.10** Sändningar från SVT24



PERSÓNAN

Hrafnhildur Helgadóttir

Aldur: 21 árs.
Starf: myndlistarnemi og listamaður.
Fjölskylda: Ógift og barnlaus en á kærasta.
Foreldrar: María Baldursdóttir sem vinnur hjá Kaupþing Líf og Helgi Helgason, vinnur hjá Vern Holding.
Búseta: Amsterdam.
Stjörnumerki: Tvíburi

Hrafnhildur opnaði í gær listasýningu í Gallerí Íbíza Bunker.

Sigurður Kári gengur í það heilaga

„Það verður eflaust mikið um ræðuhöld, glens og gaman, allavega ætla ég að halda ræðu," segir handboltakonan og sálfræðingurinn Hafrún Kristjánsdóttir, en hún er systir Sigurðar Kára Kristjánssonar lögfræðings og alþingismanns Sjálfstæðisflokksins.

Sigurður Kári mun ganga að eiga Birnu Bragadóttur í Dómkirkjunni í Reykjavík í dag, en Birna hefur starfað sem flugfreyja hjá Icelandair um árabil og stundar MBA-nám við Háskólann í Reykjavík. Parið kynntist árið 2005 í gegnum sameiginlega vini sem munu einmitt verða í hlutverki veislustjóra í Ásmundarsal í dag.

„Rúnar Freyr Gíslason leikari er einn besti vinur Sigurðar Kára og Selma Björnsdóttir söngkona er ein besta vinkona Birnu, svo það var tilvalið að parið tæki að sér veislustjórnina," útskýrir Hafrún og segir mikla leynd hvíla yfir því hver muni flytja tónlistaratriði í athöfninni.

„Það er algjört leyndarmál hver mun syngja í kirkjunni. Stefán Hilmarsson er góður vinur Sigurðar Kára svo það gæti verið hann, en annars veit enginn hver eða hverjir það koma til með að verða," segir Hafrún að lokum, spennt fyrir brúðkaupinu.

- ag

GIFTA SIG Í DAG Sigurður Kári Kristjánsson gengur að eiga Birnu Bragadóttur í Dómkirkjunni í dag, en brúðkaupinu verður fagnað í Ásmundarsal undir veislustjórn hjónanna Rúnars Freys Gíslasonar leikara og Selmu Björnsdóttur söngkonu.

SÉR Á HÚSINU Íkveikjan hefði getað farið töluvert verr ef Ófeigur hefði ekki vaknað fyrir tilviljun um miðja nótt og þannig getað komið í veg fyrir útbreiðslu eldsins. Fjölskyldan sefur á efri hæðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÓFEIGUR BJÖRNSSON: STÓÐ UNDIR NAFNI ÞEGAR KVEIKT VAR Í HÚSINU

Ófeigur gullsmiður kom í veg fyrir bruna og stórtjón

„Hefði ég ekki vaknað fyrir tilviljun á þessum tíma hefði getað kviknað í húsinu," segir Ófeigur Björnsson, gullsmiður á Skólavörðustíg, sem varð fyrir þeirri óskemmtilegu upplifun í vikunni að kveikt var í við hús hans á Skólavörðustígnum á meðan fjölskyldan svaf á efri hæðinni. Ófeigur stóð svo sannarlega undir nafni og kom snarlega í veg fyrir að eldurinn gæti breiðst út.

„Þetta gerðist núna aðfaranótt fimmtudagsins. Ég vaknaði klukkan fjögur og þurfti að fara fram á klósett. Ég fann reykjarlykt og fann að hún barst utan frá. Þá stóð blómapotturinn fyrir utan verslunina í ljósum logum," útskýrir Ófeigur, sem býr í sama húsi og verslun hans og listhús eru til húsa og hefur gert síðastliðin sautján ár. Hann dreif sig samstundis út og reif pottinn niður af veggnum, þar sem hann hangir í grind. „Grindurnar eru utan á húsunum með blómapottum til að gleðja borgarana. Pottarnir eru fóðraðir að innan með einhverjum hampi sem virðist vera mjög eldfimur," segir Ófeigur.

Hann segir það ekki fara á milli mála að þarna sé um íkveikju að ræða. Litlu mátti muna að illa færi, því hús Ófeigs er timburhús frá árinu 1881. „Ég er með verslun á neðri hæðinni, og sýningarsal og íbúð á efri hæðinni. Það hefði kviknað fyrst í sýningarsalnum, það er timburloft þarna sem nær aðeins út yfir götuna og potturinn var undir því," útskýrir Ófeigur. Hann komst síðar að því að einnig hafði verið kveikt í blómapotti fyrir utan kaffihúsið Mokka þessa sömu nótt, en sá eldur dó út af sjálfu sér. „Svo sá ég að á milli mín og Mokka hafði verið sett veggjakrot neðst á vegginn. Það hefur verið úðað í gegnum svona skapalón, og þar stendur Mermaid. Kannski hafa þetta verið sömu aðilar," segir Ófeigur, sem tengir íkveikjuna þó ekki á nokkurn hátt þeirri neikvæðu umræðu um miðbæinn sem hefur farið hátt upp á síðkastið.

„Ég held að þetta sé því ekkert viðkomandi, og þetta neikvæða umtal á ekkert við um Skólavörðustíginn. Það er nánast ekkert veggjakrot hérna og fólk ber virðingu fyrir Skólavörðustígnum. Þetta hefði getað gerst hvar sem er, og það er enginn nema einhver ógæfumaður sem gerir svona," segir Ófeigur. Málið er í rannsókn.

sunna@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Áður en **Lofti Atla Eiríkssyni**, fráfarandi ritstjóra Séð og heyrt, var gert að hreinsa til á skrifborði sínu höfðu yfirboðarar hans hjá Birtingi lagt fyrir hann tilboð um að taka að sér annað starf. Það sem Loftur Atli vissi hins vegar ekki var að ef hann myndi ekki þiggja það, þá yrði reisupassanum lyft á loft. Þrátt fyrir hærri laun afþakkaði Loftur Atli starfið, enda var það ekki eitthvað sem kveikti í honum í samanburði við það að vera ritstjóri Séð og heyrt. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun starfið sem Lofti stóð til boða vera fréttastjórastaða á DV. Hvort það hafi átt að vera við hlið **Brynjólfs Þórs Guðmundssonar** eða í stað hans fylgir hins vegar ekki sögunni.

Bryndís Jakobsdóttir, Dísa, er nú á tónleikaferð um Ísland. Ný plata hennar hefur fengið afbragðs dóma en sjálf er hún lítillætið uppmálað í viðtali við Föstudagsblað Fréttablaðsins og segist hafa verið sannfærð um að platan yrði skotin í kaf af grimmum krítíkerum. Dísa nýtur þess að eiga einhvern mesta foringja íslenska tónlistarbransans fyrir föður, eða **Jakob Frímann Magnússon**, en það er þó ekki hann sjálfur sem er að vasast í umboðsmennsku fyrir dóttur sína þótt fáir væru betur til þess fallnir. Hins vegar sá Jakob í hendi sér að ekki dygði einhver veifiskati til þess og fékk hvorki meira né minna en eitt stykki bæjarstjóra til verksins, eða **Grím Atlason** í Búðardal.

- jbg

Lag Simma og Jóa misnotað

„Þetta er misnotkun á laginu," segir Sigmar Vilhjálmsson, betur þekktur sem Simma-hlutinn af Simma og Jóa. Í myndskeiði sem gengur um vefinn youtube.com er farið yfir sögu FL-Group, ris og fall. Undir hljómar lagið Er ekki í sambandi í flutningi Simma og Jóa, en þar er á ferðinni afbökuð útgáfa lagsins Verum í sambandi með Sprengjuhöllinni. „Nei þetta myndband er ekki á okkar vegum. Samsæriskenningar eru ekki hluti af því sem við eyðum tímanum í," segir Simmi.

Textinn er eftir þá Simma og Jóa sjálfa og fjallar um Hannes Smárason. Lagið var samið fyrir rúmu ári en þá var FL-Group á góðu róli og gengi bréfa í fyrirtækinu með hæsta móti. „Við ráðumst ekki á lítilmagnann. Þarna var Hannes Smárason aðalmaðurinn og lagið er ádeila á hans hegðun þegar honum gekk vel," segir Simmi. „Hann var ríkur og var að mæta síðastur á tónleika sem FL-Group var að sponsa og ýmislegt í þeim dúr. Það fylgir því samfélagsleg ábyrgð að eiga nóg af peningum. Persónulega fannst mér Hannes oft haga sér kjánalega." Simmi segir þá Jóa hafa rætt um notkun lagsins í myndbandinu og báðir hafi verið ósáttir við hana, enda vilji þeir ekki tengja sig við samsæriskenningar. „Við ræddum hvort við ættum að taka lagið útaf heimasíðu Bylgunnar en það er ekki rétta leiðin. Lagið var gert og því verður ekki breytt."

- shs

SIMMI OG JÓI Vilja ekki láta tengja sig við FL-Group myndband. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

GANGA.IS
Ungmennafélag Íslands



LÁRÉTT
2. vandræði, **6.** númer, **8.** hamfletta, **9.** mælieining, **11.** samanburðartenging, **12.** vanvirðing, **14.** reiðmaður, **16.** í röð, **17.** niður, **18.** ennþá, **20.** tveir eins, **21.** velta.

LÓÐRÉTT
1. fönn, **3.** frá, **4.** háll, **5.** gæfa, **7.** sútað skinn, **10.** hylur, **13.** blaður, **15.** sjá eftir, **16.** húðpoki, **19.** núna.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. basl, **6.** nr, 8. ffá, **9.** júl, **11.** en, **12.** ósómi, **14.** knapi, **16.** hí, **17.** suð, **18.** enn, **20.** rr, **21.** snúa.
LÓÐRÉTT: 1. snjó, **3.** af, **4.** sleipur, **5.** lán, **7.** rúskinn, **10.** lón, **13.** mas, **15.** iðra, **16.** hes, **19.** nú.

Ethnicraft – Júlítilboð

JÚLÍTILBOÐ

20% AFSLÁTTUR AF ETHNICRAFT-HÚSGÖGNUM

Gerum hús að heimili

TEKK COMPANY

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10-18 OG LAUGARDAGA 10-16

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

FABRIKAN

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

BAKÞANKAR
Gerðar Kristnýjar

Sumar á Hofsósi

Ísland og Ameríka mætast á flotbryggjunni við Hofsána. Þar stika bandarískar smástelpur fram og aftur og segja kátar: „I'm on a catwalk." Þær dilla sér í mjöðmunum eins og fyrirsætur sem aldrei hafa migið í saltan sjó en finnist manni slíka reynslu vanta í ferilskrána býðst tækifærið hér. Þegar þokan leggst yfir Hofsós svo enginn sér handa sinna skil er hægur vandi að laumast út og láta ótrúlegustu drauma rætast. Þessi staður ætti vel heima í einum af þessum bresku sjónvarpsþáttum um ungan prest eða kannski lækni sem snýr aftur í þorpið þar sem hann ólst upp.

HÉR er allt sem þarf; ein kirkja, ein verslun, einn skóli, eitt safn, einn veitingastaður og að minnsta kosti eitt aðkomuskáld. Það er hinn hrímhærði Bill Holm sem talar við ókunnuga eins og hann hafi þekkt þá alla sína ævi og lætur fátt setja sig út af laginu. Að minnsta kosti sér hann ekki ástæðu til að gera hlé á frásögn sinni þegar ég læt Barokkmeistarann eftir Margréti Eggertsdóttur vaða ofan á könguló sem hættir sér yfir stofugólfið. Þegar sögunni lýkur ráðleggur Bill mér þó að sleppa því að fara til Ástralíu, köngulærnar séu öllu fyrirferðarmeiri þar.

BILL er af vestur-íslenskum ættum og sama á við um kanadíska ættfræðinginn Nelson Gerrard sem hefst við í Vesturfarasetrinu. Þar hefur hann sett upp merkilega sýningu á ljósmyndum úr fórum Vestur-Íslendinga. Fermingarbörn, gamalmenni, brúðhjón, ungbörn og hermenn horfa hátíðleg inn í myndavélina og heil ævisaga leynist oft í myndatextum Nelsons. Ég laumast til að spyrja hann hvort einhver ættingja minna hafi flust vestur á sínum tíma. Nelson sest við tölvuna og skrollar svo langt aftur í aldir að undir lokin bera flestir ákaflega vafasöm viðurnefni. Enginn Vestur-Íslendingur finnst þó.

ÁHUGI minn á fjarlægum heimum hefur samt vaknað og ég leggst í bækur um miðla sem sendu framliðna lækna til veikra kvenna. Þeir birtust þeim um nætur og fóru höndum um brjóst þeirra og lær. Allar vöknuðu þær svona líka fjallhressar og algjörlega kommulausar næsta morgun. Litlu fyrir brottför rekst ég á Nelson sem hefur fréttir að færa. Hann hefur fundið skyldmenni mín sem héldu til Vesturheims og þar sem þau voru frá Króksfjarðarnesi tóku þau upp nafnið Crawford. Enn og aftur, Ísland og Ameríka.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 19. júlí, 202. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	3.54	13.34	23.11
Akureyri	13.13	13.19	23.21

Heimild: Almanak Háskólans

ÚTSALA

ATOLL SPORT himnasæng marglitað **290,-** ~~490,-~~

HULDA púðaver 72x72 cm. marglitað **295,-** ~~595,-~~

PLASTIS uppþvottaburstar L24 cm ýmsir litir **95,-/stk** ~~150,-~~

1.990,-

MÄSEN baðsloppur, tvær stærðir S/M & L/XL ýmsir litir **verð pr. stk.** ~~2.990,-~~

SYNTES SKISS skálar 2 stk. Ø 9 H6 cm / Ø 7 H7 cm **150,-.** ~~295,-~~

TINDRA ilmsprittkerti 12 stk. **295,-** ~~495,-~~

VENNY pottaleppar 2 stk. ýmsir litir **295,-** ~~395,-~~

SKÄMT blómavasar H21 cm. ýmsir litir **35-/stk.** ~~95,-~~

MÖRKER vinnulampi H44 cm grænn **295,-** ~~395,-~~

SERVERA bakkar Ø 24 cm ýmsir litir **195,-/stk.** ~~295,-~~

KILAN rúmteppi 280x180 cm blágrænt **2.690,-** ~~3.290,-~~

MÅLA LYSA sjálflýsandi málning 6 stk. ýmsir litir **595,-** ~~795,-~~

ALEXANDRA metravara 150 cm **195,-/m** ~~295,-~~

BÄSTIS tjöld f/gæludýr 48x48x40 cm. ýmsir litir **595,-/stk.** ~~995,-~~

UNNI motta 70x130 cm marglitað **1.290,-** ~~1.690,-~~

HULDA VILSE sængurverasett 150x200/50x60 cm. Rautt/hvítt **1.190,-** ~~1.990,-~~

Opið virka daga 10-20 | laugardaga 10-18 | sunnudaga 12-18 | www.IKEA.is/utsala

IKEA®